

MY NAME IS EARL



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

11. janúar 2006 – 10. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Blómstrandí fatahönnun

Viktória Þóra Jónsdóttir sýndi hönnun móður sinnar í hönnunarsamkeppni Hagkaupa en hún hafnaði í öðru sætið í keppninni.

FÓLK 26-27



Fyrsta og annað farrými

Stjórnendur gera sífellt meiri kröfur um atvinnuöryggi, biðlaun, eftirlaun og öryggi á meðan þeir predika yfir launþegum að gæta hófs í sínum launakröfum, segir Ólafur Hannibalsson.

Í DAG 18




Fyrsti leikurinn undir stjórn Eyjólf

Íslenska landsliðið í knattspyrnu leikur vináttuleik gegn Trinidad og Tóbago í lok febrúar. Leikurinn fer fram á Loftus Road í Lundúnum.

ÍPRÓTTIR 30



VEÐRIÐ Í DAG



STÖKU ÉL HÉR OG HVAR en snjókoma í fyrstu á austanverðu landinu en síðan úrkomulaust og rofar til síðdegis. Frost 0-6 stig, mildast suðaustan til.

VEÐUR 4

Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkíð ...

FYLGR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MARKAÐURINN

FL Group vildi kaupa hlut Straums í Finnair

Íslandsbanki selur nýtt hlutafé fyrir 19 milljarða

Atak gegn vinnuþessum

FL Group vildi kaupa hlut Straums í Finnair

Íslandsbanki selur nýtt hlutafé fyrir 19 milljarða

Atak gegn vinnuþessum

Peningaþvætti fíkniefnasala rannsakað

Lögreglan rannsakar nú meint peningaþvætti fíkniefnasala í Vestmannaeyjum. Fíkniefnasala mannsins hafði staðið yfir árum saman. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þvætti Eyjamaðurinn peninga fyrir höfuðpaur málsins.

FÍKNIEFNAMÁL Maðurinn sem tekinn var með umtalsvert magn fíkniefna í Vestmannaeyjum var, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, hlekkur í keðju eiturlyfjamsferlis.

Í fórum hans fundust 1,3 kíló af hassi og lítillæði af amfetamíni en efnin fundust við nokkrar húsleitir. Maðurinn sat í gæsluvarðhaldi en var látinn laus um síðustu helgi. Hann hafði stundað stórfellda fíkniefnasölu í yfir áratug.

Efnin keypti maðurinn af höfuðpaur málsins, en þeir tengjast fjölskylduböndum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sá maðurinn í Vestmannaeyjum um að þvætta peninga fyrir höfuðpaurinn og gerði hann það meðal annars með því að leggja peninga inn á banka-reikninga í Eyjum og kaupum á fasteignum í bænum.

Flutningur á efnunum milli lands og Eyja fór að mestu fram með ferjunni Herjólf og voru burðardýr oftast látin koma með efnin eftir að höfuðpaurinn hafði afhent þau og Vestmannaeyingurinn, sem starfar sem sjómaður, hafði borgað honum fyrir.

Tryggvi Kr. Ólafsson, lögreglu-fulltrúi í Vestmannaeyjum, staðfesti við Fréttablaðið í gær að hugsanlegt peningaþvætti mannsins sem tekinn var með fíkniefni í Vestmannaeyjum væri til rannsóknar hjá lögreglu. „Rannsókn málsins stendur nú yfir og ég get staðfest það að við höfum nú til rannsóknar bankareikninga hans og fasteignir, en hann átti þrjú hús hér í eyinni. Rannsóknin miðast við það að efnunum hafi verið smyglað með Herjólf en við höfum grun um það að

fylgst væri vel með vakt lögreglu, bæði í Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum.“

Burðardýrin áttu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, ekki í erfiðleikum með að komast með efnin til Eyja þar sem fjórir til fimm einstaklingar, bæði í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn, fylgdust grannt með því hvort lögreglan væri með fíkniefnahund við gæslu þegar ferðast var með fíkniefnin. Burðardýrin pöntuðu far með skipinu undir fölsku nafni en ekki þarf að framvísa skilríkjum þegar gengið er um borð.

Lögreglan í Vestmannaeyjum fann tæpa milljón króna í bandaríkjadöllum við fleiri en eina húsleit í Eyjum. Voru þeir peningar, samkvæmt heimildum blaðsins, komnir frá höfuðpaur málsins. - mh



BRUNN Í LÓMASÖLUM Í KÓPAVOGI Fjöldi fólks fylgdist með slökkvistarfi í fyrrakvöld. Íbúinn kveikti sjálfur í íbúðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Bruninn í Lómasölum: Íbúinn kveikti sjálfur eldinn

ELDSVÖÐI Íbúinn á annarri hæð í fjölbýlishúsi að Lómasölum í Kópavogi kveikti sjálfur í íbúðinni sem brann í fyrrirott. Hann gaf sig fram við lögregluna um nóttina og var yfirheyrður.

Björgvin Björgvinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Kópavogi, segir málið upplýst. Það verði sent ákærvaldinu. Maðurinn hafi kveikt eldinn í stofu íbúðarinnar. Hún sé mjög mikið skemmd. Hann geti ekki upplýst um ástæður íkveikjunnar.

Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglu. - gag



KÁTT Á HJALLA Erla María Andrésdóttir og Haraldur Arnarson, stoltir foreldrar Íslendinga númer 300.000, tóku á móti Halldóri Ásgrímssyni og Hallgrími Snorrassyni hagstofustjóra í gær. Í bakgrunni stendur móðurafinn Andrés Hjaltason.

Forsætisráðherra heimsótti 300.000 Íslendinginn á fæðinga deildina:

Halldór fagnaði nýfæddum

FÓLKSFJÖLGUN Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra Íslands, heimsótti þrjúhundruð þúsundasta Íslendinginn í gær. Hann færði foreldrum nýfædds drengs, sem samkvæmt Hagstofu Íslands er Íslendingur númer 300.000, heilla-óskaskeyti og óskaði þeim til hamingju með fæðingu barnsins.

Forsætisráðherra sló á létta strengi við tilefnið og sagði að

hann hefði á sínum tíma verið Íslendingur númer 135.000. Móðir drengsins, Erla María Andrésdóttir, var að sjá son sinn í annað sinn þegar forsætisráðherra bar að garði. Að hennar sögn var fæðingin frekar erfið. „Hann kom fyrir í heiminn en áætlað var, því hann átti að fæðast 24. janúar,“ segir Erla. Litli strákurinn vegur fjórtán merkur og er 52 sentimetrar á

lengd. Hann er fyrsta barn Erlu og Haralds Arnarsonar og að þeirra sögn hefur ekki verið ákveðið hvaða nafn hann mun bera.

Þau segjast lítið hafa spáð í að sonur þeirra sé þrjúhundruð þúsundasti Íslendingurinn. „Þetta skipti okkur engu máli fyrst því að fæðingin var svo erfið en okkur finnst þetta samt skemmtileg tilviljun,“ segir Erla. - sk

Tekist á um Bausgögn:

Ekki aðgangur að tölvu vitnis

BAUGSMÁL Verjendur sakborninga í Bausmálinu vilja fá aðgang að samskiptum Jóns Geralds Sullenberger og lögmanns hans, Jóns Steinars Gunnlaugssonar. „Ég hef talið eðlilegt að við byrjum á því að fá öll gögnin og síðan fari menn að fjalla um þetta,“ sagði Gestur Jónsson, verjandi í Bausmálinu, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Þar var tekin fyrir krafa Sigurður Tómasar Magnússonar saksóknara um að sérfræðingar meti trúverðugleika og gildi gagna í málinu. Héraðsdómur frestaði úrskurði í gær en stefnir að því að útkljá málið á morgun. sjá síðu 16 / - jh



Framtíðin er í okkar höndum

Stefnumót stjórnmalamanna, háskólanema og starfsfólks hátæknifyrirtækja 16. janúar. Sjá nánar á www.si.is



Samtök iðnaðarins



SPURNING DAGSINS

Björn, er erfitt að vera leikari?

„Nei, þetta er frekar þægileg innivinna.“

Björn Hlynur Haraldsson verður meðal 20 evrópskra leikara sem kynntir verða á kvikmyndahátíðinni í Berlín sem vonarstjórnur á hvíta tjaldinu. Birni skilst að kynningin gangi út á kokkteilboð, að brosa og vera hress.

Uppnám framundan í leikskólumálum Kópavogs:

Sextíu manns hafa sagt upp

KJARAMÁL Fjórðungur af öllum leiðbeinendum í leikskólum Kópavogs hefur sagt upp störfum sínum og taka uppsagnirnar flestar gildi næstu mánuði nema veruleg bragarbot verði gerð á launakjörum umræddra starfsmanna.

Tæp 60 prósent allra starfsmanna leikskóla bæjarins eru leiðbeinendur og ljóst að í óefni stefnir gangi uppsagnir fjórðungs þeirra eftir. Þar að auki hafa níu menntaðir leikskólakennarar tilkynnt uppsagnir sínar til leikskólaneftdar og munu því alls tæplega 60 manns hætta störfum á næstu misserum.

Rúmlega 30 þeirra setja þann fyrirvara á uppsagnir sínar að batni launakjör verulega frá því sem nú er



TÓMLEGT Margir leikskólur í Kópavogi eru undirmannaðir og tæplega 60 starfsmenn hafa tilkynnt formlega um uppsagnir. Frekari lokanir deilda virðast því óumflýjanlegar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

komi til greina að endurskoða uppsagnirnar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki sjálfgefið að með því einu að jafna samninga þá er Reykjavíkurborg hefur gert og eru hærri en annars staðar í land-

inu eins og meirihluti bæjarstjórnar hefur mælt fyrir dugi til enda finnst allnokkrum, sem Fréttablaðið náði tali af, þeir hafi verið dregnir á asnaeyrum of lengi og verðskuldi jafnvel meira.

-aóe



Í JERUSALEM Gyðingar biðja fyrir Sharon. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Ísrael:

Sharon sýnir örlitla framför

ÍSRAEL, AP Líðan Ariels Sharon, forsætisráðherra Ísraels, virðist fara hægt batnandi. Læknar hófu á mánudag að vekja hann úr lyfjadái sem honum hefur verið haldið í síðan hann fékk alvarlegt heilablóðfall fyrir viku. Þegar lyfjagjöfin var minnkuð fór hann að anda af sjálfstáðum og hreyfði hægri hönd og fótlegg. Í gær hreyfði hann svo vinstri höndina og þegar sonur hans talaði við hann, reis blóðþrýstingur Sharons örlítið, að sögn lækna.

Sharon er ekki lengur talinn í bráðri lífshættu, að sögn lækna hans á Hadassah-sjúkrahúsinu í Jerúsalem, þó ástand hans sé enn alvarlegt.

- smk

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktssdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugs málsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Óvissa ríkir um afdrif loðnustofnsins

Hafrannsóknastofnun hefur gert hlé á loðnuleit, en hún hefur staðið yfir án árangurs. Annaðhvort er stofninn hruninn eða hlýnun sjávar hefur breytt göngum. Sjávarútvegsfyrirtæki eru í uppnámi. Leit hefst aftur um eða eftir helgina.

SJÁVARÚTVEGUR Hrun stofnsins eða breyttar göngur eru mögulegar ástæður þess að ekki hefur fundist loðna í leit Hafrannsóknastofnunar. Árni Friðriksson RE, rannsóknarskip Hafró, er nú víð síldarleit, en leit að loðnu var hætt um síðustu helgi og ákveðið að opna ekki fyrir veiðar að sinni.

„Það er samdóma álit þeirra sem þátt tóku í leitinn og okkar hér á Hafrannsóknastofnun að skynsamlegt væri að gefa þessu nokkra daga áður en farið yrði af stað aftur með leit, í þeirri von að eitthvað breyttist í millitíðinni.“ segir Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri á nytjastofnasviði Hafrannsóknastofnunar. Hann segir ekki endanlega ákveðið hversu lengi verði beðið þar til leit heldur áfram. „Þrjú skip með tilraunaveiðileyfi líta reglulega í kringum sig og um leið og eitthvað heyrast frá þeim förum við strax af stað. Að öðrum kosti förum við ekki að hugsa um þetta fyrr en undir eða eftir helgi.“

Þorsteinn segir ekki ljóst af hverju engin finnst loðnan, en fræðimenn vilji, að svo stöddu, ekki leggja út frá því að stofninn sé hruninn. „Breytingar á göngumyndstri og útbreiðslu hennar hafa verið slíkar síðustu ár.“ segir hann og bendir á að Ísland sé á suðurmörkum útbreiðslusvæðis loðnunnar. Af þeim sökum segir hann alla hlýnun sjávar hafa neikvæð áhrif á loðnuna hvað varði komu hennar á Íslandsmið. „Vísendingar eru um að unglóðnan hafi fært sig vestar og í kaldari sjó við Vestur-Grænland og af því



LOÐNUSKIP Í NORÐFIJARÐARHÖFN Hlé hefur verið gert á leit að loðnu en hjá Hafrannsóknastofnun segjast menn gera sér grein fyrir því hversu mikill hagsmunir séu í húfi og því verði ekki beðið lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að við höfum ekki náð að mæla unglóðnu af þessum árgangi sem við erum að fara að stunda veiðar úr höfum við ekki treyst okkur til að segja af eða á um þessi mál. Þetta er bara algjör óvissa.“

Fordæmi eru fyrir því að loðna finnst ekki þar sem menn ætla. að hún sé. Haustið 2004 hafi staðið yfir umfangsmikil leit að sögn Þorsteins. „Þá var leitað með mörgum skipum án árangurs, en svo kom hún bara upp úr hafinu, og enginn veit með vissu hvaðan, 6. janúar í fyrsta. Núna eru tveir möguleikar í stöðunni. Annars vegar að stofninn sé hruninn og hins vegar að umhverfisaðstæður valdi því að

loðnan komi seint inn og eftir leiðum sem við ekki þekkjum.“

Gunnþór B. Ingvason, aðstoðarmaður forstjóra hjá Síldarvinnslunni í Neskaupstað, segir menn ekki enn orðna verulega áhyggjufulla vegna þess að loðnan hafi ekki fundist. „En auðvitað er öll óvissa til að plaga menn,“ bætir hann við og segir alla hljóta gera sér ljósan alvarleika þess ef ekki finnst loðnan. „Öhemjuverðmæti fara þá forgörðum og fjöldi fólks bæði til sjós og lands verður fyrir tekjumissi. Öll keðjan verður fyrir gríðarlegum skelli, fyrirtæki, starfsfólk og þjóðarbúið allt.“

olikt@frettabladid.is

Samkeppnisýfirvöld:

Skoða kaup FL á Sterling

VIÐSKIPTI Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur nú til skoðunar kaup FL Group á flugfélaginu Sterling. Athuginin beinist að því hvort kaupin hafi verið tilkynningarskyld hér á landi en ekki var leitað álits samkeppnisýfirvalda áður en þau voru gerð.

Kaupin voru tilkynningarskyld í mörgum öðrum löndum en stjórnendur FL Group mátu að svo væri ekki hér á landi. Verði niðurstaða samkeppnisýfirvalda sú að fyrirtækinu hafi borið að tilkynna um kaupin er hægt að rannsaka hvort þau hafa neikvæð áhrif á samkeppni hér á landi. ■



GUÐMUNDUR BJARNASON Hefur gegnt bæjarstjórastöðu síðan 1991.

Fjarðabyggð:

Bæjarstjórinn hættir í vor

SVEITARSTJÓRNARMÁL Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, hefur ákveðið að láta af starfi bæjarstjóra að loknu kjörtímabilinu í vor.

„Ég byrjaði af krafti í bæjarmálunum í Neskaupstað árið 1973 og hef verið bæjarstjóri Neskaupstaðar, og síðar Fjarðabyggðar, frá árinu 1991. Mér finnst einfaldlega kominn tími til að hleypa öðrum að,“ segir Guðmundur.

Þann 9. júní í sumar munu Fjarðabyggð, Austurbyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppur og Mjóafjarðarhreppur renna saman í eitt sveitarfélag. Guðmundur segir ákvörðun sína ekki tengjast sameiningunni á nokkurn hátt og hann segist rísa ánægður úr stölu bæjarstjóra.

-kk

Kynferðisbrot í rannsókn:

Svipti sig lífi

LÖGREGLA Karlmaður á sextugsaldri sem lögreglan á Ísafirði hafði til rannsóknar vegna kæra vegna kynferðisbrota svipti sig lífi í gærmorgun.

Bróðir mannsins hélt því fram í samtali við fréttastöðina NFS í gær að umfjöllun DV um mál mannsins hefði orðið til þess að hann tók eigið líf. DV birti í gær mynd af manninum á forsíðu. Rannsókn málsins var á frumstigi hjá lögreglu. ■

Nýr framkvæmdastjóri verður ráðinn til Örykjabandalagsins:

Arnþór leitar til lögfræðings

FÉLAGSMÁL Arnþór Helgason, sem í fyrradag var fyrirvaralaust sagt upp störfum sem framkvæmdastjóri Örykjabandalags Íslands, hefur ákveðið að ráðfæra sig við lögfræðing vegna starfslokanna.

„Mér var eindregið ráðlagt að leita til lögfræðings og fá hann til að gera starfslokasamning fyrir mig. Enda liggur það í hlutarins eðli að þegar Örykjabandalagið er með lögfræðing á sínum vegum þá hlýtur lögfræðingur að koma að slíkum starfslokasamningi á mínum vegum,“ segir hann.

Arnþór segir sögusagnir um samstarfsörðugleika milli hans og Sigursteins rangar: „Ég studdi Sigurstein með ráðum og dád og hvatti hann áfram frekar en hitt. Ég hlakkaði til að taka þátt í þessum skipulagsbreytingum.“

Sigursteinn Másson, formaður Örykjabandalagsins, segir skipu-



SIGURSTEINN MÁSSON Formaður Örykjabandalagsins segir að nauðsynlegt hafi verið að segja Arnþóri upp þar sem breyta átti starfi hans.

lagsbreytingarnar einu ástæðu uppsagnarinnar. „Þegar gerðar eru grundvallarskipulagsbreytingar verður að gera breytingar á starfi framkvæmdastjórans líka.“ Arnþór hafi því ekki getað sinnt því starfi áfram.

Sigursteinn þakkar Arnþóri óeigingjarnt starf í þágu fatlaðra og segir nýjan framkvæmdastjóra



ARNÞÓR HELGASON Fyrrum framkvæmdastjóri Örykjabandalagsins segir að hann hafi hlakkað til að taka þátt í skipulagsbreytingunum.

verða ráðinn. Fréttastofan NFS greindi frá því að Hafdís Gísladóttir, fráfarafrá framkvæmdastjóri Hverfamiðstöðvar Miðbæjar og Hlíðahverfis, taki við starfinu. Sigursteinn segir rétt að hún komi til greina. Hins vegar sé ekki búið að ganga frá ráðningu nýs framkvæmdastjóra.

-gag

* * * * *

HÆTTUM SAMAN

* * * * *

LYÐHEILSUSTOÐ
www.lydheilstod.is

Viltu hætta að reykja?
Ókeypis aðstoð

Reyksíminn
800 6030

risaSMÁR



ISHINKA AUGÚRINGASTOFAN.SIA.IS TOY 18888 12/2015

Nýr Yaris. Hann er risaSMÁR

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.

En risaSMÁR er snilld.

risaSMÁR er nýtt orð í orðabókinni. Það lýsir því sem er í raun lítið en hefur eiginleika þess sem er stórt, sérstaklega í tilfinningu, byggingu, eiginleikum eða útliti. Eða öllu þessu.

Það er ekki mikið magn af gulli í giftingarhringum. Samt eru tilfinningarnar stórar og loforðið líka. Hringarnir eru risaSMÁIR.

Nýr Yaris er risaSMÁR. Yaris hefur eiginleika stórs bíls í litlum bíl, tilfinninguna fyrir stórum bíl í litlum bíl, rými stórs bíls í litlum bíl.

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.

En risaSMÁR er snilld.



Verð frá 1.359.000 kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 10.01.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	60,84	61,14
Sterlingspund	107,6	108,12
Evra	73,62	74,04
Dönsk króna	9,869	9,927
Norsk króna	9,238	9,292
Sænsk króna	7,869	7,915
Japanskt jen	0,5325	0,5357

SDR 88,29 88,81

Gengisvísitala krónunnar
103,2039

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Suðurkóreski vísindamaðurinn svindlaði:

Klónaði ekki stofnfrumur

SUDUR-KÓREA, AP Suðurkóreski vísindamaðurinn sem sagðist hafa klónað stofnfrumur fósturvísa árið 2004 falsaði niðurstöður sínar á hneykslanlegan hátt og á það skilið að vera hegnt, að sögn níu manna nefndar við Háskólann í Seúl sem Hwang Woo-suk vinnur hjá. Yfirlýsing nefndarinnar, sem gert var að rannsaka verk Hwangs, hefur gjöreyðilagt mann-orð hans sem klónunarsérfræðings, en í síðasta mánuði upplýsti sama nefnd að hann hefði einnig falsað niðurstöður rannsókna um þróun stofnfrumulína ákveðinna sjúklinga.

Hins vegar segir nefndin að

Hwang hafi í raun klónað fyrsta hundinn, hinn þriggja ára gamla Snuppy.

Árið 2004 birti Hwang grein í bandaríska tímaritinu Science og hélt því fram að hann hefði klónað fóstur og tekið úr því stofnfrumur, en nefndin segir hann ekki hafa nokkra sönnun fyrir þeim árangri. Vísindaheimurinn varð uppnuminn yfir rannsóknum Hwangs því miklar vonir eru bundnar við notkun klónaðra stofnfruma til lækninga á sjúkdómum svo sem Parkinsons og sykursýki.

Hwang hefur viðurkennt mistök en segir óvini sína hafa eyðilagt rannsóknina og fullyrðir að



WOO-SUK MEÐ HUNDINN Ekki er efast um að hinn þriggja ára gamli Snuppy sé fyrsti hundurinn sem var klónaður.

hann búi yfir þekkingu til að geta klónað stofnfrumur. - smk

Sekur um fólksku og lítilmennsku:

Margbarði liggjandi manni

DÓMSMÁL Tæplega þrítugur maður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir fólkskulega árás fyrir utan skemmtistaðinn Rex í Austurstræti í ágúst 2004.

Árásin var að mati dómsins „einkar fólkskuleg og lítilmannleg.“ Orðaskipti höfðu átt sér stað milli mannsins og annars manns fertugt. Báðir voru drukknir. Sá yngri féldi hinn í jörðina og sló ítrekað í andlitinu „jafnvel eftir að ljóst var orðið að eldri var hættur að sýna nokkur viðbrögð.“ Sá sem fyrir árásinni varð kjálk-abrotnaði, missti tönn og átti lengi í meiðslum sínum. Dómurinn er skilorðsbundinn í tvö ár. - óka



HARÐAR ÁSAKANIR Söngvarinn ástsæli Harry Belafonte og Hugo Chavez, forseti Venesúela.

Ádeila á Bandaríkjaforseta:

Kallar Bush harðstjóra

VENESÚELA, AP Einn ástsælasti söngvari Bandaríkjanna lýsti forseta sínum, George W. Bush, sem „skæðasta hryðjuverkamanni heims“ í útvarps- og sjónvarpsviðtali í Venesúela um helgina. „Íslandsvinurinn“ Harry Belafonte kallaði Bush harðstjóra, sakaði hann um að hunsa fátæka landsmenn sína og að hafa hafið stríð á hendur Írökum á röngum forsendum.

Belafonte var í heimsókn hjá Hugo Chavez, forseta Venesúela, sem hefur látið senda eldsneytisólíu á niðurgreiddu verði til fátækari svæða Bandaríkjanna. - smk

Smygl á áfengi og tóbaki:

Íslendingur handtekinn

NOREGUR Íslenskur maður er meðal fjögurra skipstjóra sem jatað hafa að hafa staðið fyrir umtalsverðu smygli á áfengi og tóbaki til Noregs síðustu þrjú árin.

Eru mennirnir skipstjórar á tveimur flutningaskipum Hans-eatic fyrirtækisins og hafa stundað að kaupa sigarettur og sterkt áfengi í Hollandi og Þýskalandi og smyglað til Noregs en smygl til landsins hefur margfaldast síðastliðin ár. Dómur ætti að liggja fyrir yfir mönnum eftir í lok mánaðarsins.

Breytingar á eftirlaunum ræddar í forsætisnefnd

Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um eftirlaun ráðherra liggja fyrir forsætisnefnd Alþingis en Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur látið gera lögfræðiúttekt á því hvaða leiðir eru færar til breytinga á lögum.

EFTIRLAUN Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um eftirlaun ráðherra hafa verið kynnt formönnum stjórnmalaflokkanna og er stefnt að því að leggja fram frumvarp fljótlega eftir að þing kemur saman. Ekki fást upplýsingar um það út á hvaða tillögurnar ganga en ráðherra lofaði í janúar í fyrra að breyta fyrirkomulaginu.

Í lögfræðiúttektinni kemur þó fram að ekki er einfalt að breyta lögum, taka þarf meðal annars tillit til þess hvort menn

hafi hafið töku eftirlauna og hvort eftirlaunarétturinn sé stjórnarskrávarin eign manna eða ekki.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, kveðst líta svo á að málið sé óútljád, ákveðið hafi verið að setja það á ís þar til þingið kæmi saman í janúar. „Við eigum eftir að hittast og fara aftur yfir málið og ná lendingu. Málið er í sjálfu sér lögfræðilega snúið, mistökkin eru þegar gerð. Spurningin er hvornig hægt sé að vinna ofan af því þannig að það standist

lögfræðilega og hvað menn vilja ganga langt,“ segir hún.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri-grænna, segir óttækt að „menn geti verið á fullum launum og þegið eftirlaun. Við erum tilbúin til að greiða fyrir því að þetta verði að veruleika,“ segir hann.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir að stjórnarandstaðan hafi talið rétt að fresta málinu fram í byrjun ársins. „Þannig að við skildum við hans hugmynd

ir og sögðum hvorki já né nei við neinu,“ segir hann og telur að allir hljóti að sjá og viðurkenna að það gangi ekki upp að menn fái eftirlaun samhliða launum. Það verði að afnema í framtíðinni.

Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, kannast við það að breytingartilögur liggja fyrir forsætisnefnd og telur að þverpólitísk samstaða hljóti að nást.

ghs@frettabladid.is



Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fyrirlestur í Íþróttahúsi Breiðabliks í Smáranum, Kópavogi

12. janúar kl. 20

- Efnahagsmál í upphafi árs

- Hvar liggja fjárfestingatækifærin?

Skráning fer fram á www.landsbanki.is og í Þjónustuveri bankans í síma 410 4000. Allar nánari upplýsingar um dagskrá og fyrirlesara er að finna á www.landsbanki.is. Í boði er kaffi og veitingar. Fundargestir verða leystir út með litilli gjöf.



VEÐURSPÁ

um hádegis »

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur


YFIRLEITT HÆGLÆTISVEÐUR Á morgun hins vegar nálgast lægð sem sendir okkur hvassan vind einkum með ströndum á landinu austan- og vestanverðu.

HORFUR UM HELGINA


Hægslættisveður. Fremur svalt og stöku él, einkum sunnan og vestan til á laugardag en úrkomulífið á sunnudag.

HÖFUDBORGIN Í DAG

Fremur hæg suðvestan átt og él. Vægt frost.




» fimmtudagur



Alltíðast vestan til og austan, annars hægar.

» föstudagur



Hægar austlæggar áttir.

Kaupmannahöfn	2°C hálskjáð	Paris	8°C hálskjáð	Alicante	16°C rigning
Oslo	3°C skúrir	Berlín	1°C heiðskirt	Milano	9°C hálskjáð
Stokkhólmur	0°C hálskjáð	Frankfurt	4°C alskýjað	New York	8°C léttskýjað
Helsinki	-1°C alskýjað	Madrid	9°C alskýjað	San Francisco	14°C skúrir
London	10°C hálskjáð	Barcelona	12°C hálskjáð	Orlando/Florida	24°C hálskjáð

* Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkomu er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Hvað
dreymir
þig um að
eignast?

Aðeins
13,35%
vextir

Óvenju hagstætt lán...
...fyrir hverju sem er

Sæktu um lán...
www.s24.is

Helstu kostir:

- Betri vextir, aðeins 13,35%* óverðtryggðir og breytilegir
- Lægra lántökugjald, aðeins 1%
- Lán til allt að 8 ára
- Engin lágmarksupphæð
- Þú þarft ekki að byrja að borga af láninu fyrr en eftir 3 mánuði. Fyrsta greiðsla er einungis vaxtagreiðsla, síðan byrja venjulegar afborganir
- Þú þarft ekki að vera í viðskiptum hjá S24 til þess að fá lán



533 2424 – Sætún 1



KJÖRKASSINN

Á að banna sölu íslensks nef-tóbaks?

Já	46%
Nei	54%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telur þú að Úrvalsvisitalan haldi áfram að hækka á þessu ári?

Segðu þitt álit á visir.is



JÓNMONDUR GUÐMARSSON Allir bæjarstjórsmenn munu fá 20 þúsund króna eingreiðslu frá bænum á næstunni.

Jólagjöf Seltjarnnesbæjar:

Allir fá 20 þúsund krónur

GJAFMILDI Samþykkt var í fjárlaga- og launanevnd Seltjarnnesbæjar í gær að veita öllum starfsmönnum bæjarins 20 þúsund króna eingreiðslu eftir skatta.

Kemur eingreiðslan í stað 20 þúsund króna gjafakorts í Kringluna sem bæjarstjóri veitti öllum starfsmönnum leikskóla í þakklætisskyni. Óskuðu aðrir starfsmenn eftir sömu umbun í kjölfarið og hafa nú fengið hana.

- aóe

Fjársvikamenn úr varðhaldi:

Stálu tveimur milljónum

LÖGREGLA Fyrirverandi starfsmanni Og Vodafone og félag hans, sem sátu í gæsluvarðhaldi vegna fjársvika hjá fyrirtækinu og birgja þess, hefur verið sleppt úr haldi. Þriðji maðurinn hefur verið yfirheyrður og segir Hörður Jóhannesson, yfirlöggregluþjónn í Reykjavík, málið upplýst.

„Fjárhæðin sem þeir stálu er rétt innan við tvær milljónir,“ segir Hörður. Málið verði sent ákærvaldinu.

Gísli Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Og Vodafone, segir öryggismál stöðugt í endurskoðun hjá fyrirtækinu: „Í þessu tiltekna máli voru ýmsir ferlar teknir til skoðunar. Fyrirtækið brást hratt við þegar í ljós kom að ekki var allt með feldu, meðal annars með því að vísa málinu til lögreglu.“ Öryggi innan fyrirtækis hafi verið elft enn frekar.

- gag

Hertar varúðarráðstafanir gegn fuglaflensu víða um heim:

Smituðum fjölgar enn í Tyrklandi

FUGLAFLENSA Einn Tyrki til viðbótar var í gær greindur með fuglaflensu af skæða afbrigðinu H5N1, en þar með eru staðfest tilfelli þar í landi komin í fimmtán, að sögn talsmanns tyrkneska heilbrigðisráðuneytisins.

Úr hátölurum á bænaturnum moska landsins hljómuðu áminningar til fólks um að forðast snerntingu við fiðurfé og yfirvöld dreifðu bæklingum með upplýsingum um sjúkdóminn.

Vladímír Pútín Rússlandsforseti fól forsætisráðherra Mikhaíl Fradkov að þróa áætlun til að hindra útbreiðslu fuglaflensu í Rússlandi. Sóttvarnaryfirvöld

tilkynntu um hert eftirlit við suðurlandamærin, sérstaklega með fólki sem kæmi til landsins frá Tyrklandi.

Stjórnvöld í Úkraínu staðfestu í gær að skæða fuglaflensan hefði greinst á þremur alifuglabúum á Krímskaga, syðst í landinu.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði í Berlín að þýsk stjórnvöld og Evrópusambandið yrðu að gera allt sem í þeirra valdi stæði til að lágmarka hættuna á útbreiðslu fuglaflensu um álfuna með því að gripa til ráðstafana á borð við að hindra ólöglegan innflutning á fiðurfé og fuglakjöti.

Í Kína var staðfest að sex

ára drengur sem sýktist af fuglaflensu í síðasta mánuði lægi nú milli heims og helju á sjúkrahúsi í Hunan-sýslu í Mið-Kína.

Í Japan var greint frá því að allt að sjötíu og sjö manns kunna að hafa smitast þar í landi af afbrigði fuglaflensu sem hingað til hafði ekki verið talin geta smitast í menn, H5N2. Sýkingin valdi hins vegar ekki alvarlegum veikindum og smitist ekki milli manna.

- aa

Í FULLUM HERKLÆÐUM Bæjarstjórsmenn í Gazi Osman Pasa-hverfinu í Istanbul í sóttvarnaherklæðum í gær, tilbúnir til að ráðast í slátrun fiðurfjár til varnar útbreiðslu fuglaflensunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



KJARNORKUSTÖÐIN Í NATANZ Miðstöð kjarnorkuáætlunar Írana, 320 km suður af Teheran.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íranar hefja aftur kjarnorkutilraunir

Ráðamenn vestrænna ríkja brugðust ókvæða við í gær er stjórnvöld í Teheran tilkynntu að þau hefðu hafið aftur vinnu við kjarnorkuáætlun sína. Talsmaður Bandaríkjastjórnar sagði að öryggisráð SP kunni að láta málið til sín taka.

ÍRAN, AP Starfsmenn kjarnorkuáætlunar Íransstjórnar rufu í gær innsigli sem eftirlitsmenn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA) höfðu komið fyrir á miðstöð áætlunarinnar í Natanz og ráðamenn í Teheran tilkynntu að þeir myndu halda áfram tilraunum með auðgun kjarnorkueldsneytis í smáum stíl.

Í yfirlýsingu stjórnarinnar segir þó að ekki standi til að auðga úran. Hún gaf sams konar fyrirheit í liðinni viku þegar hún tilkynnti IAEA um áformin um að hefja aftur starfsemi í kjarnorkurannsóknamiðstöðinni. Hún ítrekaði að einungis standi til að stunda rannsóknir, ekki framleiða nýtanlegt kjarnorkueldsneyti. En talsmenn IAEA í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Vínar-

borg sögðu síðar í gær að meðal verka sem Íranarnir ætluðu sér að vinna nú væri að dæla úran-hexaflúoríði – gaskenndu formi úrans – í stórum stíl í skilvindur. Með slíkum aðferðum er að sögn sérfræðinga stofnunarinnar hægt að sía geisla-virkustu frumeindirnar og framleiða kjarnorkueldsneyti sem unnt væri að nota í kjarnorkuvopn.

Íranar halda því fram að kjarnorkuvæðingaráætlun þeirra hafi einvörðungu fríðsamlega raforku-framleiðslu að markmiði en stjórnvöld í Washington saka þá um að stefna að því að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Að Íranar skyldu rjúfa innsiglin og halda kjarnorkuáætluninni til streitu þvert á kröfur vestrænna ríkja kallaði á hörð viðbrögð ráða-

manna í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan. „Haldi Íransstjórn þessu striki og vikur sér undan að hlíta alþjóðlegum skuldbindingum er ekkert annað til úrráða en að vísa málinu til öryggisráðs SP,“ sagði Scott McClellan, talsmaður Hvíta hússins. Ráðið gæti ákveðið að beita Írana þvingunum.

Í svipaðan streng og McClellan tóku talsmenn ríkisstjórna Þýskalands, Bretlands, Frakklands og Japans. Að sögn evrópsku ráðherra stefndi í að tilgangslaut væri að halda áfram miðlunartilraunum Evrópusambandsins. Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands, kallaði eftir því að IAEA gerði tafarlaust nýtt mat á því hve hættulegt athæfi Írana væri.

audunn@frettabladid.is

Mat á umhverfisáhrifum

Vegagerðin og Hafnarfjarðarbær kynna drög að tillögu að matsáætlun

Hafið er matsferli vegna breikkunar Reykjanesbrautar frá Ásbraut að Bikhelli í Hafnar-fjarðarbæ. Matsferlið tekur einnig á mislægum vegamótum Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurveggar ásamt breyttri legu Krýsuvíkurveggar frá vegamótunum að hringtorgi við Hraunhelli.

Vegagerðin og Hafnarfjarðarbær eru framkvæmdaraðilar verksins en mat á umhverfisáhrifum verður unnið af Hönnun hf. verkfræðistofu. Á vefsíðum Vegagerðarinnar (<http://www.vegagerdin.is>) og Hönnunar (<http://www.honnun.is>) eru nú til kynningar drög að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar. Kynningin stendur yfir til miðvikudagsins 25. janúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdaraðila er almenningur og aðrir hvattir til að koma ábendingum og athugasemdum á framfæri til Hauks Einarssonar (Hönnun hf., Grensásvegi 1, 108 Reykjavík, haukur@honnun.is). Í endanlegri tillögu að matsáætlun verður gerð grein fyrir þeim ábendingum og athugasemdum sem kunna að berast.



Vegagerðin og Hafnarfjarðarbær

Stjórnarandstaðan vill ekki tilnefna menn í þverpólitíska fjölmiðlanefnd ráðherra:

Einnig verði rætt um RÚV

STJÓRN MÁL Þingflokkar stjórnarandstöðuflokkanna hafa tilkynnt Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra að þeir ætli ekki að tilnefna fulltrúa í þverpólitíska fjölmiðlanefnd nema málefni Ríkisútvarpsins verði þar einnig til meðferðar.

Formenn þingflokka Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Frjálslyndra tilkynntu menntamálaráðherra þetta bréflaga eftir helgina.

„Við sjáum á þessu stigi ekki ástæðu til að skipa fulltrúa í enn eina nefndina til að fjalla um hinn almenna fjölmiðlamarkað án tengsla við Ríkisútvarpið. Afstaða okkar byggir á þeim rökum að á því sviði hefur mikil



FJÖLMIÐLANEFNDIN FYRRI Karl Axelsson lögfræðingur og aðrir sem sæti áttu í fjölmiðlanefndinni í fyrra skiluðu tillögum sem stjórnarandstaðan vill láta skoða betur.

vinna farið fram, fyrir liggja tillögur og við teljum að það sé fyrst og fremst tæknilegt úrlausnar-efni að semja frumvarp til laga á grundvelli þeirra tillagna,“ segir í bréfinu.

Lagt er til að þeim löglærðu mönnum, sem þegar hafa verið skipaðir í nefndina, verði falið að semja frumvarp á grundvelli tillagna þeirrar fjölmiðlanefndar sem skilaði tillögum í fyrra. „Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjölmiðlanefndinni sem vann fyrirnefndar tillögur eru svo að sjálfsögðu hvenær sem er tilbúnir til að hitta lögfræðingana og fara yfir einstök mál með þeim ef þeir svo kjósa,“ segir í bréfinu til menntamálaráðherra.

- jh

Hvernig breyti ég einni milljón í tvær?

Ef þú átt sjóð og vilt ávaxta hann vel þá er mikilvægt að hafa í huga hvenær á að nýta hann. Því fyrr sem þú þarft að nota peningana, því minni áhættu borgar sig að taka. Sjóður, sem á ekki að nota fyrr en eftir einhver ár, er hins vegar ekki jafn viðkvæmur fyrir skammtímasveiflum. Með slíkri fjárfestingu geturðu sett markið hærra, tekið meiri áhættu og stefnt að hærri ávöxtun.

Sérfræðingar hjá Íslandsbanka hafa sett saman þrjár leiðir í fjárfestingum. Ein þeirra er Klassíska leiðin. Hún tekur miðlungs mikla áhættu, stefnir að góðri ávöxtun og er vænlegur kostur til að láta peningana þína vaxa.



Margrét Sveinsdóttir
Forstöðumaður hjá Eignastýringu Íslandsbanka.


FJÁRFESTU Í SJÓÐUM

KLASSÍSKA LEIÐIN – Árleg nafnávöxtun síðustu 5 ár*

15%

UPPSÖFNUM FJÁRHÆÐ** – Miðað við 5 ára sparnað

Upphæðir í milljónum króna.



Byrjaðu núna! Farðu inn á www.isb.is og kláraðu málið. Þú getur einnig haft samband við næsta útibú eða við ráðgjafa hjá Eignastýringu Íslandsbanka í síma 440 4920.

Klassíska leiðin er 50% skuldabréf, 50% hlutabréf. Þú getur fjárfest í Klassísku leiðinni með mánaðarlegri áskrift eða með einni upphæð.

*Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað.

**Miðað við 15% ávöxtun síðustu fimm ára.



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hverju mótmælti hópur róttækra ungmenna í fyrradag?
- 2 Hvað heitir leiðtogi talibana í Afganistan?
- 3 Hvað heitir nýr forseti skálfélagsins Hróksins?

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Austurríkiskanslari um stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins:

Endurlífgun erfið en gerleg

EVROPUSAMBANDIÐ, AP Wolfgang Schüssel, kanslari Austurríkis sem fer þetta misserið með formenskuna í Evrópusambandinu, segir að það verði mjög erfitt að endurlífga stjórnarskrársáttmála sambandsins.

Staðfestingarferli sáttmálans strandaði er kjösendur í Frakklandi og Hollandi höfnuðu honum í þjóðaratkvæðagreiðslum snemmsumars í fyrra.

„Það er mjög erfitt að endurlífga stjórnarskrána, en það er gerlegt,“ sagði Schüssel á fundi með blaðamönnum í Vínarborg eftir viðræður við framkvæmdastjórn sambandsins við upphaf



SCHÜSSEL OG BARROSO Wolfgang Schüssel, kanslari Austurríkis og forseti leiðtogaráðs ESB, og Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, ræða við fréttamenn í Vínarborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

austurríska formennskumissersins.

Austurrískir ráðamenn hafa gefið til kynna að rita þurfi alveg nýjan sáttmálatexta til að tryggja stuðning almennings í öllum aðildarríkjunum tuttugu og fimm við hann. Ef takast á að endurlífga stjórnarskrársáttmálann útheimtir það mikið og samstillt átak af hálfu leiðtoga sambandsins, en viðleitni þeirra til að semja um frekari áfanga að nánari Evrópusamruna hefur átt æ meir á brattann að sækja gagnvart almenningsálitinu í mörgum aðildarlöndum, nýjum sem hinum eldri.

- aa

Farþegum fjölga um Leifstöð:

Búist við enn fleiri farþegum

SAMGÖNGUR Tæplega 1.817 þúsund farþegar fóru um Flugstöð Leifs Eiríkssonar á síðasta ári og fjölgaði þeim um ellefu prósent miðað við árið á undan.

Fjölga farþega til og frá Íslandi nemur rétt tæpum ellefu prósentum milli ára og farþegum sem millilenda hér á landi á leið yfir Norður-Atlantshafið fjölgaði um þrettán prósent. Breska fyrirtækið BAA Plc., sem rekur stærstu flugvelli í Bretlandi og víðar, spáir því að farþegafjöldi fari í 3,2 milljónir árið 2015. Því verður flugstöðin stækkuð og er áætlað að kostnaður nemi hátt í fimm milljarða króna.

- gag



Beint flug: **Pétursborg eða Tallinn**
Páskar í apríl - 5 nætur, einungis 59500 kr. til Pétursborgar og 57500 kr. til Tallinn

Beint flug: Pétursborg í Rússlandi eða Tallinn í Eistlandi. Páskar í apríl 2006. Frá Akureyri og Keflavík. Hin stórkostlega Pétursborg í Rússlandi eða miðaldaborgin Tallinn í Eistlandi. Flugið beint til Tallinn og keyrt þaðan til Pétursborgar.

Tallinn

Tallinn hefur breyst í nútímaborg með alþjóðlegu yfirbragði á síðustu 10 árum. Þrátt fyrir það eru íbúarnir stoltastir af gamla bæjarhlutanum. Þar eru götur steini lagðar og við þær standa vel varðveittar stórkostlegar byggingar frá 11-15 öld. Þá setja markaðirnir mikinn svip á borgina. Tallinn hefur verið bætt við á heimsminjalista UNESCO sem ein best varðveitta miðaldarborg N-Evrópu. Í Tallinn er hægt að gera góð kaup. Þar er ódýrt að versla og matur á veitingahúsum er ódýr. Þá er, næturliðið fjörugt, barir, skemmtistaðir og kaffihús á hverju götuhorni

Pétursborg

Pétursborg er borg mikilfengleika og glæsileika, borg með glæsta fortíð, einskonar minnismerki um liðna tíð. Borgin hefur verið kölluð Feneyjar norðursins vegna margra síkja sem í henni eru. Rúmlega þrjá aldir eru liðnar síðan Pétur mikli byrjaði á því að reisa þessa stórkostlegu borg. Borgin hefur einhverjar fallgestu byggingar Evrópu. Fyrir áhugafólk um sögu og menningu er Pétursborg gullnáma.

Frá Akureyri:	Pétursborg	Tallinn	Frá Keflavík:	Pétursborg	Tallinn
12-16. apríl	57.700 kr.	55.500 kr.	8-15. apríl	uppselt	uppselt
13-17. apríl	uppselt	uppselt	15-20. apríl	59.050 kr.	57.500 kr.

Innifalið: Flug, skattar, hótél, rúta og íslenskur fararstjóri
Öll hótél eru 4 stjörnur og morgunmatur innifalinn

Trans-Atlantic
Sími 5888900 www.transatlantic.is



Gjaldþrotaskipti Slippstöðvarinnar á Akureyri:

Mótmælir vinnubrögðum skiptastjóra

GJALDÞROT Thomas C. Kenny, einn framkvæmdastjóra þýska verktafyrirtækisins Pro Works, sem lýst hefur tæplega tuttugu milljóna króna kröfu í þrotabú Slippstöðvarinnar á Akureyri, gerir fjölmargar athugasemdir við vinnubrögð Sigmundar Guðmundssonar, skiptastjóra þrotabúsins. Kenny sendi skiptastjóra á mánudag formlegt erindi þar sem hann gagnrýnir hvernig staðið hafi verið að gjaldþrotaskiptunum og mótmælir kröfufylsingaskrá sem skiptastjóri sendi hluta kröfuhafa þann 3. janúar síðastliðinn.

Eitt af því sem Kenny telur

gagnrýnvert er að skiptastjóri skyldi ekki rannsaka allar fjármunatilfærslur til og frá Slippstöðinni á meðan félagið var í greiðslustöðvun. „... synjun yðar að grípa til lagalegra aðgerða, hvað þetta varðar, verður að teljast alvarlegt brot á skyldum yðar sem skiptastjóra,“ segir meðal annars í mótmælum Kennys.

Sigmundur Guðmundsson skiptastjóri segist munu svara ásökunum Kennys en þó ekki fyrr en á skiptafundi sem haldinn verður á Akureyri í dag. „Þar mun ég leggja mótmæli hans fram og um leið svara ásökunum í minn garð,“ segir Sigmundur.

- kk



THOMAS C. KENNY Framkvæmdastjóri Pro Works hefur gert fjölmargar athugasemdir við vinnubrögð skiptastjóra þrotabús Slippstöðvarinnar og hyggst skiptastjóri svara athugasemdunum á skiptafundi á morgun.



SAKBORNINGURINN Amin Lokman Mohamed fyrir dómi í München í apríl. NORDICPHOTOS/AFP

Íraki fyrir dómi í Þýskalandi:

Játar smygl á skaeruliðum

ÞÝSKALAND, AP Íraskur maður, sem er fyrir dómi í Þýskalandi ákærður fyrir að hafa aðstoðað herskúa múslima við að komast til Íraks til að ganga til liðs við skaeruliða sem berjast þar gegn setuliðinu og íröskum stjórnvöldum, hefur játað á sig sakir að því er saksóknari í München greindi frá.

Maðurinn, Amin Lokman Mohamed, sem hefur búið í Þýskalandi síðan árið 2000, er sakaður um að hafa smyglað mönnum og vopnum fyrir Ansar al-Islam, hóp með tengsl við Al-Kaída-hryðjuverkanetið. Hann sætir ákærum fyrir aðild að hryðjuverkasamtökum og smygl á fólki. ■



HÆTTUR Tom Delay og kona hans mæta á blaðamannafund í Sugarland í Texas.

Þingleiðtogi repúblikana:

Tveir vilja taka við af DeLay

BANDARÍKIN, AP Fyrrverandi leiðtogi þingmeirihluta repúblikana í fulltrúadeild Bandaríkjaþings, Tom Delay, sem neyddist til að segja af sér vegna ákæru um spillingu, tilkynnti á laugardag að hann ætlaði sér ekki að berjast lengur fyrir því að endurheimta stöðuna.

Í gær tilkynntu flokksbræður hans, Roy Blunt frá Missouri og John Boehner frá Ohio, því yfir að þeir hygðust gefa kost á sér til að taka við þingleiðtogahlutverkinu. Blunt tók tímabundið við af Delay þegar hann sagði af sér í síðustu viku. Búist er við að kjörið fari fram um mánaðamótin.

- smk

MAROKKÓ

Rútuslys banar 25tveir langferðabílar lentu í árekstri á þjóðvegnum milli Marrakesh og Agadir í Marokkó í gær. 25 manns létu lífið í slysinu og 62 slösuðust, að því er yfirvöld greindu frá. Banaslys eru tíð í umferðinni í Marokkó.

Þjónustumiðstöð
Árbæjar og Grafarholts

Pantaðu viðtal

Ágæti borgarbúi

Pantaðu viðtal við borgarstjóra í þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Bókaðu tíma í síma 411 1200. Komdu og ræddu þin mál við borgarstjóra. Heitt kaffi á könnunni.

Með bestu kveðju

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is

Viðtalstími föstudaginn 13. janúar kl. 10–12

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts | Bæjarhálsi 1 | Sími 411 1200

Næstu viðtöl borgarstjóra:
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða – 20. janúar kl. 10–12

Borgarstjórnin í Reykjavík



Sjálfskipt í Fiesta. Núna

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

Berðu saman Yaris og Fiesta

Fáir bílar eru jafn léttir í akstri og Ford Fiesta. Þú vilt sterkan sjálfskiptan smábíl sem gott er að keyra og auðvelt er að umgangast. Bíl sem auðvelt er að fara inn í - og út úr - án þess að þurfa reyna mikið á líkamann; hendur, fætur, mjöðm eða bak - þú prófar nýjan og breyttan Fiesta.

Skiptu núna um bíl: Fiesta er nýtt tákni um nýja hönnun smábíla og skartar því besta frá stærri bílum eins og Focus og Mondeo. Gömul tákni eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Fiesta, aksturseiginleikarnir, sjálfskiptingin og glæsilegt útlit kalla á nýjan samanburð.

Berðu saman Toyota Yaris Sol og Ford Fiesta Trend. Kynntu þér staðalbúnaðinn. Farangursrímið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Kynntu þér greiðslukjörin. Berðu saman verð og gæði og nýtt viðmið verður til fyrir val á rétta bílnum. Veldu sjálfskiptan Fiesta.

Nýr og breyttur Ford Fiesta: Lægra verð, meiri búnaður.*

Kaupverð	Bílasamningur	Rekstrarleiga
Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 girja 1.390.000 kr.	Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur 1.540.000 kr.	Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 girja 18.920 kr.
		Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur 20.970 kr.
		Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 girja 26.910 kr.
		Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur 29.590 kr.

Berðu saman mikilvægasta búnaðinn; vélina, sjálfskiptinguna, IPS öryggiskerfið: Þú færð 1,6 l, 100 hö. Fiesta í stað 1,3 l, 87 hö. Yaris eða meiri kraft en svipaða eldsneytiseyðslu. Öryggiskerfið er hjarta Fiesta og státar af IPS öryggisbúnaðinum. Berðu saman aksturseiginleika Fiesta og Yaris. Spurðu um ABS bremsur, EBD hemlajöfnun, IPS öryggispúða fyrir framsæti, einnig um IPS öryggispúða í hlöðum. Spurðu um 3-punkta bilbælti fyrir öll sæti, rafstýrða bilbæltastrekkjara og hæðarstillingu fyrir bilbælti. Rafstýrða eldsneytislokun. Styrktarbita í hurðum. Ræsisvörn. Þú finnur aðeins það besta í Fiesta og Yaris. Taktu um stýrið og alvöru sjálfskiptingin gefur

til kynna að þú ert í meiri og betri bíl en áður. Tryggðu öryggi þitt. Berðu saman verð og gæði.

Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu nýjan og breyttan Ford Fiesta.

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

IPS öryggisbúnaður	Upphitanleg framsæti
4 öryggispúðar	Trend áklæði á sætum
5 höfuðpúðar	Tviskipt aftursæti
ABS hemlajöfnun	Geislaspilari og 4 hátalarar
EBD hemlajöfnun	Rafdrifnar rúður að framan
Rafstýrðir bilbæltastrekkjara	Fjarþrögn á skotti
Hæðarstillt bilbælti að framan	Rafdrifnir og upphitanlegir útspeglar
Ræsisvörn	Litað gler
Fjarstýrð samlæsing	Samlitir stuðarar
Hæðarstilling á öllum sætum	Pokuljós
Hæðarstillanlegt stýri	

Eða Fusion - svolítið jeppalegri?

Skoðuðu einnig nýjan og breyttan Ford Fusion. Þú ert á meiri og betri bíl en áður. Hann er hærr og enn auðveldari að umgangast. Líka svolítið jeppalegri. Skoðuðu kynningartilboðin á sjálfskiptum Fusion í dag, einnig greiðslukjörin.

Komdu í Brimborg.

■ Ford Fusion Trend 5 dyra 1,6i sjálfskiptur*
Kaufverð 1.650.000 kr.
Bílasamningur 22.460 kr.
Rekstrarleiga 31.530 kr.

Nýttu þér kynningartilboðin á nýjum og breyttum Ford Fiesta. Skoðuðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi



■ Ford Fiesta Trend 3 dyra 1,4i 5 girja*
Kaufverð 1.360.000 kr.
Bílasamningur 18.500 kr.
Rekstrarleiga 26.400 kr.



■ Ford Fusion Trend 5 dyra 1,4i 5 girja*
Kaufverð 1.470.000 kr.
Bílasamningur 19.990 kr.
Rekstrarleiga 28.350 kr.



■ Ford Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 girja*
Kaufverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 25.730 kr.
Rekstrarleiga 33.990 kr.



■ Ford Focus C-Max Trend 5 dyra 1,6i 5 girja*
Kaufverð 1.845.000 kr.
Bílasamningur 25.000 kr.
Rekstrarleiga 32.200 kr.



■ Ford Mondeo Ghia 4 dyra 2,0i 5 girja*
Kaufverð 2.290.000 kr.
Bílasamningur 31.180 kr.
Rekstrarleiga 40.900 kr.



■ Ford Galaxy Trend 7 manna 2,0i 5 girja*
Kaufverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 35.470 kr.
Rekstrarleiga 46.900 kr.



■ Ford Mustang Deluxe Coupe 4,0i V6 5 girja*
Kaufverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 38.940 kr.



■ Ford Escape XLS 4x4 5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaufverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 36.620 kr.
Rekstrarleiga 47.900 kr.



■ Ford Freestyle SEL 4x4 7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaufverð 3.660.000 kr.
Bílasamningur 46.950 kr.
Rekstrarleiga 64.400 kr.



■ Ford Explorer XLT Sport 4x4 5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaufverð 3.990.000 kr.
Bílasamningur 51.500 kr.
Rekstrarleiga 71.850 kr.



■ Ford Expedition XLT 4x4 8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaufverð 4.395.000 kr.
Bílasamningur 59.810 kr.
Rekstrarleiga 87.390 kr.



■ Ford Ranger XL Crew Cab 4x4 4 dyra 2,5 turbo dísil 5 girja*
Kaufverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 32.250 kr.
Rekstrarleiga 45.400 kr.




■ Ford F150 Lariat SuperCrew 4x4 4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaufverð 3.495.000 kr.
Bílasamningur 47.560 kr.



■ Ford F350 Lariat Crew Cab 4x4 4 dyra 6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaufverð 3.995.000 kr.
Bílasamningur 54.360 kr.



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.



Öruggur staður til að vera á



HINDÚAHÁTÍÐ Helgur maður hindúa leikur á hljóðfæri í tjaldbúðum við ósa Ganges á Inlandi, en hindúiskir pilgrímar munu fjölmenna við ósana á laugardag til að baða sig í ánni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kröfu Reykjavíkurborgar um frávísun á máli erfingja Jóhannesar Kjarval hafnað:

Erfingjar Kjarvals höfðu betur

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur féllst ekki á kröfu Reykjavíkurborgar um að vísað yrði frá dómi máli sem snertir eignarhald á verkum listamannsins Jóhannesar Sveinssonar Kjarval. Úrskurður féll í gær, en málið höfðuðu Guðrún Kjarval, eftirlifandi eiginkona málarans, og Metta Stiil, dótturdóttir fyrri eiginkonu hans.

Kristinn Bjarnason, lögmaður Guðrúnar og Mette, segir dóminn ekki hafa fallist á þau rök borgarinnar að stefna málsins væri of ítarleg og frávísunarkröfunni hafi því verið hafnað. „Dómarinn telur að þetta sé nægjanlega



KRISTINN BJARNASON Kristinn er lögmaður Guðrúnar Kjarval og Mette Stiil í málarekstri þeirra gegn borginni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

skilmerkilega sett fram til að hægt sé að fjalla um málið,“ segir hann.

Borginni er í stefnu gefið að sök að hafa sölsað undir sig yfir fimm þúsund verk málarans, auk bóka úr dánarbúi hans, síðla árs 1968. Ekkja Kjarvals og dótturdóttir vilja fá munina afhenta og gera kröfu um 200 þúsund króna dagsektir, verði það ekki gert 15 dögum eftir dómsupplýsingu.

Næst verður málið tekið fyrir í febrúarbyrjun og segir Kristinn útlit fyrir að aðalmeðferð gæti farið fram í fyrri hluta marsmánaðar.

- óká

Umboðsmaður Alþingis:

Tekur undir kvörtun föður

DÓMSMÁL Umboðsmaður Alþingis gerir dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að taka til endurskoðunar beiðni föður sem óskaði eftir gjafsókn til málaferla við barnsmóður sín, vilji hann það.

Ráðuneytið vísaði beiðni mannsins frá á þeim forsendum að maðurinn hefði áður farið í mál við móðurina vegna dóttur þeirra. Ekki yrði séð að aðstæður þeirra hefðu breyst þannig að niðurstaða sem fengist fyrir dómi yrði önnur. Umboðsmaður benti á að fyrra dómsmálið hefði til að mynda aðeins varðað forsjá dóttur þeirra en ekki sonar. Þá hefði móðirin ekki leyft föðurnum að hitta börnin.

- gag

Auglýsing um innlausnarverð verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs

Flokkur	Innlausnartímabil	Innlausnarverð* á kr. 10.000,-
1989 2. fl. A 10 ár	15.1.2006 til 14.1.2007	kr. 41.167

* Innlausnarverð er höfuðstóll, vextir, vaxtavextir og verðbætur.

Innlausn spariskírteina ríkissjóðs fer fram í afgreiðslu Lánasýslu ríkisins að Borgartúni 21, 2. hæð, hjá Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1 og í bönkum og sparisjóðum um land allt.

Reykjavík, 10. janúar 2006



www.riksid.is

TÍÐNI UMFERÐARSLYSA OG LÁTINNA Á REYKJANESBRAUT



Stórslysalaust eftir tvöföldun

Tvöföldun Reykjanesbrautar virðist þegar vera farin að borga sig en ekkert dauðaslys hefur orðið eftir að stór kafla brautarinnar var tvöfaldaður.

UMFERÐARMÁL Ekkert dauðaslys hefur orðið á Reykjanesbraut síðan tvöföldun á stórum kafla brautarinnar lauk en áætlað er að framkvæmdum við brautina ljúki á næstu árum.

Reykjanesbrautin var lengi vel sá staður á landinu þar sem bana-slys voru tíðust en mikil breyting hefur orðið á tíðinni síðan tvöföldun brautarinnar kom til.

Sigurður Helgason, forstöðumaður Umferðarstofu, segir það vera mikið ánægjuefni að slysum hafi fækkað en hann þakkar árangurinn ekki síst því að ákveðið var hækka ekki hámarks-hraðann á brautinni þrátt fyrir tvöföldun hennar. „Það er alveg ljóst að það var rétt ákvörðun að hækka ekki hámarks-hraðann. Þannig náðust öll þau öryggismarkmið sem nauðsynlegt er að hafa á jafn fjölförnum vegi og Reykjanesbrautin er.“

Mikill hraði hefur ávallt einkennt umferðina á Reykjanesbrautinni en að sögn Ágústar Mogensen, starfsmanns rann-

sóknarnefndar umferðarslysa, virðist sem tvöföldun brautarinnar hafi haft góð áhrif á háttalag öklumanna og umferðin sé nú síst hraðari en hún var fyrir tvöföldunina.

„Þegar ég hóf störf hjá rannsóknarnefndinni árið 2000 fór ég margoft á Reykjanesbrautina og oftast en ekki var um harða árekstra að ræða. Svo hélt ég áfram að fara á Reykjanesbrautina reglulega næstu ár á eftir, þangað til tvöfölduninni á stórum kafla lauk. Það er mikilvægt að hafa stórar og fjölfarnar götur við höfuðborgarsvæðið tvöfaldar. Sérstaklega þarf að tryggja betra öryggi á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi, auk Reykjanesbrautar, því það er nær undantekningarlaust um alvarleg slys að ræða á þessum slóðum þar sem bílar skella saman úr gagnstæðri átt. En annars eru þessi mál í réttum farvegi og ég sé fram á að öryggi á þessum fjölförnum vegum muni aukast verulega á næstu árum.“

magnush@frettabladi.is

NISSAN PATROL



SKIPT_um væntingar



2006

LENGI MÁ GOTT BÆTA

Nissan Patrol hefur löngu sannað sig sem einhver traustasti fjallajepi sem völ er á. Hann tekur líka stöðugum framförum og fæst nú með 35" og 37" breytingu frá Arctic Trucks.

Tegund	Verð
Patrol Luxury beinskiptur	3.990.000,-
Patrol Luxury sjálfskiptur	4.090.000,-
Patrol Elegance beinskiptur	4.390.000,-
Patrol Elegance sjálfskiptur	4.490.000,-

Nýjarstilboð – 250.000,- kaupauki

33" dekk, stigbretti og dráttarbeiðli að verðmæti 250.000 krónur.



Veidikortíð 2006 og árs aðild að 4x4 klúbbum í kaupbæti!

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Leiðtogi Norður-Kóreu í Kína:

Fór með lest til Kína

SUÐUR-KÓREA, AP Leiðtogi Norður-Kóreu, Kim Jong Il, er nú staddur í Kína í einni af afar sjaldgæfum ferðum sínum út fyrir landsteina heimalands síns, samkvæmt upplýsingum frá talsmanni suðurkóreska hersins. Talsmaðurinn sagðist hafa fengið staðfest frá Kína að Kim hefði komið þangað í gær.

„Við vitum að hann fór þangað með lest,“ sagði hann og bætti við að ástæður heimsóknar Kims væru ekki kunnar.

Kínversk yfirvöld vildu ekki staðfesta neitt um heimsóknina,



SENDIRÁÐ NORÐUR-KÓREU Kínverskur maður stendur vörð við norðurkóreska sendiráðið í Beijing í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

en viðurkenndu þó að til stæði að Kim heimsækti Kína.

- smk



ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
SMÁRALIND SÍMI 530 2900

ÞAÐ BESTA AF ÞVÍ BESTA

Kynnum með stolti það allra nýjasta og besta í vegg sjónvörpum.

Sjón og heyrn er sögu ríkari.
Komið í heimabíó-básana okkar
í Smáralind og Síðumúla 9
og kynnist því besta.

SAMSUNG

SAMSUNG LE40M61BX
Háskerpu LCD vegg sjónvarp.
*Valið besta LCD Sjónvarpið
2005-2006*
6,4 milljarðar lita
Skerpa 5000:1
Verð kr. 369.990



PUREBLACK
Crystal Layer



PUREBLACK
Crystal Layer

Pioneer

PIONEER PDP-506XDE/FDE PLASMA SKJÁR
Valið besta Plasma sjónvarpið 2005-2006
Skjá stærð 127 cm (50 "r). Skjáhlutfall 16:9.
Upplausn 1280 x 768 punktar. HD Ready/2x HDMI.
Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 4000:1
Verð frá: 499.900

Pioneer

PDP-436XDE/FDE PLASMA SKJÁR
Skjá stærð 109 cm (43 "). Skjáhlutfall 16:9.
Upplausn 1024 x 768 punktar. HD ready/2 X HDMI.
Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 3000:1
Verð frá kr.: 399.900



LOEWE.

LOEWE er virtasti sjónvarpsframleiðandi Þýskalands og leggur ríka áherslu á tækni, þróun og glæsilega hönnun. LOEWE Individual er skýr sönnun þess.

LOEWE INDIVIDUAL

Skjástærð: 32 tommur 80cm.
HD Ready - HDTV háskerpusjónvarp
Skjáform: 16:9
Upplausn: 1366 x 768, contrast filter
Innbyggður DVB-T /S stafrænn sjónvarpsmóttakari
Stafrænt inn- og úttengi
Mynd í mynd (PIP)
Textavarp 3500 síðna minni
Birta: 450 cd/m²
Magnari 4x40w
Verð kr. 299.900



VERTU EINSTAKUR/EINSTÖK!

LOEWE INDIVIDUAL býður upp á allt að 63 valkosti í áferð og lit.



RÁDIONAUST
FURUVÖLLUM 5 · AKUREYRI · SÍMI 461 5003

Við seljum merkjavöru. Merkjavara þýðir gæði.

„ORÐRÉTT“

Eins og hvert annað kvef

„Ég var að tala við ættingja mína í Istanbúl í gær og þeir voru alveg rólegir yfir þessu.“

TYRKINN HAKAN GULTEKIN, EIGANDI KEBABHÚSSINS Í REYKJAVÍK, UM FRÉTTAFLUTNING AF FUGLAFLENSUTILFELNUM Í TYRKLANDI. FRÉTTABLAÐIÐ.

Drúgur þagnarinnar

„Ég varð kjafstopp í hálf tíma og þegi nú ekki oft.“

BALTASAR KORMÁKUR KVÍKMYNDALEIKSTJÓRI UM SNJÓPRÚGURNAR SÍNAR SEM VORU FRAMLEIDDAR Í BÆ SEM VAR SÖGUSVIÐ KVÍKMYNDAR HANS. MORGUNBLAÐIÐ.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HRAFN JÖKULSSON FYRRVERANDI FORSETI HRÓKSINS

Hyggst skrifa skáksögu Íslands

„Það er ótalmargt af mér að fréttast og mest af því mjög skemmtilegt,“ sagði Hrafn Jökulsson, einn af driffjöðrum skákhreyfingarinnar á Íslandi, en hann hætti nýlega sem forseti skáklíðsins Hróksins.

Systursonur Hrafn, Kristján Kormákur Guðjónsson, tók við forsetaembættinu en Hrafn er ekki í nokkrum vafa um að kraftur verði í íslensku skáklífi á næstu árum. „Ég mun auðvitað áfram starfa með félögum mínum í Hróknum. Ég er þessa dagana að leggja lokahönd á skipulagninu framtíðar félagsins og þar með skákífsins á Íslandi. Þar fyrir utan er ég að lesa bækur og að undirbúa mig fyrir bókarskrif.“

Hrafn hyggst skrifa skáksögu Íslands en hann telur hana einnig



vera sögu íslenska tíðarandans. „Íslensk skáksaga hefst við upphaf byggðar í landinu þannig að hún er einnig saga íslensks mannlífs. Þetta er áhugavert verkefni sem ég hlakka til að takast á við. Það er af mörgu að taka en ég mun fyrst um sinn víða að mér ýmsum heimildum um skákina hér á landi. Við Íslendingar tókum skáklíðskapinn og skáklíðina með okkur frá Noregi á sínum tíma. Ég mun reyna að sameina þetta tvennt í bókinni.“

Hrafn hefur um langt skeið starfað ötullega að eflingu skáklíðarinnar á Íslandi. Undir forystu Hrafn fóru svo félagar úr Hróknum til Grænlands og tefldu með heimamönnum. „Ég er nú að undirbúa ásamt félögum mínum í Kalak, vinafélagi Íslands og Grænlands, Barnaheillum á Íslandi og Rauða krossinum, áframhald skákstarfsins á Grænlandi en ferð okkar í desember til Austur-Grænlands var tvímælaust hátindurinn á starfi okkar þar og ég hlakka til þess að skipuleggja framhaldið með félögum mínum í Hróknum.“

nær og fjær tilveran



ÍSSKÚLPTÚR Í LJÓSBADI Hin árlega snjó- og íshátíð í borginni Shenyang í norðurhluta Kína stendur nú sem hæst. Listamenn hafa skapað margskonar verk í ís og geta borgarbúar og gestir barið dýrðina augum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heimsmenning við Djúp

Jafnvel í afskekktustu sveitum finnast miklir heimsborgarar. Það var blaðamanni ljóst þegar hann tók hús á Sigurjóni Samúelsyni bónda og plötusafnara. Hann er þó kannski ekki svo víðförull heimsborgari heldur hefur hann flutt heimsmenninguna að bæ sínum að Hrafnabjörgum við Ísafjarðardjúp.

„Ég man nú ekki hvaða geisladisk ég keypti síðast, ætli það hafi ekki verið Írafár enda á Birgitta Haukdal ættir að rekja hingað við Djúp,“ segir Sigurjón. Tónlistin sem hljómar undir ræðu hans er þó ólík þeirri sem Írafár fæst við

en undir nálinni er 78 snúninga plata með Vilhelm Herold sem gefin var út árið 1907. Plötusafn Sigurjóns er mikið um sig en hann á um sjö þúsund plötur og nokkur hundruð geisladiska.

„Fyrstu plötuna sem ég eignaðist gaf föðursystir mín mér. Það var plata með Gunnari Óskarsyni ásamt kirkjukór sem tekin var upp í útvarpinu árið 1942,“ segir Sigurjón meðan hann setur norska grammófónplötu á fóninn. „Mér þótti þetta náttúrlega afskaplega fallegur gripur,“ bætir hann við og ekki þarf að spyrja að því að safnarinn hefur haldið þessari plötu til haga. „Þetta er norsk harmonikkuleikarinn Toralf Tollefsen,“ segir Sigurjón þegar harmonikkutónarnir byrja að hljóma. „Af plötuumslaginu að dæma mætti halda að hann væri



SIGURJÓN SAMÚELSSON VIÐ PLÖTUSAFNIÐ Sigurjón stendur hér við hluta plötusafnsins en fyrir aftan hann er grammófón af gerðinni His Masters Voice frá árinu 1914 en sá er enn í góðu lagi.

að spila fyrir Bjarna í Vigur,“ segir hann og hlær við en á plötuumslaginu má sjá Toralf með fjöllin Hest og Fofafót í baksýn líkt og þau blasa við af túnfæti Bjarna í Vigur.

Það er ekki gassaganginum fyrir að fara þegar bóndinn höndlar plötur sínar enda eru þær í góðu ástandi og plötur frá þriðja og fjórða áratugnum sýndust blaðamanni sem glænýjar.

„Veistu hvað þetta er?“ spyr Sigurjón blaðamann svo meðan hann tekur svartan hólur úr hringlaga hylki. Blaðamaður stendur á gati svo Sigurjón fræðir hann um það að þetta sé svokallaður Edisons-hólkur frá því seint á þar-síðustu öld en á honum er aðeins eitt lag. Þessi hólkur var leikinn á sérstökum Edisons-grammófóni.

Eftir að hafa svo hlýtt á Sigurð Skagfield rekur blaðamaður

augun í plötu með Jet Black Joe. Aðspurður um þann grip segir Sigurjón: „Ég keypti þetta fyrir forvitnissakir. Þetta er alveg ágætt, ég hef hlustað á þetta einu sinni eða tvisvar.“

En hvaða söngvara skyldi nú bóndanum þykja vænst um af þeim fjölmörgu sem ljá plötum hans sál? „Mér þykir afskaplega gaman af Sigurði Skagfield en ég var svo heppinn að hitta á hann. Þá var hann reyndar orðinn þjakkur af lífsins raunum. Hann söng einu sinni inn á plötu í Bretlandi sem síðan átti að flytja hingað til lands en svo reyndist ekki til peningur til að leysa plötufarminn úr tolli. Þá var hún seld á mörkuðum í Bretlandi og ég veit aðeins um eina sem rataði hingað til lands.“ Blaðamaður lætur lesendum eftir að giska í hvaða plötusafni hana er að finna.

JÖNSSON & LEWIS - JUS
**FIMM
MÍNÚTUR**



AF TÖMRI HAMINGJU

ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR

Stefnt að uppbyggingu skemmti- og fræðaseturs innan skamms:

Ímynd vísinda og tækni verði bætt

Skemmti- og fræðasetur á sviði vísinda og tækni verður að líkindum opnað í Reykjavík innan tíðar. Samningur um stofnun félags sem vinna mun að undirbúningi setursins var undirritaður á mánudag.

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands og Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, undirrituðu samninginn.

Frumkvöðullinn að þessari hugmynd hér á landi er Ari Ólafsson, dósent í eðlisfræði, en að hans sögn er mikil þörf á því að efla ímynd vísinda hér á landi

sem og annars staðar. „Að miklu leyti snýst þetta mál um ímyndarmíð. Raunvísindamenn eru almennt frekar slakir áróðursmenn og það þarf að bæta ímynd vísinda og tækni. Börn eru alin upp við það í gegnum sjónvarps-efni að vísindamenn séu brjáláðir og illgjarnir. Þessu þarf að breyta og það er okkar von að hægt verði að upplýsa börn um það í tilraunahúsinu að raunvísindi geti verið bæði skemmtileg og nærandi fyrir hugann.“

Skemmti- og fræðasetur á sviði vísinda og tækni er að finna í flestum stærri borgum heims. Þau eru afar vinsæll

áfangastaður ungs fólks og gegna mikilvægu hlutverki í því fræða börn, unglinga og fullorðna um hlutverk vísinda í lífinu.

Vonir standa til þess að hlutafé muni hlaupa á hundruðum milljóna króna, en setrið á að vera allt hið glæsilegasta. Félagið sem stofnað verður mun leita bæði til fyrirtækja og einstaklinga eftir hlutafé.

- mh

SAMNINGURINN HANDSALAÐUR Hafinn er undirbúningur að stofnun skemmti- og fræðaseturs á sviði vísinda og tækni. Er því ætlað að auka áhuga á vísindum og tækni og bæta ímynd greinanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR



BÆJARSTJÓRINN OG BÆJARSTJÓRINN LEIKINN Hefð er fyrir því að Albert Eymundsson sé tekinn fyrir á þorrablóti Hornfirðinga.

Deilt um hlutverkaskipan:

Allir vilja bæjarstjórinn vera

Djúpstæður ágrenningur hefur sett mark sitt á starf þorrablótsnefndar Hornfirðinga í ár og segir Halldóra Katrín Guðmundsdóttir, talsmaður nefndarinnar, að hver höndin sé uppi á móti annari. „Ágreiningurinn er þó ekki illskeyttur heldur snýst um það að átta karlmenn af þrettán, sem sæti eiga í þorrablótsnefndinni, vilja allir leika bæjarstjórn okkar á blótinu,“ segir Halldóra.

Hefð er fyrir því að máttarstólpar samfélagsins á Höfn séu teknir fyrir á þorrablóti Hornfirðinga og hefur Albert Eymundsson bæjarstjóri oftast en ekki orðið skotspónn þeirra sem skemmta. „Til að freista þess að koma á friði í nefndinni ákváðum við að leyfa þeim öllum að taka þátt í áheyrnarprufu. Þriggja kvenna dómnefnd mun svo velja besta Albertinn en við teljum að hornfirskar konur hafi fylgst betur með tilburðum og kenjum bæjarstjórans en kynbræður hans,“ segir Halldóra.

Áheyrnarprófið fór fram í gærkvöld en Halldóra vildi ekki gefa upp hvar það fór fram og úrslit verða ekki kunngerð fyrir en í vikulok.

-kk



BRUNAD NIÐUR BREKKUNA Snjóþotur voru dregnar fram úr geymslum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Höfuðborgarsvæðið hvítt:

Börnin kættust

Líkt og vant er þegar snjóár glöddust börnin á höfuðborgarsvæðinu í gær. Veturinn hefur nánast verið snjólaus og því ekki hægt að bregða sér í hefðbundna vetrarleiki með snjóásti, snjóhúsum, snjókörlum og -kerlingum, né heldur renna sér niður brekkur á snjópotum.

Þó að fá tækifæri hafi gefist til snjóleikja fram til þessa kunnubörnin vel til verka og báru sig fagmannlega við leiki sína. Snjóboltar flugu í allar áttir og líklega hefur stöku snjóhús skotið upp kollinum.

FLÖG/STÍ

ER BILINN PINN ER
KANINSKI EKKI
SÞÚKRABÍL EN
EINHVERN TÍMANI
GÆTIRDU PURFT AÐ
KOMU TIL HJÁLPAR
ÁÐ OG GATSSYS
PARFTU AÐ HUGSA
HRYH!

SKRÁÐU ÞIG Á NÁMSKEIÐ Í SKYNDIHJÁLÞ

Skyndihjálþ kemur okkur öllum við því við verðum að geta brugðist skjótt við ef eitthvað kemur upp á. ESSO, í samvinnu við Rauða Kross Íslands, býður nú almenningi upp á námskeið í skyndihjálþ. Almennt verð er 3.900 kr. og Safnkortshöfum býðst námskeiðið á **aðeins 1.900 kr.** ásamt 1.000 punktum. Nánari upplýsingar um dagsetningar og tíma er hægt að nálgast í þjónustuveri ESSO í síma **560 3400** eða á **www.esso.is**.

 **Rauði kross Íslands**



Allt að
500

afsláttur

af gólfefnum á útsölu!

**BYKO
ÚTSALA**

**GÓLFEFNI
Á ÚTSÖLU**

%

**FRÁBÆR
KAUP!**

*Gerðu enn betri kaup
á glæsilegu parketi
og flisum í BYKO*



BYGGIR MEÐ ÞÉR



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 Reykjavík 11.03 13.36 16.08
 Akureyri 11.11 13.20 15.30
 Heimild: Almanak Háskólans

allt

bílar o.fl.

Tvinnbílar
 Sala margfaldast

BLS. 2

nám o.fl.

Dans
 Tengir líkama og sál

BLS. 4

ferðir o.fl.

Leitarvélar
 Ódýrir flugmiðar á netinu

BLS. 5

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.

Góðan dag!

Í dag er miðvikudagurinn 11. janúar, 11. dagur ársins 2006.

KRÍLI

Ég fæddist á því herraans fári 1998!



SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
 Sími: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ
 SMÁAUGLÝSINGAR
 Á visir.is

visir



Sigrún ætlar að útskrifast í vor eftir þriggja og hálfis árs nám í MH.

Á flakki um Frakkland og víðar

Sigrún Þorsteinsdóttir tók sér einnar annar frá menntaskólanámi og hélt á vit ævintýrana.

Ég fór til Frakklands í janúar í fyrra á vegum Stúdentaférla, ásamt tveimur bekkjarsysturum mínum. Við byrjuðum á að vera einn mánuð í málaskóla í Montpellier í Suður-Frakklandi til að fá aðeins undirstöðu í frönskunni og síðan fórum við að vinna hver á sínu hóteli. Ég var í borg sem heitir Nimes og vann sem þjónn í einn og hálfan mánuð. Það var á vissan hátt lærdómsríkt en þó fannst mér ég of einangruð svo ég hætti þar og fór aftur í málaskólann í tvær vikur í viðbót. Síðan lögðumst við allar þrjár í flakk í einn mánuð og það var alveg rosaalega gaman. Plönuðum eiginlega ekki neitt en áttum einhvern smá pening og æddum af stað. Við vorum ótrúlega heppnar og hittum margt skemmtilegt fólk

á leiðinni. Gistum á farfuglaheimilum, hjá vini vinkonu okkar og þar fram eftir götunum. Byrjuðum á að skreppa til Barselóna, þaðan fórum við til Cannes og komumst þar í leifarnar af kvikmyndahátíð. Gistingin var reyndar í ógeðslegu húsi en hún var ókeypis. Svo fórum við til Nice og þaðan skruppum við til Genúa á Ítalíu, aðallega til að prófa að fara yfir landamærin og stíga fæti í fleiri lönd. Við skoðuðum Mónakó líka.

Sigrún segir þær vinkonur hafa skilið eftir megnið af sínum farangri eftir í Montpellier þar sem þær enduðu ferðina en borið helstu nauðsynjar á bakinu á flakki sínu. Hún var reyndar rænd í Barselóna en hafði þó heppnina með sér. „Töskunni minni var stolið með myndvélinni, símanum og öllu sem ég var með en stuttu síðar komu óeinkennisklæddir lögreglumenn með hana til mín áður en ég varð ránsins vör, þeir höfðu þá handsamað þjófinn.“ ■

ÚTSALAN

HEFST Á MORGUN KL 10:00



NÝTT KORTATÍMABIL

UNIKA

Fákateni 9 Sími: 568 6700
 mán-fös: 10-18, laug: 11-16 og sun: 13-16
www.unika.is

fá FJÖLBRAUTASKÓLINN
 VÍÐ ARMULA

Skráning í fjarnám

á vorönn 2006 fer fram 6. – 15. janúar
 á heimasíðu skólans. Slóðin er www.fa.is

Fjarnám allt árið! Þitt nám þegar þér hentar!

Saab 9-3 á lækkuðu verði

Viðskiptavinir Ingvars Helgasonar njóta góðs af magninnkaupum GM í Danmörku.

Vegna samstarfs Ingvars Helgasonar við GM í Danmörku njóta viðskiptavinir góðs af magninnkaupum GM við frændur sína í Svíþjóð. Umboðið getur því boðið Saab 9-3 á verði frá 2.290.000. SAAB á sér áratug-alanga sögu og er sérstaklega hannaður fyrir skandinavískar aðstæður. SAAB hefur fengið fimm stjörnur frá NCAP tvö ár í röð og fékk 9-3 nýlega gullverðlaun fyrir öryggi

frá IIHS í Bandaríkjunum. Einnig hafa tímaritin Auto Trader og New Car Buyer's Guide í Bretlandi verðlaunað Saab 9-3 sem bíl ársins í sínum flokki. Saab er nú aftur áberandi á markaðnum eftir nokkurt hlé og hafa viðbrögðin verið framar björtustu vonum, til að mynda seldist Saab upp hér á landi í sumar.



Saab 9-3 fæst nú á lækkuðu verði hjá Ingvari Helgasyni.



Lexus RX 400 er tvinnbíl sem valinn var bíll ársins hér á landi 2005 í flokki jeppa og jeplinga.

269 vörubílar skráðir 2005

SCANIA ER MEST SELDI VÖRUBÍLLINN Á ÍSLANDI MEÐ TÆPLEGA 32% HLUTDEILD.

Samkvæmt sölutölum Umferðarstofu voru alls skráðir 269 hefðbundnir vöru- og flutningabílar, 16 tonn og stærri, á árinu 2005 og er það mesta skráning frá upphafi í þessum flokki. Scania var söluhæsti vörubíllinn, en alls voru skráðir 85 Scania vörubílar á síðasta ári. Er þetta fimmta árið í röð sem Scania er söluhæsti vörubíllinn í þessum flokki. Ásmundur Jónsson, framkvæmdastjóri vélasviðs Heklu, sem er umboðsaðili Scania, segir sölu á þá mestu frá árinu 1954 þegar fyrsti Scania vörubíllinn var fluttur inn til landsins. Hann telur sölu



Scania vörubílar eru þeir mest seldu hér á landi.

verða minni í ár en er þó mjög bjartsýnn því þegar liggja fyrir margar staðfestar pantanir á bílum til afgreiðslu á árinu 2006.

Full búð af aukahlutum á bílinn þinn lexusljós, angeleyes, neonljós, græjur, spoilerar, lækkunargormar, kraftsiur, racekútar, o.fl.



AG Mótorsport - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547

Verzlun á netinu : www.agmotorsport.is



Sala tvinnbíla margfaldast

Mikil söluaukning varð á tvinnbílum í Bandaríkjunum á síðasta ári. Tvinnbílar hafa bæði rafmótor og venjulega bensínvél. Bílarnir hafa þann kost að vera mun sparneytnari í innanbæjarakstri en hefðbundnar vélar og eru þar af leiðandi umhverfsvænni.

Tvinnbílar eru misjafnir að gerð og hefur hver bílaframleiðandi sína útgáfu af tvinntækninni. Allir tvinnbílar eiga það þó sameiginlegt að hafa tvo orkugjafa, annars vegar hefðbundna vél sem brennur bensín og hins vegar rafmótor. Samvinna orkugjafanna gerir bensínvélinni kleift að ganga ávallt á kjörsnúningi og spara þannig bensín. Aðeins við mikið álag og hraðakstur eykst snúningshraði bensínvélarinnar en í kyrrstöðu og upp að 25 km hraða er alveg slökkt á vélinni.

sparnaðurinn við tvinnvélar er lítill sem enginn við svokallaðan þjóðvegaakstur þar sem vélin er þanin í lengri tíma án þess að hemla.

Í dag eru til níu tegundir af tvinnbílum, þar af fjórar tegundir fólksbíla, fjórar tegundir fjölnota bíla og jeplinga, og ein tegund pallbíls. Á næsta ári er gert ráð fyrir því að tegundirnar verði orðnar 19 og árið 2008 ætla Porsche að setja Cayenne með tvinnvél á markað og verða tegundirnar þá orðnar 20.

Tveir tvinnbílarnir eru fánlegir á Íslandi. Þær eru Toyota Prius, sem hefur yfirburða markaðsstöðu á tvinnbílamarkaðnum, og lúxusjeppinn Lexus RX 400. Umboðsaðili beggja bílanna er P.Samúelsson hf. ■

Frá því að fyrsti tvinnbíllinn, Toyota Prius, kom á markað 1997 hafa tvinnbílarnir verið í mikilli sókn. Í Bandaríkjunum jókst sala þeirra um 143% á síðasta ári og rúmlega 1% allra seldra bíla eru tvinnbílar. Bjartsýnustu spár gera ráð fyrir að þessi tala verði komin upp í 12% árið 2010 og þá verði 2 milljónir tvinnbíla á norður-amerískum vegum.

Enn sem komið er eru tvinnbílar dýrari en hefðbundnir bílar. Þó svo að bensínsparnaður vegi upp á móti þessum kostnaði eru flestir sérfræðingar sammála um að verð þurfi að lækka ef tvinntæknin á að ná varanlegri fótfestu á markaðnum. Ný tækni er alltaf dýr en þróunin er hröð og bílafyrirtæki keppast við að gera tvinnbílatæknina ódýrari og öflugri. Til að mynda hefur General Motors kynnt svokallaða Græna línu þar sem tvinntæknin hefur verið einfölduð til að ná kostnaði niður um allt að helming.

Tvinnvélar virkja og nýta hamlunarorku og þar sem bensínvél.

Notkunarmöguleikar tvinnbíla eru þeir sömu og hefðbundinna bíla. Þeir eru allt að 50% sparneytnari í innanbæjarakstri en sparnaðurinn minnkar og hverfur á endanum við mikið álag og hraðakstur. Þá hettir rafmótorinn að framleiða næga orku og bensínvélin tekur við. Þetta gerir það að verkum að



Saturn Vue Græna lína frá General Motors. Á alþjóða bílasýningunni í Detroit kynnti GM tvo nýja tvinnbíla. Saturn Vue og Chevrolet Tahoe en báðum bílum er ætlað að koma út 2007.

(AP PHOTO/GENERAL MOTORS)

Meirapróf – Nýir tímar

Nýlegir kennslubílar sem uppfylla Euró 2 mengunarstaðal, lærdú í nútímanum



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 18. janúar

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

Hyundai Tucson yfir þvera Afríku

Sex Hyundai Tucson sportjeppar fóru í leiðangur yfir þvera Afríku í þeim tilgangi að prófa bifreiðina við sem erfiðastar aðstæður.

Nýlega var farinn leiðangur yfir þvera Afríku á sex Hyundai Tucson sportjeppum. Leiðangurinn var farinn undir yfirskriftinni „Tucson Coast-to-Coast“ og var tilgangur hans að reyna á farartækin við sem erfiðastar aðstæður.

Að sögn Helgu Guðrúnar Jónasdóttur, kynningarstjóra B&L, voru aðstæður eins og best varð á kosið miðað við tilgang ferðarinnar. Farið var um fjalllendi

og eyðimerkur, hitinn var frá 13 gráðum og allt upp í 45 gráður. Bílarnir þurftu ekki nema 9,3 lítra af olíu á hverja 100 kílómetra að meðaltali en farartækin voru fulllestuð alla ferðina og með loftkælingu í gangi. Ekkert farartækjanna hafði búnaðumfram þann sem fylgir staðalútgáfu af 2.0 lítra dísilútgáfu.

Engar bílanir urðu í ferðinni ef frá eru talin tvö sprungin dekk og ónýtar loftsiur og leiðangurinn því vel heppnaður. Leiðangurinn var farinn á vegum Hyundai Portugal og hófst ferðin í lok nóvember. Eknir voru 6.200 km og farið um fjögur lönd sem voru Botsvana, Sambía, Suður-Afríka og Svazíland. ■



Ferðast var um fjögur lönd í Afríku á Hyundai Tucson sportjeppum til að reyna gæði þeirra við erfiðar aðstæður.



Nýjungar frá Daimler – Chrysler Kynnum í fyrsta sinn á Íslandi



Nýr 2006 Jeep Grand Cherokee Limited Turbo Diesel.

Búnaður: Vél: 3,0 L Mercedes Benz Turbo Diesel, 218 hestöfl, 5 þrepa sjálfskipting.

Drif: „Quadra Drive II“ = skynvætt sídrif með millikassa og lágu drifi.

Annar búnaður: ABS bremsukerfi, ASR spólvörn, ESP stöðugleikakerfi, fjarstýrðar samlæsingar, gler topplúga, allar rúður með rafknúnum upphöllum, metallic lakk, sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, skynjari fyrir loft í dekkjum, þjófavörn, xenon ljós, útispeglar upphitaðir og aðfellanlegir með rafmagni, aksturstölv, áttaviti, tvöföld opnun á afturhlara, regnskynjari, þakbogar, hraðastillir, mikið litað gler í afturgluggum („Privacy Glass“).

Innrétting: Leðurinnrétting, hiti í sætum, rafknúin sæti með minni, einnig minni á speglum og stýri, leðurstýri og gírhúsi, gólfmottur að framan og aftan, viðarinnrétting í mælaborði og hurðaspjöldum, hlíf yfir farangursými, glasabakkar frammi og afturi.

Hljómgræjur: 276 watta „Boston Acoustic“ með 6 diska CD spilarari í mælaborði og 6 hátalarar, aðgerðahöppur í stýri.

Eyðsla: 10,2 L / 100 km. í blönduðum akstri.

Verð: 5.490 þúsund.



Nýr 2006 Mercedes Benz R350 4x4

Verð frá 6.270 þús.

Sýningarbill á staðnum með eftirfarandi búnaði:


Búnaður: Vél: 3,5 L 24 ventla, sídrif, 6 manna, 7 þrepa sjálfskipting, „18 álfelgur 10 bita, ABS bremsukerfi, ASR spólvörn, ESP stöðugleikakerfi, fjarstýrðar samlæsingar, glerþak með opnanlegri lúgu, allar rúður með rafknúnum upphöllum, öftustu gluggar opnanlegir, metallic lakk, sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, króm pakki að utan, kastarar, ADS („Airmatic“) = loftpúðafjöðrun.

Innrétting: Leðurinnrétting („Full Leather“), hiti í sætum, valnotu viðarinnrétting í mælaborði og hurðum, hiti í fram og aftursætum, hlíf yfir farangursými, glasabakkar frammi og afturi.

Hljómteki: Harman/Kardon Logic 7 með 6 diska CD spilara í mælaborði og aðgerðarhnöppum í stýri, aukastillingar fyrir hljómgræjur úr aftursæti.

Eyðsla: 11,6 L / 100 km. í blönduðum akstri.

Verð með þessum búnaði: 7.335 þúsund.



www.sparibill.is

Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344

**NOTUÐ
TÆKI**



JCB 3CX
árg.2000 Vst.7.320



JCB 3CX
árg.1999 Vst.5.100



CASE 580
árg.1997 Vst.6.600



JCB 4CX Super
árg.2003 Vst.3.500



Hitachi 150W
árg. 2005 Vst.1.500



Símar 588 2600
og 893 1722
www.velaver.is



"Kom skemmtilega á óvart. Mjög vel skipulögð og góð kennsla. Frábær kennari og gott námsefni!"

Aldís Einarsdóttir, 39 ára Háskólanemi.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, nýsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurð, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

...næsta námskeið hefst 30. janúar

...SELFOSS 25. janúar

Námstækninámskeið - 2 vikna - hefst 14. janúar
(nokkur sæti laus).

Skráning er hafin á www.h.is
og í síma 586-9400.




Námskeið fyrir konur

Endurmenntunarstofnun verður með sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur í janúar.

Námskeiðið heitir Sjálfstyrking og samskipti fyrir konur og er þar aðaláhersla lögð á að auka sveigjanleika og sjálföryggi í samskiptum. Námskeiðið verður haldið 16.-23. janúar og er kennt á mánudögum og miðvikudögum frá klukkan 16.30-19.00. Kennarar á námskeiðinu eru Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, sérfræðingar í klínískri sálfræði, og námskeiðsgjald er 32.800 krónur. ■




Sjálfstraust er mikilvægt í samskiptum.



Alain Allard hefur mikla reynslu í að kenna hreyfingu og hefur UKCP-réttindi í sálfræðimeðferð.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIÐ
VEF.TV



HORFÐU EINSOG PÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á visir.is

Námsflokkar Reykjavíkur

Vorönn 2006

Viltu rifja upp grunnskólafögin?

Í prófedeild Námsflokka er kennd enska, danska, íslenska og stærðfræði á grunnskólastigi. Grunnám samsvarar 8. og 9. bekk og fornám samsvarar 10. bekk. Námið er ætlað þeim sem ekki hafa lokið grunnskólaprófi eða vilja upprifjun frá grunni.

Vantar þig áfanga í heilbrigðisgreinum?

Nokkrir áfanga í heilbrigðisgreinum verða kenndir á vorönn;
NÆR 103 • LYF 113 • ASU 104 • ÖLD 105 • SÁL 123 • FOS 104 • FTL 103

Áfanga á grunn- og framhaldsskólastigi eru kenndir er í Mjódd frá 16. jan. Skólagjöld miðast við kennslustundafjölda. Innritun fer fram frá 6. jan. kl. 9:00-16:00 í Mjódd, Þönglabakka 4 og í síma 567 7050.

Viltu bæta lestrar- og skriftarkunnáttu þína?

Námsflokkarnir veita greiningu í lestri og sérkennslu í lestri, ritun og stafsetningu þar sem hverjum og einum er mætt þar sem hann er staddur.

Upplýsingar veitir María I. Hannesdóttir lestarsérkennari í síma 551 2889 og Björg Árnadóttir forstöðumaður Námsflokka í síma 411 7000.

Íslenska fyrir útlendinga

Námsflokkarnir standa fyrir íslenskukennslu fyrir útlendinga í samvinnu við Mími-símenntun. Innritun og upplýsingar hjá Mími-símenntun í síma 580 1800.

www.namsflokkar.is • nfr@namsflokkar.is

Svo lengi lærir sem lifir

Dans sem tengir líkama og sál

Djúpt í ölduma er yfirskrift námskeiðs í fimm rytma dansi sem verður haldið í Fólkvangi á Kjalarnesi helgina 20. til 22. janúar. Sigurborg Kr. Hannesdóttir veit meira um það.

„Fimm rytma dans er góður fyrir líkama og sál og er iðkaður við margs konar tónlist. Ef ég á að skilgreina hann nánar get ég sagt að hann sé nær jóga en hefðbundnum dansi. Í rytmunum fimm þarf ekki að læra nein spor en í þeim er mismunandi öndun, hreyfing og orka og þetta er sérlega áhrifarík leið til að opna fyrir tjáningu og losa um hindranir.“ Sigurborg lýsir því síðan hvernig dansað er í gegnum þessa fimm rytma sem kallast flæði, stakkató, kaos, lýrik og kyrrð. „Það er byrjað hægt og farið mjúkt af stað en keyrt smám saman upp þar til hápunkti er náð – sem er kaos – og svo er farið hægt niður aftur. Þetta gerist eiginlega af sjálfu sér og þegar dansað er í gegnum þessa röð myndar dansinn öldu.“

Leiðbeinandi á námskeiðinu er Alain Allard frá Bretlandi. Að sögn Sigurborgar er þetta fimmta námskeið hans hér á landi, það fyrsta var árið 2000. „Alan hefur mikla reynslu af kennslu og er það vinsæll að hann er bókaður allt að ár fram í tímann,“ segir hún. Hún segir námskeiðið henta öllum, án tillits til aldurs, kyns, lögunar eða reynslu. Það eina sem þurfi sé löngun til að einbeita sér að hreyfingunni. En er það meiningin að dansa alla helgina?



„Sumir stunda hugleiðslu, aðrir fara út að skokka en dansinn er mín leið til að rækta sjálfa mig,“ segir Sigurborg.

„Það er alveg frjálst. Annaðhvort er að dansa alla helgina eða mæta bara á föstudagskvöldi. Það er svo magnað að þú að maður sé að niðurlotum kominn eftir öldudal í dansinum öðlast maður nýja orku, bæði líkamlega og tilfinningalega og getur haldið áfram. Þannig yfirstígur maður hindranir og sú reynslanýtist mann líka í daglegu lífi. Dansinn tengir líkama og sál og það eru svo yndislegir hlutir sem gerast í dansinum, kannski strax og kannski síðar. Það er eins og opnast blóm.“

Sigurborg gefur nánari upplýsingar um námskeiðið í síma 866 5527. ■

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ





Páskafrið er næsta langa frið og því er alveg tilvalið að fara að skipuleggja það ef fara á eitthvert út fyrir landsteinana.

Farmiðinn keyptur á netinu

Margir kjósa að ferðast á eigin vegum og styðjast við lág-gjaldaflugfélög. Á internetinu má finna margar síður sem gefa þann kost að setja saman ódýrar ferðir.



Margir nýta sér lágjaldavefsíður flugfélaga og leitarvélur til að kaupa ódýra farmiða út í heim.

Þær síður sem helst ber að nefna eru www.ryanair.com, www.eas-yjet.com, www.scandinavian.net, www.statravel.com og www.searchguide.biz. Á öllum þessum síðum má finna lág fargjöld sem koma áhugasömum út í heim fyrir lítið fé.

Einnig eru á vefnum tvær hagnýtar leitarvélur sem skanna heimasíður annarra flugfélaga í leit að ódýrasta fargjaldinu. Leitarvélarnar eru www.dohop.com og www.mobissimo.com. Dohop er mun stærri þar sem hún skannar yfir 600 flugfélög meðan Mobissimo skannar rúmlega hundrað.

Hagstæðasta lausnin er sýnd hvort sem það er í beinu flugi eða tengi-flugum. Á Mobissimo er hægt að bóka flugi gegnum síðuna en á Dohop opnast vefur viðkomandi

flugfélaga sem selja ferðina.

Alltaf er mælt til þess þegar fólk kaupir farmiða á vefnum að kynna sér skilmálana vel og passa að greiðsluferð sé öruggt.



Konur, sem hafa áhuga á að efla líkama og sál, fá frí um leið og örlítið dekur, geta skelt sér á námskeiðið Ný og betri kona, sem Sumarferðir bjóða upp á í samvinnu við Dale Carnegie.

Ný og betri kona á Kanaríeyjum

SUMARFERÐIR BJÓÐA UPP Á SKEMMTILEG NÁMSKEIÐ SEM HALDIN ERU Á ERLENDRI GRUND OG ERU UNDIR HEITINU NÝ OG BETRI. ÖLL HAFA NÁMSKEIÐIN ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ BYGGJA UPP LÍKAMA OG SÁL.

Eitt af þeim námskeiðum sem í boði eru núna hjá Sumarferðum kallast Ný og betri kona og er það námskeið sem Sumarferðir standa að í samvinnu við Dale Carnegie. Námskeiðið verður haldið dagana 16. til 23. febrúar og er ofið saman úr námskeiðum frá Dale Carnegie um hreyfingu, næringarfræði og gleði. Dale Carnegie á Íslandi og Bjargey

Aðalsteinsdóttir íþróttafraeðingur sjá um skipulagða dagskrá alla dagana. Markmið námskeiðsins er að efla sjálfstraustið, bæta hæfni í mannlegum samskiptum, efla tjáningarhæfileikana, þróa leiðtogaþæfileika, hafa stjórn á áhyggjum, streitu og kvíða, læra hnitmiðaða markmiðasetningu og bæta heilsu.

Hversu þung er taskan?

ÁÐUR EN HALDIÐ ER UTAN VAKNA OFT UPP SPURNINGAR UM HVERSU MIKINN FARANGUR MÁ Hafa MED SÉR.

Reglum Ícelandair um farangur til Bandaríkjanna var breytt fyrir júl og nú mega farþegar á almennu farrými taka með sér tvær einingar af farangri sem hvor um sig má ekki vera meira en 23 kíló. Farþegar á viðskiptafarrými mega hins vegar taka með sér tvær einingar sem hvor um sig má vera 32 kíló. Um daginn birtust úreltar upplýsingar hér á ferðasíðunni um farangur til og frá Bandaríkjunum. Reglur um þyngd farangurs sem hafa má með sér til Evrópu með bæði Ícelandair og Iceland Express eru hins vegar óbreyttar. Almennt

gildir að farþegar mega hafa með sér farangur sem samtals má ekki veða meira en 20 kíló.

Um handfarangur gilda þær reglur hjá Ícelandair að farþegar á almennu farrými mega taka með sér sex kíló en farþegar á viðskiptafarrými níu kíló. Hjá Iceland Express mega farþegar hafa með sér tíu kíló í handfarangur.

Reglur eru nokkuð breytilegar hjá flugfélögum en hægt er að fá frekar upplýsingar um leyfilega þyngd og stærð farangurs á flestum heimasíðum flugfélaga.



Boston er ein af skemmtilegustu borgum Bandaríkjanna. Þangað ætlar Ícelandair að fljúga í Valentínusarvikunni um miðjan febrúar.

Valentínus í Boston

Ícelandair ætlar að fljúga með ástfangna til Boston 11. til 15. febrúar.

Boston er ein skemmtilegasta borg Bandaríkjanna í margra augum þar sem hún sker sig nokkuð frá öðrum bandarískum borgum. Boston býður upp á fjölda áhugaverðra veitingahúsa, iðandi

menningarlíf og marga merkilega sögustaði. Ícelandair býður upp á Valentínusarferð til Boston um miðjan febrúar, en vafalaust geta þeir sem ekki vilja halda upp á Valentínusardaginn skelt sér með í för. Innifalið í ferðinni er gisting í fjórar nætur á Copley Square Hotel með morgunverði, flugvallarskattar og þjónustugjöld. ■

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA

Heimagisting á besta stað í bænum. Býður alla Íslendinga velkomna. Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Láttu okkur um skipulagið

við gerum tilboð í árshátíðir, ráðstefnur, fundi & aðrar uppákomur

SÍMI 480 2500
HOTELSELFLOSS

Hotel Selfloss • Eyrarvegi 2 • 800 Selfloss • info@hotelfloss.is • www.hotelfloss.is

Fyrst á ströndina



Þú ert í forgangi hjá Avis

Bókaðu bílinn herna heima og fáðu um leið **Forgangskort** hjá Avis. Þá færðu forgang þegar þú sækir bílinn á flugvöllinum og þú nýtur um leið bestu kjara.

Með **Forgangskorti** Avis þarftu ekki að bíða eftir bílnum - bíllinn biður eftir þér.

Flórída - verð frá kr. 13.900 á viku m.v. A flokk - Innifalið í verði: ótakmarkaður akstur, tryggingar, flugvallargjald, 1 tankur af bensíni, 1 aukabílstjóri og skattar.



Við leggjum okkur fram



AVIS

Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is

Fjárfestingar útlendinga
Takmarkanir ekki bundnar við fisk



Íslenskur bókamarkaður
Stendur styrkum fótum



Evrópskir bankaræningjar
Sífellt harðari



Intrum opnar í Færeyjum

Intrum Justitia hefur fengið leyfi sænsks móðurfélags síns til að hefja starfsemi í Færeyjum og hefur Sigurður Arnar Jónsson, forstjóri Intrum, verið á ferð um eyjarnar undanfarna daga í leit að heppilegum fjárfestingarkostum.



HÖFUÐSTÖÐVAR INTRUM VIÐ LAUGAVEG

KB banki, Landsbankinn, tuttugu sparisjóðir og Intrum Justitia bv eiga hver sinn fjórðungshlutinn í Intrum Justitia á Íslandi og segir Sigurður óvanalegt að félagi sem ekki er í hundrað prósentu eigu Intrum Justitia bv sé heimilað að reka starfsemi undir merkjum Intrum utan heimamarkaðar. „Rétturinn var í rauninni í eigu Intrum í Danmörku en var fenginn okkur. Þetta verður dótturfélag hins íslenska Intrum.“

Landsbankinn á tæplega sautján prósentu hlut í Intrum Justitia bv og situr Sigurjón Arnason bankastjóri í stjórn félagsins. -jsk

Átak gegn vinnutjóni

Markaðurinn og Sjóvá gangast á árinu 2006 fyrir átaki á meðal fyrirtækja til að draga úr slysum og tjóni á vinnustöðum og auka þannig öryggi starfsmanna. Reglulega verða birtir pistlar í blaðinu um hvernig fyrirtæki hafa sýnt gott fordæmi og dregið úr slysum og tjóni. Tilgangur átakans er fyrst og fremst að vekja athygli á þessum málum í fyrirtækjum og sýna fram á mögulegan ávinning fyrirtækja af meiri forvörnum. Fyrsti pistill Þórs Sigfússonar, forstjóra Sjóvár, birtist í Markaðnum í dag. Á eftir munu fylgja pistlar frá starfsfólki Sjóvár um þennan mikilvæga málaflokk.

Sjá pistil á blaðsíðu 17

FRÉTTIR VIKUNNAR

Keops kaupir | Danska fasteignafélagið Keops sem er að stórum hluta til í eigu Baugs Group hefur keypt 84 fasteignir í Svíþjóð fyrir 22 milljarða króna.

Grænt ljós | Samkeppnisýfirvöld hafa ekki gert athugasemd við kaup FL Group á Sterling og teljast kaupin því fullgengin í gegn.

Stoðir kaupa | Fasteignafélagið Stoðir hefur keypt danska fasteignafélagið Atlas Ejendomme og eignaðist þannig 150 þúsund fermetra húsnæði.



Eggert Þór Aðalsteinsson skrifar

FL Group vildi kaupa hlut Straums í Finnair

Finnska ríkið mun ekki láta frá sér meirihlutastöðu. Fimmtán milljarða fjárfesting Íslendinga.

FL Group mun hafa leitað hófanna hjá Straumi-Burðarási fyrir áramót um að Straumur seldi hlut sinn í Finnair en ekkert varð af því. Eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum eiga félögin tvö um sautján prósent hlutabréfa í finnska flugfélaginu, þar af er hlutur Straums sá næststærsti í félaginu á eftir finnska ríkinu.

Málefni Finnair munu þó ekki hafa verið til umræðu um helgina þegar Straumur og kaupendur Íslandsbankabréfanna réðu saman ráðum sínum en FL Group keypti einmitt bréf í Íslandsbanka af Straumi.

Hannes Smáráson, forstjóri FL Group, hefur greint frá því að félagið hafi mikinn hug á að taka frekari þátt í starfsemi Finnair ef finnska ríkið losi um hlut sinn. Hlutabréf í Finnair hafa tekið mikinn kipp upp á við eftir fjárfestingu FL Group og hækkad um tæp sautján prósent frá áramótum.

Í samtölum Markaðarins við sérfræðinga á finnskum hlutabréfamarkaði kom fram að harla ólíklegt sé að finnska ríkið sleppi hendinni af meiri-

hlutaeign sinni, enda ku ekki vera pólitískur vilji fyrir því og lítil krafa frá fjármálamarkaðnum um frekari einkavæðingu félagsins. Ríkið hefur heimild til þess að selja átta af 58,1 prósentu eignarhlut sínum en ekkert hefur verið ákveðið hvenær eða hvort af því verði.

Rekstur Finnair er í miklum blóma. Félaginu hefur tekist vel að skera niður kostnað í rekstrinum en síðustu uppgjör hafa öll verið fyrir ofan væntingar markaðsaðila. Töluverður vöxtur hefur verið á flugleiðunum til Asíu og hyggst félagið vaxa frekar á þeim vettvangi. Starfsemi eins af dótturfélögum, lággjaldaflygfélagsins FlyNordic, sem gerir út frá Svíþjóð, hefur einnig vaxið hratt.

Finnska félagið greindi frá því í gær að það hafi flutt 8,5 milljónir farþega á síðasta ári sem er mesti farþegafjöldi í sögu félagsins. Er það 4,5 prósentu aukning á milli ára. Í desember jókst farþegafjöldi allrar samstæðunnar um þrjú prósent og var sætunýting um 74 prósent.

Burðarás hóf að fjárfesta í Finnair snemma á síðasta ári og fór yfir tíu prósentu hlut undir lok árs. Hlutur íslensku félaganna er um fimmtán milljarðar króna að markaðsvirði.

Íslandsbanki selur nýtt hlutafé fyrir 19 milljarða

Bjarni Ármannsson kaupir fyrir 930 milljónir og Karl Wernersson fyrir þrjú milljarða. Nýtt hlutafé gefur bankanum tækifæri til frekari vaxtar.

Íslandsbanki hefur selt einn milljarð nýrra hluta í lokuðu útboði til fagfjárfesta. Bréfin voru seld á genginu 18,6 og nemur söluandvirðið því 18,6 milljörðum króna.

Mikill áhugi var fyrir þessu útboði. Áttatíu fagfjárfestar óskuðu eftir því að kaupa bréf fyrir 27 milljarða króna og var umframeftirspurnin því 56 prósent. Þá miðlaði Íslandsbanki hlutabréfum í sjálfum sér fyrir

tíu milljarða króna en þetta voru þeir hlutir sem bankinn keypti af Straumi.

Hlutafjárukningin styrkir bankann fjárhagslega og gefur honum kost á frekari vexti erlendis að sögn Bjarna Ármannssonar, forstjóra Íslandsbanka.

Stjórn bankans hefur ákveðið að bjóða hluthöfum upp á að taka helming arðgreiðslna fyrir síðasta ár í formi nýrra hlutabréfa í bankanum.

Þá hefur Bjarni Ármannsson keypt bréf fyrir 930 milljónir að markaðsvirði. Eignarhlutur Bjarna og tengdra aðila í bankanum nemur því tæpum 2,5 milljörðum króna. Einnig var tilkynnt um kaup félaga í eigu stjórnarmannanna Karls Wernerssonar og Róberts Melax. Karl kaupir fyrir þrjú milljarða króna í gegnum Milestone og er hlutur félagsins kominn í um fimm prósent af hlutafé bankans. - eþa

10,5%*

Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíráða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir sív. lögnum hefur en verðbréfasjóði. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útbýsingar og údráttar úr útbýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. des. 2005 - 3. jan. 2006.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis Group	14%	14%
ATORKA GROUP	5%	5%
Bakkavör Group	8%	8%
DAGSBRÚN	0%	0%
Flaga Group	-0%	0%
FL Group	-13%	13%
Íslandsbanki	10%	10%
KB banki	6%	6%
Kögun	3%	3%
Landsbankinn	6%	6%
Marel	10%	10%
Mosaic Fashions	4%	4%
SÍF	0%	0%
Straumur	11%	11%
Össur	3%	3%

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Stór í Opera

Arion, sem er vörslureikningur fyrir viðskiptavinum KB banka, er kominn í hóp stærstu eigna Opera Software, norska hátæknifyrirtækis sem sérhæfir sig í símalausnum.

Hluturinn, sem er 3,15 prósent, er 700 milljóna króna virði. Ekki er vitað með vissu hverjir eru raunverulegir eigendur þessa hlutar en samkvæmt heimildum er Eyfir fjárfestingafélag nokkuð stór hluthafi í Opera án þess að nafn félagsins komi á lista yfir stærstu hluthafa.

Félag í eigu Íslendingans Jóns S. von Tetzchner er næststærst í Opera. - eþa

Kaupir úkraínskan banka

Búist er við giðarlegum vexti úkraínska bankakerfisins á næstu árum.

Íslenskir fjárfestar, undir forystu MP fjárfestingabanka, hafa samið um kaup á niútiú prósentum hlutfjár í úkraínska bankanum Bank Lviv. Kaupin eru þó gerð með fyrirvara um samþykki Seðlabanka Úkraínu, sem fer með bankaeftirlit í landinu, og íslenska fjármálaeftirlitsins.

Í tilkynningu frá MP fjárfestingabanka kemur fram að Margeir Pétursson, stjórnarformaður MP, telji að um góð kaup

séu að ræða miðað við kaup annarra vestrænna banka á bankastofnunum í Úkraínu og að leitað verði til Sparisjóðs vélstjóra og fleiri íslenskra sparisjóða um að koma kerfum og vinnuferlum Bank Lviv í nútímalegra horf.

Í Úkraínu búa fimmtíu milljónir manna og er búist við gríðarlegum vexti í bankakerfi landsins á næstu árum. Hafa vestrænir bandar hafið innrás sína til landsins, keypt fjölda banka og komið upp útibúum. - jsk

Stekkur á fiskmarkað

Eignarhaldsfélagið Stekkur hefur keypt tæplega níttján prósent hlut í Fiskmarkaði Íslands af Jóni Ásbjörnssyni, samkvæmt tilkynningu Kauphallarinnar. Kaupverð er um sjötíu milljónir króna

Fiskmarkaður Íslands, sem er sá stærsti á Íslandi, seldi fyrir 5,4 milljarða króna árið 2005, tæpum tvö hundrad milljónum minna en árið áður. Gengi bréfa í Fiskmarkaðnum standa nú í 5,4 krónum á hlut í Kauphöllinni og er markaðsvirði félagsins um 384 milljónir króna. - jsk

Uppboð á fiski fyrir tólf milljarða

Mikið af afla flutt landshorna á milli.

Sala á fiskmörkuðum jókst árið 2005 um rúm fjögur prósent frá fyrra ári. Alls voru seld 99.635 tonn á fiskmörkuðum á Íslandi árið 2004 en 103.685 tonn árið 2005. Verðmæti þessara viðskipta nemur um 11,7 milljörðum króna og eykst um 3,3 prósent milli ára.

„Þetta var besta árið frá því að ég byrjaði,“ segir Sigmundur Þorkelsson hjá fiskmarkaði Vestfjarða á Bolungarvík. Hefur ekki eins mikið farið í gegnum alla fiskmarkaðina síðan árið 1999, en misjafnt er hvernig það skiptist milli landsvæða.

Sigmundur segir það hafa verið jákvæða þróun að fara að



BJÓÐA Í FISK Fjölmarginir sækja fiskmarkaði á hverjum degi til að kaupa fisk, sem seldur er hæstbjóðanda.

bjóða upp fisk á landssvísu. Þá geti litlar útgerðir, sem ekki hafi vinnslu á bak við sig, selt afla sinn. Öryggið sé mikið því þeir sem bjóði verði að leggja fram bankaábyrgð sem tryggingu. Greiðslur berist því örugglega. Eins séu vinnslur öruggari en áður með að fá afla til vinnslu.

Sigmundur segir að aflinn sé fluttur landshorna á milli. Afli sem kemur á land á Vestfjörðum sé fluttur bæði norður og suður. Eins sé nokkuð um að keyptur sé afli til Vestfjarða þegar þannig standi á. - bg

VELTA Á FISKMÖRKUÐUM*

2000	11.560
2001	14.635
2002	13.755
2003	11.381
2004	11.386
2005	11.673

*í milljónum króna

MP kominn í átta prósent í SPV

Gengi á stofnfjárhlutum fer hækkandi.

MP fjárfestingabanki á orðið átta prósent stofnfjár í Sparisjóði vélstjóra. Sigurður Valtýsson, framkvæmdastjóri MP fjárfestingabanka, segir að bankinn hafi hug á að eignast allt að tíu prósent stofnfjár. Kaupin eru gerð með vitund stjórnar SPV en einnig hafi Fjármálaeftirlitinu verið greint frá kaupunum.

Fyrstu viðskipti með stofnfé í SPV fóru fram á genginu 24 en samkvæmt heimildum hefur fjárfestingabankinn boðist til að kaupa stofnfjárhlutina á genginu 27. Einnig hefur frést af viðskiptum með stofnfé á genginu 30 og 35 sem fóru í gegnum annað verðbréfafyrirtæki.

Viðskipti með stofnfjárbréf í SPV fara fram á opinberum markaði líkt og þeim sem SPRON



STOFNFJÁRFEIGENDAFUNDUR MP fjárfestingabanki er kominn með 8 prósent í SPV. Stofnfjárhlutir hækka í verði.

rekur fyrir sín bréf. Þá eru hömlur á atkvæðisrétti með stofnfjárbréf í SPV en hámarksatkvæðisréttur miðast við sex bréf. - eþa



OLÍUFÉLAGIÐ TIL SÖLU Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Olíufélagsins, segir að nú sé heppilegur tími til að selja félagið. Íslandsbanki hefur fengið félagið til sölumeðferðar.

Olíufélagið til sölu

Ker vill losa sig við ESSO og fara í erlendar fjárfestingar.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Stjórn Kers hefur falið fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka að annast sölu á Olíufélaginu. Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Olíufélagsins og aðaleigandi Kers, segir að ákvörðunin taki mið af breyttri fjárfestingarstefnu Kers.

„Við ákváðum fyrir allnokkru síðan að auka okkar fjárfestingar enn frekar erlendis í útrásarverkefnum og höfum verið að vinna eftir þeim markmiðum síðan. Olíufélagið, sem er mjög vel rekið fyrirtæki og með afgerandi bestu stöðu á þessum markaði, er á tímamótum og tilbúið til að taka þátt í enn frekari verkefnum, hvort sem það er í nýjum orkugeira, smásölu eða heildsölu. Við töldum því rétt að bjóða fyrirtækið til sölu á þessum tímamarki.“

Ólafur segir enn fremur að sú leið hafi verið farin að gefa öllum fjárfestum sem hafa áhuga og getu kost á því að bjóða í fyrirtækið. „Við gerum okkur vonir um að geta lokið þessu ferli tiltölulega fljótt.“

Stærstu eignarhlutir Kers eru í Eglu, sem er næststærsti hluthafinn í KB banka, Samskipum, SÍF og Íslandsbanka. Samkvæmt heimildum hefur Ólafur flust búferlum til London til að einbeita sér að fjárfestingum þar.

Ólafur gat ekkert gefið út um verðmæti Olíufélagsins, það sé kaupendanna að gefa það út hvað þeir treysta sér til að borga.

Olíufélagið ehf. var stofnað árið 2001 og tók við starfsemi gamla Olíufélagsins hf. í ársbyrjun 2002. Móðurfélagið Ker var afskráð úr Kauphöll Íslands árið 2003.

Fjarðarstál skoðar rekstur á Spáni

Heiðar Sigurvinsson, eigandi Fjarðarstáls í Hafnarfirði, segir rekstur járnsmiðaverkstæða á Íslandi vera í járnum. Launa- og efniskostnaður sé hár, sóknarfærin fá og vaxtamöguleikarnir því takmarkaðir.

Starfsmenn Fjarðarstáls hafa sérhæft sig í að smíða hillur og aðrar innréttingar í verslanir. Mikið asniða hluta þeirra inn í verslanirnar.

„Ég hef verið að floga að opna fyrirtæki á Spáni til að smíða innréttingar og fleira,“ segir Heiðar sem hefur farið nokkrum sínum út til Spánar til að kanna grundvöll slíks reksturs. Segir hann þetta mjög ákjósanlegan kost. Allur kostnaður þar ytra sé lægri.

„Með því að opna verkstæði á Spáni gætum við framleitt hillur, standa og aðrar vörur þar í landi og selt viðskiptavinum okkar á Íslandi heildarlausnir í samkeppni við erlenda aðila. Þá myndi Fjarðarstál á Íslandi þjónusta þessa viðskiptavini, sett þetta upp og gengið frá öllu,“ segir Heiðar. Mikilvægt sé að huga að sóknarfærum því þegar umsvif



FJARÐARSTÁL Í SÓKN Heiðar Sigurvinsson, eigandi Fjarðarstáls, skoðar nú sóknarmöguleika á Spáni.

íslenskra fyrirtækja minnki muni verða erfitt að ná endum saman.

Fjarðarstál er ellefu ára gamalt fyrirtæki með fimm starfsmenn. Heiðar segir að hann þyrfti að hafa verkefni fyrir um fimmtán starfsmenn svo ásætlanleg arðsemi yrði af rekstrinum. - bg

„Ef við byrjum saman í dag verðum við komin með 15.961.867 kr. eftir 35 ár.“

Móttframlagið þitt

Komdu þér í samband við móttframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 240.000 kr. í mánaðarlaun.

Við viljum að þú nái árangri

“Við vitum að með réttum tækjum og tólum eiga viðskiptavinir okkar meiri möguleika að ná árangri í sinni starfsemi. Okkar markmið er að aðstoða þá til góðra verka enda vitum við að velgengni okkar byggist á velgengni viðskiptavinanna.“

Guðríður Ólafsdóttir
Yfirmaður fyrirtækjasviðs



LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

Veiddu 21.000 tonn

Aflaverðmæti Brims, sem er í eigu Guðmundar Kristjánssonar útgerðarmanns, nam 2779 milljörðum króna árið 2005. Er það lítilsháttar aukning frá fyrra ári þegar aflaverðmæti fyrirtækisins var 2736 milljarðar króna. Samtals veiddu skip Brims rúmlega 21 þúsund tonn á liðnu ári og er það um tvö þúsund tonna aukning frá því árið 2004. Brim og Útgerðarfélagið Sólbakur gerðu á síðasta ári út tvö frystiskip, fjögur ísfiskiskip og einn dragnótabát. - jsk

GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON EIGANDI BRIMS Lítilsháttar aukning varð á aflaverðmæti Brims milli ára.



Mega ekki eiga fasteignir

Miklar takmarkanir eru á fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi.

Fjárfestingar útlendinga á Íslandi eru ýmsum takmörkunum háðar. Þær takmarkanir hafa lækkað þá einkunn sem Ísland fær árlega hjá Heritage Foundation þegar hagkerfum er gefin einkunn eftir því hversu frjáls þau eru.

Takmarkanirnar eru mjög skýrar í sjávarútvegi, flugrekstri og raforkuframleiðslu. Íslendingar mega einir fjárfesta í sjávarútvegi. Samanlagður eignarhlutur útlendinga í flugrekstri má ekki fara yfir 49 prósent og ekki yfir 25 prósent í viðskipta-

banka.

Þeir sem eiga fasteign á Íslandi verða að vera íslenskir ríkisborgarar eða eiga lögheimili á Íslandi. Sé stofnað félag um fasteign á Íslandi verða allir stjórnendur að vera íslenskir ríkisborgarar eða með lögheimili

á Íslandi samfelt í að minnsta kosti fimm ár. Í hlutafélögum með sama tilgang skulu 80 prósent hlutfjár vera eign íslenskra ríkisborgara.

Í einstökum tilvikum er hægt að sækja um undanþágu frá þessu hjá yfirvöldum.

- bg



ÚTLENDINGUM ER ÓHEIMILT AÐ FJÁRFESTA BEINT Í SJÁVARÚTVEGI.

Selja Finnair handtölvur

Finnska flugfélagið Finnair hefur samið við Handtölvur – handPoint, um innleiðingu handtölvulausnar í allar flugvélar félagsins.

Hugbúnaður Handtölva, handPoint Retail, verður notaður til þess að sjá um alla sölu um borð í flugvélum Finnair og verður settur upp á um það bil 500 XPDA-S-handtölvum með Windows Ce-stýrikerfinu. Um er að ræða nýjustu kynslóð greiðsluhandtölva sem hafa innbyggðan strikamerkjalesara, hitaprentara og greiðslukortalesara.

Hugbúnaðurinn mun meðhöndla sölu á mat og drykk auk tollfrjáls varnings um borð í flugvélum Finnair.

Að sögn Davíðs Guðjónssonar, framkvæmdastjóra Handtölva, eru uppsetningar hjá fyrirtækjum í Bretlandi einnig á næsta leiti en Handtölvur gera ráð fyrir að kynna fyrstu vottuðu handtölvuafgreiðslulausnina í heiminum á næstu mánuðum sem tekur við greiðslum með nýju örgjörva-greiðslukortunum (chip&pin).

- epa

Skuldir ríkissjóðs 62 milljörðum lægri

Ríkisstjórnin lækkaði skuldir ríkissjóðs um rúma 60 milljarða í fyrra. Mesta lækkun milli ára hin síðari ár.

„Heildarskuldir ríkissjóðs hafa ekki lækkað jafn mikið á milli ára hin síðari ár,“ segir Þórður Jónsson, forstjóri Lánasýslu ríkisins, en ríkisstjórnin greiddi niður skuldir fyrir 62 milljarða króna á síðasta ári.


Þórður segir að nú nemi skuldirnar um 200 milljörðum króna en hafi sem dæmi verið 286 milljarðar í lok árs 2002. Helsta ástæðan fyrir miklum niðurgreiðslum á síðasta ári sé til komin vegna sölu Símans. Hluti af andvirði hans hafi verið notaður til þess.

Af þeim 200 milljörðum sem ríkið skuldar eru 57 prósent innlendar skuldir en afgangurinn erlendar. Stærsti hluturinn, eða um 45 prósent, er í evrum en tæp 35 prósent í Bandaríkjadöllum.

„Skuldir ríkissjóðs hafa snarminnkað á síðustu tíu árum. Þannig hafa þær nær árlega farið stíglækkandi, úr 50% af landsframleiðslu árið 1996 í 20% árið 2005. Hrein staða ríkissjóðs, þ.e. skuldir að frádregnum veittum lánnum að

SKIPTING LÁNA RÍKISSJÓÐS

	2005	2004	2003	2002
Innlendar skuldir	114	120	120	104
Erlendar skuldir	86	141	164	182
Alls	200	261	284	286



FJÁRLÖGIN FYRIR ÁRIÐ 2005 KYNNT Heildarskuldir ríkissjóðs hafa lækkað um 86 milljarða króna frá árinu 2002.

viðbættu handbæru fé, stefnir í að lækka verulega á yfirstandandi ári og einnig árið 2006,“ sagði Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra þegar hann mælti fyrir frumvarpi til fjárlaga í október síðastliðnum.

„Gangi áætlanir fjármálaráðuneytisins eftir verður samlagður tekjuafgangur ríkissjóðs árin 1999 til 2006 tæplega 100 milljarðar króna og samlagður lánsfjárafgangur 150 milljarðar,“ bætti Árni við.

Á milljarða í erlendri mynt

Gjaldeyrisforði Seðlabankans heldur áfram að vaxa og nam hann um áramótin rúmum 67 milljörðum króna. Miðað við gengi gjaldmiðla þá jafngildir það um milljarði bandaríkjadala. Jókst gjaldeyrisforðinn vegna kaupa Seðlabankans á gjaldeyri á innlendum markaði. Hallgrímur



Ólafsson, á alþjóðasviði Seðlabankans, segir upphæðina vera hærri en oft áður á síðasta ári. Gjalddeyrisforði samanstendur af eignum seðlabanka í erlendum gjaldmiðlum sem eru aðgengilegar til inngripa á gjaldeyrismarkaði eða til að mæta þörfum greiðslujafnaðar við útlönd.

-bg

Innflutningur eykst talsvert

Bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts benda til þess að innflutningur í desember hafi numið 23 milljörðum króna. Reynist tölurnar réttar er þetta fimm milljarða minni innflutningur en í nóvember sem var mesti innflutningsmánuður ársins. Þetta kemur fram í vefriti fjármálaráðuneytisins.

Munurinn milli mánaða skýrist að mestu leyti af minni eldsneytisinnflutningi.

Ef bráðabirgðatölur eru lagðar saman við innflutning síðustu ellefu mánuði á undan var innflutningur ársins 2005, án skipa og flugvéla, tæpir 278 milljarðar króna. Það er þriðjungsaukning frá árinu 2004.

Tekjur Alcoa 1.700 milljarðar í fyrra

Hagnaður bandaríska álrisans Alcoa, sem meðal annars stendur fyrir framkvæmdum á Reyðarfirði, nam á síðasta ári tæpum áttatíu milljörðum króna eða rúmum níutíu krónum á hlut. Hefur hagnaður fyrirtækisins aldrei verið meiri.

Tekjur Alcoa, sem skráð er í kauphöllinni í New York, voru á sama tímabili rúmum 1700 milljarðar

íslenskra króna og var það þrettán prósent aukning frá fyrra ári. Voru niðurstöðurnar framar björtustu vonum forsvarsmanna fyrirtækisins en fyrirfram hafði verið búist við að harðnaði í ári vegna aukins kostnaðar við framleiðsluna.

„Við mætum öllum þeim áskorunum sem á vegi okkar urðu og náðum besta árangri í hundrad

og sautján ára sögu fyrirtækisins,“ sagði Alain Belda, forstjóri Alcoa, og bætti við: „Útlið er ekki síður gott fyrir árið 2006 þar sem verð á málum hefur ekki verið hærra í fimmtán ár.“

Alcoa er stærsti álframleiðandi heims og rekur starfsemi í fjörutíu ogtveimurlöndum. Hjá fyrirtækinu starfa tæplega hundrad og þrjátíu þúsund manns. -jsk

Ármúla 13a - 108 Reykjavík - 550 1310 - verdbref@spron.is - www.spron.is

SPRON

VERÐBRÉF
– leið til árangurs

Með viðbótarlífeyrissparnaði leggur þú grunn að lífsgæðum síðar á ævinni. SPRON Verðbréf býður upp á ýmsar fjárfestingarleiðir og persónulega og faglega ráðgjöf til að finna þá leið sem þér hentar.



VERÐBRÉFASJÓÐIR – VERÐBRÉFAÞJÓNUSTA – EIGNASTÝRING – LÍFEYRIR – FJÁRMÁLARÁÐGGJÖF



ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

SKRIFSTOFUTÆKI

sem gera vinnuna ánægjulegri og verkin vandaðri

Framúrskarandi faxtæki fyrir fjölskyldur og fyrirtæki



SHARP UX-P410

- Faxtæki/sími
- Hitafilmuprentun
- 50 blaða pappírshöfud
- 10 blaða arkamatari
- 448Kb móttöku minni (24bls)

Tilboðsverð:
Kr. 12.900 m/vsk



SHARP FO-3150

- Faxtæki
- Laser prentun
- 200 blaða pappírshöfud
- 20 blaða arkamatari
- 1,8 Mb móttöku minni (100bls)

Tilboðsverð:
Kr. 39.900 m/vsk



SHARP FO-5900

- Faxtæki
- Laser prentun
- 250 blaða pappírshöfud
- 50 blaða arkamatari
- 2 Mb móttöku minni (125 bls)

Tilboðsverð:
Kr. 99.900 m/vsk

SKERPAN KEMUR FRÁ
SHARP

Hágæða prentarar og ljósritunarvélur fyrir allar stærðir fyrirtækja

Áratuga þróun hefur skipað SHARP prenturum/ljósritunarvélum í fremstu röð um heim allan.

SHARP prentarar/ljósritunarvélur er lausnin fyrir krefjandi þarfir skrifstofunnar.

Mikið úrval véla fyrir allar stærðir fyrirtækja.



SHARP AL-1552

Prentari/skanni/ljósritunarvél

Tilboðsverð
kr. 49.900



SHARP AR-M 550/620/700

Ljósritunarvél/Prentari/Skanni/Fax

- 55 / 62 / 70 eintök á mínútu
- A3 stærst A5R minnst
- Minnkun & stækkun 50%-400%
- Sjálfvirk lýsing afrita
- Frumritamatari 150 blöð
- 40Gb harður diskur
- 100 blaða framhjámatari
- Pappírsgeymsla lágmark 3.100 hámark 6.600 blöð
- 1200 x 600 punkta upplausn
- Snúningsbúnaður afrita
- Hægt að vista allt að 30.000 blöð í vélinni.

Aukabúnaður:

- Netkort (AR-M550)
- Faxbúnaður G3, modém hraði 33,600 bps, hægt að senda beint á netföng
- Skönnun allt að 600 punkta upplausn
- 3500 blaða pappírsgeymsla
- Raðari (með eða án heftunar)
- Gafari
- PostScript letur
- Strikamerkjaletur
- Data security kit
- Inserter



SHARP AR-M160D

- Prentari/skanni/ljósritunarvél
- 16 eint. á mínútu
- Ljósritar/prentar á stærst A3
- Innbyggður litaskanni
- 600x1200dpi

Tilboðsverð
kr. 99.900

AL1566 • Prentari • Ljósritunarvél • Faxtæki • Skanni.

- 15 eintök á mínútu, ljósritun/prentun A4
- 30 blaða frumritamatari
- Snúningsbúnaður (duplex)
- 250 blaða pappírshöfud
- 50 blaða framhjámatari
- Minnkun-stækkun: 25 - 400%
- Rafrenn raðari
- Netprentari
- Prent upplausn: 600 x 600 punktar
- Litaskanni: 600 x 1200 punktar

Tilboðsverð
Kr. 69.900,-



TILBOÐSVERÐ

Öruggar og þægilegar sjóðvélar



SHARP ERA-220

- Sjóðvél
- 15/30 vöruflokkar
- Allt að 500 PLU númer
- Sjálfvirk dagsetning og tími
- Hitaprentun
- Íslenkur strimill
- Rafrenn innri strimill
- Mjög fyrirferðalítill skúffa.

Tilboðsverð:
Kr. 34.900 m/vsk



SHARP PG-B10S

- Skjáværpi
- Birta: 1200 ANSI LUMEN
- Upplausn: SVGA 800 x 600
- Þyngd: 2.9 kg

Tilboðsverð:
Kr. 84.900 m/vsk

3ja ára ábyrgð



SHARP XR-10X

- Skjáværpi
- Birta: 2000 ANSI LUMEN
- Upplausn: XGA 1024 x 768
- Þyngd: 3.9 kg

Tilboðsverð:
Kr. 119.900 m/vsk

3ja ára ábyrgð

Rekstur breska flugfélagsins EasyJet í desember:

Farþegum fjölga

Breska flugfélagið EasyJet, sem er að 16,2 prósentum í eigu FL Group, ferjaði 2,37 milljónir farþega í desember sem er rúmlega ellefu prósent aukning milli ára. Í yfirlýsingu frá EasyJet sagði að aukningin væri í samræmi við væntingar.

5,6 milljónir farþega ferðuðust með hinu franska Air France-KLM, sem er stærsta flugfélag Evrópu. Er það átta prósent aukning sé miðað við sama tímabil í fyrra.

Hlutabréfi EasyJet, sem skráð



VÉL EASYJET Talsvert aukning varð á farþegafjölda EasyJet og fleiri flugfélaga í desember.

eru í kauphöllinni í Lundúnum, hækkuðu um tæp sjö prósent er fréttirnar bárust, stóðu í rúmum fjögur hundruð pensum og hafa ekki farið hærra síðan í lok árs 2002. Bréf í Air France hækkuðu um tæp tvö prósent í kauphöllinni í París. -jsk

Evrópskir bankaræningjar beita sífellt harkalegri aðferðum.

Bankaræn eru framin í Evrópu á nítíu mínútna fresti að meðaltali, segir í skýrslu Sambands evrópskra banka. Þá grípa bankaræningjar í síauknum mæli til ofbeldis, nota meira sprengiefni en áður og bera fullkomnari vopn. Skýrslan fjallaði um bankaræn í ríkjum Evrópusambandsins auk EFTA-ríkjanna, þar á meðal Íslands, og tók til ársins 2004.

Alls voru framin 5.864 bankaræn árið 2004 og kom fram í yfir-

lýsingu frá Sambandi evrópskra banka að um væri að ræða lítills háttar aukningu frá árinu



áður. Höfundar skýrslunnar höfðu hins vegar mestar áhyggjur af aukinni tíðni ofbeldis „Svo virðist sem skipulagðir glæpáhópar færi sig ört milli landa Evrópu og hiki ekki við að nota öll tiltæk meðul við rán sín. Líklegt er að auknar öryggisráðstafanir bankanna leiði til þess að bankaræningjar þurfi að beita harkalegri aðferðum en áður.“ sagði í skýrslunni. -jsk

BÍRÆFINN BANKARÆNINGI Bankaræningjar í Evrópu beita sífellt harkalegri aðferðum við ránin.

Bjartsýni í Singapúr

Hagvöxtur í Singapúr á síðasta ári var talsvert meiri en sérfræðingar höfðu gert ráð fyrir.

Hagvöxtur í Singapúr var 5,7 prósent árið 2005, en hagvaxtarspá fyrir árið hafði hljóðað upp á fimm prósent. Munaði mestu um mikinn vaxtarkipp á síðasta ársfjórðungi en þá var hagvöxtur tæplega átta prósent.

Stjórnvöld í landinu brosa sínu breiðasta og þakkaði Lee Hsien Loong forsætisráðherra landsmönnum öllum árangurinn og sagði vöxtinn framur björtustu vonum.

Sérfræðingar telja fjölbreytt viðskiptaumhverfi í landinu mestu skipta, en margir nágrenna landsins reiða sig um of á framleiðslu raftækja: „Hagkerfið í Singapúr er fjölbreyttara en í flestum samanburðarlöndum



FRÁ KUALA LUMPUR, HÖFUÐSBORG SINGAPÚR Fjölbreytt hagkerfi Singapúr er sagt stuðla að viðvarandi hagvexti í landinu.

okkar. Hér blómstrar líftækni- og lyfjaiðnaður, ferðamönnum fjölga og svo spillir ekki fyrir að olíuverð er hátt,“ sagði Sim Moh Song, hagfræðingur hjá Citigroup. Spáð er þrjú til fimm prósent hagvexti í Singapúr árið 2006. -jsk

Bílarisar í vanda

Bandarískir bílaframleiðendur virðast ætla að verða undir í samkeppninni við japanska Toyotu.

Sala hjá bandarísku bílarísum; General Motors (GM), Ford og Daimler-Chrysler minnkaði umtalsvert í desembermánuði sé miðað við sama mánuð árið 2004. Salan minnkaði mest hjá GM, um rúm tíu prósent, litlu minna hjá Ford en minnst hjá Chrysler þar sem tvö prósent færri bílar seldust en árið áður. GM og Ford seldu hvort um sig fjögur prósent færri bifreiðar árið 2005 en árið á undan. Lítils háttar söluaukning varð hjá Chrysler.

Japanski framleiðandinn



HÖFUÐSTÖÐVAR

GENERAL MOTORS

í DETROIT

General Motors er stærsti bifreiðaf framleiðandi

heims. Þess er þó vart langt að bíða að Toyota

nái toppsætinu.

Forsvarsmenn Toyota

stefna að því að selja tíu

prósent fleiri bíla árið

2006 en þeir gerðu á

síðasta ári. Takist þeim

ætlanarverk sitt má ætla

á undan. Lítils háttar söluaukning

varð hjá Chrysler.

Japanski framleiðandinn

andi veraldar. -jsk



FRÁ ÍRAK Íraksstríðið leggst mun þyngra á bandaríska hagkerfið en áður hefur verið ætlað, ef marka má rannsókn Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði.

Íraksstríðið kostar Kanana fúlgur fjár

Nóbelsverðlaunahafi segir Íraksstríðið kosta Bandaríkjamenn 128 þúsund milljarða íslenskra króna

Íraksstríðið mun kosta bandaríska hagkerfið 128 þúsund milljarða íslenskra króna þegar upp er staðið, samkvæmt nýrri rannsókn bandaríska hagfræðingsins Joseph Stiglitz.

Stiglitz, sem er Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og starfar við Columbia-háskóla, naut aðstoðar starfssystur sinnar úr Harvard-háskóla, Lindu Bilmes, við rannsóknina.

Um er að ræða talsvert hærri upphæð en opinberir reikningar gera ráð fyrir og er ástæðan sú að

prófessorarnir taka mun fleiri breytur með í reikninginn en bandarísk yfirvöld; til að mynda fram-tíðarkostnað við heilbrigðisumönnun hermanna, örorkubætur, hækkunar á verði olíu vegna stríðsins auk minnkunar á framleiðni vegna fjarveru hermanna frá störfum.

Bandarísk yfirvöld hafa ekki viljað ræða niðurstöður Stiglitz og Bilmes efnislega en benda á að Stiglitz hafi alla tíð verið svarinn andstæðingur Íraksstríðsins. -jsk

Ætlar þú að grípa tækifærið?

Viltu veita starfsmönnum þínum tækifæri til að marka fyrirtæki þínu varanlega sérstöðu í ört vaxandi samkeppni?

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvísst, hnitmiðað, nytsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurt, góð skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

Þriggja vikna fyrirtækjanámskeið Hraðlestrarskólans eru sérsníðin að þörfum atvinnulífsins. Aukinn lestrarhraði, skilningur og markvissari upplýsingaöflun starfsmanna þinna gæti opnað þínu fyrirtæki aðgang að stórkostlegu tækifæri. Ert þú tilbúinn að grípa það?

Hafðu samband í síma 586-9400, sendu póst á jowi@h.is eða kíktu á <http://www.h.is>




„Námið er mjög markvísst og yfir skemmtilega við gömlu heilasellunum.“

Sigurður Jónsson, 59 ára afgreiðslumaður



Peningamarkaðssjóður ÍV

var með bestu ávöxtun sambærilegra sjóða á árinu 2005



nafnávöxtun m.v. tímabilið 1. desember 2005 til 31. desember 2005.

Peningamarkaðssjóður ÍV hentar vel til skemmri tíma ávöxtunar hvort sem er fyrir einstaklinga eða fyrirtæki. Enginn kostnaður er tengdur viðskiptum með hlutdeildarskírteini sjóðsins. Fjárfest er í ríkistryggðum verðbréfum, verðbréfum fjármálafyrirtækja, víxlum og skuldabréfum traustra sveitarfélaga og fyrirtækja. Sveiflur á gengi sjóðsins eru mjög litlar.

Skóðu nánar á síðu Lántrausts hf., www.sjodir.is
Hlutlaus aðili - réttur samanburður.

Íslensk verðbréf er sérhæft fyrirtæki á sviði eignastýringar og stýrir í dag 75 milljörðum króna fyrir hönd fjárfesta.

Skóðu heimasíðu okkar www.iv.is

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.

Eignastýring er okkar fag!



ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

Fótboltinn bestur

Fótbolti er skemmtilegasta íþrótt veraldar að því er fram kemur í nýrri bandarískri rannsókn. Vísindamenn við rannsóknarstöðina í Los Alamos í Nýju-Mexíkó rannsökuðu hversu oft kapplið í hinum ýmsu íþróttum snúa töpuðum leik sér í hag og komust að því að slíkt gerist oftast í knattspyrnunni: „Ef það gerðist aldrei neitt óvænt myndi enginn nenna að horfa á íþróttir. Því teljum við tíðni óvæntra úrslita vera besta

mælikvarðann á skemmtanagildi hinna ýmsu íþróttar,“ sagði Eli Ben Naim sem leiddi rannsóknina.

Þó virðist bandarískur hafnabolti vera að sækja sig í veðrið, því ef miðað er við síðustu tíu ár verða oftast óvænt úrslit þar en í fótboltanum. Bendir þetta til þess að knattspyrnan verði sífellt fyrirsjáanlegri, þá sérstaklega hin enska, enda hafa stórlíðin Arsenal, Chelsea og Manchester United borið höfuð og herðar yfir andstæðinga sína undanfarin ár. -jsk



Sala tónlistarspilara margfaldast

Tekjur af sölu stafræna tónlistarspilara námu 180 milljörðum króna á liðnu ári. Þrefalt fleiri stafrænir tónlistarspilasar seldust í heiminum á síðasta ári en árið á undan, samkvæmt tölum frá Alþjóðlegum samtökum raftækjasala (CEA). Alls seldust spilarar fyrir um hundrað og áttatíu milljarða króna. Samtökin spá því að hægja muni á aukningunni á nýju ári, en engu að síður verði fimmtíu prósentu söluaukning.

„Áhuginn hefur aukist gríðarlega undanfarið enda þróunin hröð og spennandi hlutir í gerjun,“ sagði Sean Wargo, talsmaður CEA og bætti við:



„Vöxturinn er að mestu drifinn áfram af iPodnum frá Apple, en aðrir tónlistarspilasar fá þó sína sneið af kökunni.“

Svo virðist sem brátt muni vel flestir stafrænir spilarar einnig spila kvikmyndir, en þrjátíu prósent allra spilara sem nú eru framleiddir innihalda slíkan búnað og er talið að hlutfallið muni hækka verulega á næstu misserum. -jsk

STEVE JOBS, FORSTJÓRI APPLE, MED NÝJASTA IPODINN Gríðarleg aukning varð á sölu stafræna tónlistarspilara árið 2005 og er búist við áframhaldandi aukningu í ár þótt örlítið hægi á.

Pálmatré á pólnum

Hitastig sjávar á Norðurljónum var um tuttugu gráður að meðaltali fyrir 55 milljónum ára.

Hitabeltisloftslag ríkti á norðurljónum fyrir fimmtíu og fimm milljónum ára, samkvæmt nýrri rannsókn. Sjórinn á pólnum var þá um tuttugu gráðu heit-ur að meðaltali, sem er svipað og sjórinn við New York verður í ágúst mánuði. Meðalhitu sjávar á Norðurljónum er í dag -1,5 gráða.

Vísindamennirnir, sem voru frá átta löndum, rannsökuðu Lomonosov-neðansjárvarhrygginn, milli Grænlands og Síberíu, og fundu steingerðar leifar plantna og dýra sem vanalega lifa einungis á grunnsævi í mildu loftslagi.

Doktor Michael Kaminski, lífræðingur við University College í Lundúnum og einn þeirra



GOLF Á NORÐURLJÓNUM Fyrir fimmtíu og fimm milljónum ára voru aðstæður til golfíðkunar á norðurljónum hinar ákjósanlegustu.

sem tóku þátt í leiðangrinum, sagði loftslagsbreytingar fyrir um fimmtíu og fimm milljónum ára hafa valdið gríðarlegum breytingum á lífríki norðurljómsins: „Lífverur á svæðinu hafa dáið út í hrönnum þegar aðstæður breyttust. Einungis fáeinir harðgerðar lífverur þola slíkar breytingar á hitastigi.“ -jsk

Gates gerir lítið úr Google

Stjórnarformaður Microsoft segir IBM mun skæðari keppinaut en Google.

Bill Gates, stjórnarformaður tölurísans Microsoft og ríkasti maður heims, segir Google alls ekki vera skæðasta keppinaut Microsoft, líkt og fjölmiðar vilja vera láta: „IBM hefur alltaf veitt okkur hardasta keppni en svo virðist sem fjölmiðlar hafi einungis áhuga á Google.“

Bréf í Google hafa margfaldast í virði undanfarna átján mánuði og hefur fyrirtækið kynnt fjölmargar nýjungar á undanförunum misserum; meðal annars vefpóstforritið g-mail og vísir að netverslun. IBM er hins vegar rötgróinn tölurís og hefur á að skipa fjórum sinnum fleiri starfsmönnum en Microsoft auk þess að velta mun meiru.

Microsoft og Google hafa eldað grátt silfur saman síðan snemma árs 2005 þegar Google lokkaði einn lykilstjórnanda Microsoft til sín til að stýra starfsemi fyrirtækisins í Kína. Málinu hafa fylgt lögsóknir á báða bóga og virðist Gates hvergi nálægt því að slíðra sverðið: „Hveitibrauðsdagar



LANGRÆKINN Bill Gates er enn full úr í Google fyrir að hafa stolið einum starfsmanna hans og notar hvert tækifæri til gagnrýna fyrirtækið.

Google ætla engan endi að taka, allt sem þeir gera öðlast óskipta athygli fjölmiðla. Það er ógerlegt að standa undir þessum gríðarlegum væntingum.“ -jsk



VOLVO S40

VOLVO V50

VOLVO S60

VOLVO V70

VOLVO S80

VOLVO XC70 AWD

VOLVO XC90 AWD

VELDU VOLVO V50 FYRIR NOTAGILDID

Volvo V50 er stærðfræðileg snilld, sportlegur og fullur af lífsorku. Hann er sparneytinn og slær keppinautum sínum við fyrir glæsileika, aksturseiginleika og tæknibúnað. Áratuga umhyggja Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar og þörfum hennar kristallast í Volvo V50. Áhersla á markvissa hönnun skutbíla setur Volvo V50 á stall hjá fjölskyldufólki sem leitar að réttu samræmi rýmis og hleðslu, þar sem rétt þyngdardreifing skerðir ekki aksturseiginleika skutbilsins. Veldu sérhannaðan herragarðsbíl frá Volvo: Volvo V50. Þú finnur notagildið sem hann færir þér og þínum í leik og starfi.

Mikill staðalbúnaður einkennir Volvo

Þú færð mikinn staðalbúnað í Volvo V50: WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarækstrarvarnarkerfi, stöðugleikastýringu og spólvörn, ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómfletningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira.

Þú velur um skemmtilegar vélar í Volvo V50. Hinar geysioflugu 170 og 220 hestafla vélar mörkuðu tímamót í bilgreininni fyrir nýstárlega hönnun og tæknibúnað. Nú færðu

Volvo V50 með óvenjusprækri 125 hestafla 1,8 lítra vél og enn meiri búnaði en áður. Komdu í Brimborg.

Heimsbíll ársins í fyrsta sinn í sögunni

Volvo V50 var tilnefndur sem „Heimsbíll ársins 2005“ og bættist tilnefningin við flóru viðurkenninga Volvo V50 og Volvo S40 en Volvo S40 er m.a. bíll ársins á Íslandi. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðuðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.



GO ALMANNAENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



Volvo V50 bensín. Verð frá 2.545.000 kr.*

Volvo V50 dísil. Verð frá 2.915.000 kr.*

Stefnt með sms

Framvegis geta Suður-Kóreubúar óskað eftir því að stefnur og ákærur verði birtar með smáskilaboðum. Tæp áttatíu prósent Suður-Kóreumanna eiga farsíma og taldi ríkissaksóknari landsins að tími væri til kominn að nýta sér tæknina.

Talið er að uppátækið spari ríkissaksóknaraembættinu tugi milljóna króna á ári í póstkostnað. „Póstur er lengi á leiðinni auk þess sem oft getur verið erfitt að hafa uppi á fólki. Þetta auðveldar öllum lífið,“ sagði Lee Young-pyo, talsmaður embættisins.

Einungis verður leyfilegt að birta þeim stefnur eða ákærur símleidis sem óska sérstaklega eftir því. -jsk



GEMSI Farsímar eru margra hluta nyttsamlegir. Ríkissaksóknari Suður-Kóreu hefur nú tekið upp á því að birta fólki ákærur með smáskilaboðum.



SÆDISFRUMUR OG EGG Uppfinning breskra vísindamanna gerir karlmönnum kleift að framkvæma frjósemispróf í heimahúsi.

Frjósemispróf í heimahúsi

Rétt niðurstaða fæst í níúu og fimm prósent tilvika.

Þróaður hefur verið sérstakur búnaður sem gerir karlmönnum kleift að mæla frjósemi sína án þess að fara úr húsi. Búnaðinn hönnuðu vísindamenn við háskólann í Birmingham á Englandi.

Prófið fer þannig fram að sæðissýni er sett í lítið tæki, sem líkir eftir kvenmannsköpum, og síðan er fjöldi þeirra sáðfruma sem þar fara í gegn talinn. Niðurstaðan verður svo kunn innan klukkustundar; sé nægilegt sæðismagn í sýninu til að frjóvga konuegg er það gefið til kynna með rauðu ljósi en sýni búnaðurinn ekkert lífsmark er ekki nægilegt magn fyrir hendi.

Vísindamennirnir prófuðu tækið á þrjú þúsund karlmönnum og segja það gefa rétta niðurstöðu

í níúu og fimm prósent tilvika. Stjórnandi rannsóknarinnar, prófessor Chris Barratt, segir nýju tæknina gera fólki kleift að bregðast við áður en það er um seinan: „Frjósemi minnkar með aldrinum. Fáir þessrar upplýsingar strax geta þau hraðað barneignum og þannig komið í veg fyrir vanda síðar meir.“

Doktor Allan Pacey hjá bresku læknasamtökunum sagði tæknina byltingarkennda: „Búnaðurinn telur þær frumur sem fara í gegn, í stað þess að telja einungis þær sem eru til staðar líkt og nú er gert. Það að geta framkvæmt prófið í heimahúsi ætti líka að fjölga þeim sem gangast undir frjósemispróf, þar sem margir karlmenn virðast skammast sín fyrir að leita læknishjálpar.“ -jsk

SÖGUHORNID

Efnahagsráðgjafi Gandhis deyr

Ghansyam Das Birla, einn helsti stuðningsmaður indversku frelsishetjunnar Gandhis og ráðgjafi hans í efnahagsmálum, lést þann ellefta janúar árið 1983. Ghansyam var einn ríkasti maður Indlands á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina og er talinn einn af frumkvöðlum þess efnahagsuppgangs sem þá ríkti í landinu.

Ghansyam hóf bómullarrækt nálægt höfuðborginni Delhi árið 1920 og varð fljótlega umsvifamikill. Í kjölfarið ákvað hann að flytja starfsemina til frjósamasta héraðs Indlands, Bengal. Þar réðu evrópskir kaupmenn, einkum breskir, lögum og lofum og reyndu þeir að bola Ghansyam og öðrum indverskum kapitalistum burt með öllum tiltækum ráðum.

Ghansyam varð þó hvergi haggad; varð fljótlega helsti bómullarframleiðandinn í Bengal, reisti sykurverksmiðjur og hóf pappírframleiðslu. Á fimmta áratugnum hóf hann síðan að framleiða bíla í félagi við bróður sinn. Síðar reisti hann álver, stofnaði tryggingafyrirtæki og flugfélög.

Ghansyam var alla tíð eindreginn stuðningsmaður Gandhis. Hann aðhylltist enda hugmyndafræði Gandhis og lagði mikla áherslu á að auðmenn skyldu láta gott af sér leiða; Ghansyam stofnaði til að mynda einn virtasta verkfræðiháskóla Indlands BITS Pilani



STYTTA AF GHANSYAM BIRLA Í HEIMABÆ HANS PILANI Ghansyam er enn í dag virtur og dádur í heimalandinu; skólar bera nafn hans og stytur af honum standa víða.

og styrkti marga efnilega unga menn til náms.

Ghansyam Das Birla var heiðraður af indversku ríkisstjórninni fyrir framlag sitt til sjálfstæðisbaráttunnar árið 1957, tíu árum eftir að Indverjar hlutu sjálfstæði frá Bretum. Afkomendur Ghansyam eru í dag meðal áhrifafólks í indversku viðskiptalífi og reka margvíslega starfsemi víðs vegar um landið. -jsk



VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Næsti kafli Íslandsbankasinfóníunnar

Saga Íslandsbanka undanfarinna ára hefur verið eins og í margslunginni átakasinfóníu. Kafaskil urðu um síðustu helgi og búast má við að leikið verði á strengina í næsta þætti af samhentari sveit en upp á síðkastið þegar ómstríðari hljómar hafa einkennt sinfóníuna. *Hafliði Helgason* rifjaði upp nokkra takta í aðdraganda kaflaskiptanna.

Með sölu Straums á tæplega fjórðungshlut í Íslandsbanka til nokkurra fjárfesta virðist loksins hafa tekist að skapa kjölfestuhóp eigenda bankans sem stefnir í sömu átt.

Karl Wernersson hefur leitt þá vinnu sem leiddi til sölu Straums á hlut sínum. Hann leiðir fjárfestingarfélagið Milestone, en tvö systkina hans eru meðeigendur hans í því félagi. Hann hefur um langt skeið unnið með Björgólfi Thor Björgólfssyni í stjórn Actavis og var lykilmáður, sem stór eigandi Delta, í því ferli að sameina Delta og Pharmaco sem leiddi til uppbyggingar stórfyrirtækis í samheitalyfjageiranum. Upp á síðkastið hefur Karl aukið samstarf sitt við Baug og Jón Ásgeir Jóhannesson, en ákveðin togstreita hefur verið á milli stórveldanna Bónussfeðga og Björgólfsfeðga undanfarna mánuði og tengsl Karls við báða þessa aðila hafa sennilega haft mikla þýðingu um það að lending náðist með sölu hlutar Straums.

BJARNI LEITAR HLUTHAFA

Samstarf Karls Wernerssonar og Bjarna Ármannssonar, forstjóra bankans, hefur gengið mjög vel og hafa þeir staðið saman um stefnu og stjórn bankans gegnum þykkt og þunnt. Bjarni hefur búið við ósætti á heimilinu um langt skeið og á tímabili var hann með bankaráð yfir sér þar sem meirihlutinn hafði horn í síðu hans. Bjarna var nauðsyn á því að fá sterka hluthafa inn í bankann sem myndu styðja stefnu hans. Fjársterkir aðilar voru ekki á hverju strái, þótt þeim hafi farið fjölgandi að undanfögnu, og meðal þeirra sem Bjarni fékk til liðs við bankann voru Karl, Steinunn Jónsdóttir úr Bykofjölskyldunni og Jón Snorrason, sem er kenndur við Húsasmíðjuna. Einar og Benedikt Sveinssynir studdu Bjarna, enda hafði Bjarni staðið með þeim í hræringum þegar Björgólfsfeðgar keyptu hvert fyrirtækja Kolkrabbans á fætur öðru. Sameining Sjóvár og Íslandsbanka var klár varnaraðgerð, en án hennar hefðu aðilar tengdir Landsbankanum komist yfir fyrirtækið, líkt og Eimskip og fleiri félög sem féllu nóttina sem kölluð hefur verið "Nótt hinna löngu bréfnífa," þegar stórfyrirtæki landsins skiptu um eigendur.

ÁSÓKN LANDSBANKANS

Björgólfsfeðgar voru ekki hættir. Þeirra vilji stóð til þess að sameina Landsbankann og Íslandsbanka. Landsbankinn og Burðarás keyptu hlut í Íslandsbanka og var hugsunin sú að ýta á eftir slíkri þróun. Þessi leið mætti andstöðu hjá Bjarna og Einari Sveinssyni formanni bankaráðsins. Landsbankinn varð að koma þessum hlutum frá sér og Helgi Magnússon, sem verið hafði í bankaráði bankans og naut þar fulltingis Lífeyrissjóðsins Framsýnar og fleiri, keypti hlut í bankanum fyrir tíu milljarða með framvirkum samningum og Orri Vigfússon keypti fyrir fimm milljarða, einnig með framvirkum samningi. Þótt þeir eigi báðir vel til hnífs og skeiðar, þá voru þeir í það minnsta ekki á þessum tíma taldir til milljarðamæringa.

DANSAD VIÐ VÍS

Í ljósi þess að Karl hafði unnið með Björgólfsfeðgum töldu margir að hann myndi á endanum ganga í lið með þeim. Landsbankamenn töldu í það minnsta sjálfir að þeir hefðu meirihlutafylgi í hluthafahópnum. Í það minnsta töldu þeir sig hafa svo sterka stöðu að lagt var á ráðin um að sameina Vátryggingafélag Íslands og Íslandsbanka. Þegar til átti að taka höfðu þeir ekki það afl í hluthafahópnum sem þurfti til eignasölu sem var nauðsynlegur undanfari sameiningar. Karl keypti hins vegar Sjóvá og styrkti enn stöðu sína. Mikil læti urðu í kringum kaupin og sauð upp úr á milli Straums og meirihluta stjórnenda Íslandsbanka. Fulltrúar Straums í stjórninni voru ósáttir og Steinunn Jónsdóttir mun einnig hafa verið ósátt með aðdraganda viðskiptanna. Viðskiptin gengu hins vegar í gegn án athugasemda þar til bærra yfirvalda.

STRANDAR Á KB BANKA

Viðskiptin nú eiga sér tölverðan aðdraganda. Straumur



GLAÐIR Á GÓÐRI STUND Karl Wernersson stærsti hluthafi Íslandsbanka og Bjarni Ármannsson hafa verið einhuga um störf og stefnu Íslandsbanka. Ný staða í hluthafahópnum opnar ný tækifæri fyrir bankann.

hafði leitað hófanna víða með sölu á sínum hlut. Ólafur Ólafsson var heitur á tímabili og meðal þess sem Straumur hefði fengið sem greiðslu í þeim viðskiptum hefði verið Ólíufélagið með Esso vörumerkið innanborðs. Slík býtti voru inn í myndinni rétt fyrir jól þegar til stóð að Ólafur tæki stóran hlut ásamt Karli, Jóni Ásgeiri og FL Group. Straumur krafði FL Group um öll bréf þeirra í KB banka, en menn voru ekki tilbúnir að láta þau öll af hendi. Upp úr viðræðunum slitnaði milli jóla og nýárs.

FUNDUR SETUR ALLT AF STAD

Karl hitti síðan Björgólf Thor eftir áramótin og þá komst skriður á málið sem lauk um helgina með sölu Straums.

Eftir viðskiptin stendur Karl Wernersson sterkur í íslensku viðskiptalífi og er klárlega kominn í hóp þeirra stóru þar. Karl hefur verið í fjárfestingum í smásölu í Bretlandi bæði einn og með öðrum, meðal annars með Baugi. Margir búast við því að tengsl Karls og Baugs eigi eftir að eflast og í því liggi tækifæri, bæði fyrir bankann og þá sjálfa.

Eitt er víst að þeir sem nú kaupa bréf fyrir tugi milljarða í Íslandsbanka eru ekki fyrir kyrrstöðu né eru sérlega hægfarar í fjárfestingum. Því má búast við að bankinn fari fram með meiri hraða og styrk en áður og spennandi að fylgjast með fléttunum í framhaldinu. Eitt er víst að viðskipti helgarinnar voru fyrsti þáttur nýs kafla í átakasinfóníunni Íslandsbanki.



ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTYRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

Góð ávöxtun vegur þungt

– og þar erum við á toppnum!

9,8%*


Peningamarkaðssjóður ÍV

*Nafnvöxtun frá 1. des. 2005 - 31. des. 2005 á ársgrundvelli
Besta ávöxtun peningamarkaðssjóða á árinu 2005
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.



Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003

Dinn tími er kominn!



Tilboð í janúar

**30% afsláttur
af öllum kortum
í opna kerfinu**

Dansrækt JSB er staður fyrir konur á öllum aldri. Notalegt andrúmsloft og fjölbreyttir tímar í boði í opna kerfinu.

EFLIR almennatengsl / HNOTSKÓGUR gráfisk hönnun

Opnir tímar

Kl	Mán	Þri	Mi	Fim	Fös	Lau	Sun
06:30	X	X	X	X	X		
07:30	X	X	X	X	X		
08:30	X	X	X	X	X		
09:30						X	
09:45						X	
10:30						X	X
11:30							X
12:15	X	X	X	X	X		
13:30	X		X		X		
15:30	X	X		X			
16:30	X	X	X	X	X		
17:30	X	X	X	X	X		
18:25		X		X			

*Pallar, púl, sveifla, lóð,
JSB tímar, teygjutímar,
einkabjálfun, Yoga*

RopeYoga

Lokuð 8 vikna námskeið
Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi.

Vertu velkomin í okkar hóp!



Hafðu samband!

www.jsb.is
sími 581 3730

DANSRÆKT

JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

„Það sem helst einkenndi jólabókasöluna í ár var að salan frá flestum forlögum var breið og útgáfan sérstaklega vönduð. Gilti þá einu hvort um var að ræða íslenska eða erlenda titla.“



ELSA MARÍA ÓLAFSDÓTTIR, VERSLUNARSTJÓRI MÁLS OG MENNINGAR Segir framtíð bókarinnar tryggja svo lengi sem útgáfan helst eins vönduð og hún er í dag.

Bókasala aldrei betri en nú

Elsa María Ólafsdóttir, verslunarstjóri bókabúðar Máls og menningar, er sátt við sitt eftir jólin enda fór jólasalan fram úr hennar björtustu vonum. Heildarsala verslunarinnar fór talsvert fram yfir söluna í fyrra eða um 12 prósent. Bækur höfðu þar mikið vægi. Sala íslenskra bóka var um 14 prósentum meiri en í desember árið áður og sala barna- og unglingsbóka jókst um meira en 20 prósent. Elsa býst við að gott veður hafi ýtt undir góða sölu í desember. Vafalaust hafi fleiri en oft áður lagt leið sína á Laugavegin í leit að jólagjöfum.

„Það sem helst einkenndi jólabókasöluna í ár var að salan frá flestum forlögum var breið og útgáfan sérstaklega vönduð. Gilti þá einu hvort um var að ræða íslenska eða erlenda titla. Forlögin voru líka með góða titla og flestar bækur fengu mjög góða dóma,“ segir Elsa. Til marks um þetta segir hún áberandi hversu lítið er um að bókum sé skilað núna. Vissulega sé miklu skilað af söluhestu bókunum eins og skiljanlegt sé en það er minna nú en nokkru sinni fyrr. Það hljóta að vera góð tíðindi fyrir þá sem koma að bókaútgáfu og -sölu enda er ekki óalgengt að um þriðjungur seldra bóka um jól komi til baka.

„Það er sérstaklega ánægjulegt hversu góðan kipp barna- og unglingsbækur hafa tekið. Sala þeirra jókst mest allra bóka, sem gefur góða vísbendingu um það sem koma skal,“ segir Elsa. Bækur sem oft hafa átt erfitt uppdráttar seldust einnig betur þetta árið en oft áður. Ljóðabækur eru að fá uppreisn æru auk þess sem það færast í aukana að fjárfest sé í stórum

og dýrum bókum. Til dæmis seldust Stóra orðabókin og Íslandsatlasinn báðar í miklu magni fyrir jólin. Svokallaðar sjálfsræktarbækur sem taka á því hvernig fólk á að breyta og bæta líf sitt verða líka sífelld vinsælli. Lengi hefur þótt lummó að gefa kiljur í jólagjöf en það virðist vera að breytast því margir spurðu eftir nýju bókunum í kilju fyrir jólin. Sala erlendra bóka eykst líka jafnt og þétt, enda er það algengt, sérstaklega meðal yngra fólks, að því er sama hvort bókin er á íslensku eða ekki. Gjafabækur eins og uppskriftabækur, arkitektabækur og tískubækur erlendis frá sækja einnig í sig veðrið.

Elsa hjó eftir því í jóla-vertíðinni að töluvert var um að fólk keypti bækur fyrir sjálf sig. Margir virtust ekki geta beðið jólananna og talsvert algengt var að þeir keyptu sér sjálfir þær bækur sem hugur þá langaði í. Hún nefnir dæmi um fjölskyldu sem kom inn fyrir jólin og keypti tíu vasabækur til þess að allir hefðu örugglega úr nógu að velja á aðfangadag.

Elsa heldur að bókin verði alltaf vinsæl jólagjöf. „Bókin þykir enn þá traust og góð gjöf. Fólki þykir það algjör kostur að geta komið á einn stað og keypt gjafir fyrir alla aldurshópa, fengið ráðgjöf um hvaða bók hentar eftir persónulýsingu og gengið svo út með bækurnar innpakkaðar.“ Hún segir Íslendinga enn lesa mjög mikið og það eigi ekki síst við um yngra fólkið. Enginn vafi leiki á því að Ísland standi enn undir nafnbótinni „bókabjóðin“. Svo lengi sem útgáfan verður eins vönduð og hún er nú muni bókin og bókabúðin lifa góðu lífi.



Íslenskur bókamarkaður

Kaupmenn eru kampakátir eftir jólavertíðina. Jólaverslun var meiri en áður og ljóst að bókin er enn tryggasta jólagjöf. Þetta er skoðaði þróun íslensks bókamarkaðar og komst að raun um að

Umfang íslenskrar jólabókaútgáfu er séríslenskt fyrirbæri og sýnir hversu stóran sess bókin skipar enn í hjörtum Íslendinga. Þetta endurspeglar í þeirri hefð að gefa góða bók í jólagjöf. Vægi bókarinnar virðist síður en svo vera að minnka ef marka má söluna fyrir síðustu jóla og þróun undanfarinna ára. Bókaútgáfa á Íslandi er einstök fyrir ýmsar sakir. Hvergi í heiminum er eins mikið magn bóka gefið út í kringum jóla auk þess sem smæð markaðarins er áskorun út af fyrir sig.

SAMÞJÖPPUN RÍKJANDI Á ÖLLUM SVIÐUM

Miklar hræringar hafa átt sér stað á bókamarkaði undanfarin ár, hvort sem lítið er til prentunar, útgáfu eða sölu. Ber þar helst að nefna mikla samþjöppun á öllum þessum sviðum. Ýmsir eru uggandi yfir þessari þróun og telja að markaðslögmálin muni algjörlega taka yfir bókamarkaðinn. Beinast þá áhyggjurnar helst að því að verk sem ekki þykja gróðvænleg komist ekki í útgáfu. Verkefnaval útgefenda ber það með sér að markaðurinn fær að ráða meiru en hann gerði fyrir tiltölulega fáum árum. Dæmi um það er hvernig ákveðnar bókmenntategundir hafa komist í tísku og skyndilega ofuráhersla lögð á þær, eins og má segja um glæpasögur nú.

Þrátt fyrir þetta er varla hægt að segja að bókaútgefendur setji gróðann alltaf í fyrsta sætið, þótt hann spili stærra hlutverk en áður var. Undanfarin ár hafa stór og góð verk verið gefin út sem hefðu verið látin kyrr liggja ef gróðinn væri alltaf í forgrunni. Bækur er því enn verið að gefa út af hugsjón þótt bókaforlögin eyði meira púðri í kynningu þeirra titla sem þau telja að muni seljast vel. Innan íslenskra bókaforlaga fer fram mikil og vönduð vinna. Þar fyrirfinnst oftar en ekki hugsjónamenn og -konur sem telja menningarlegt hlutverk sitt mikilvægt, taka það alvarlega og sýna

mikinn metnað í starfi. Þannig hefur markaðurinn sterkt ítök en hugsjónirnar eru þó enn við lýði.

Metnaður útgefenda þykir að mörgu leyti meiri í dag en áður var. Hér áður fyrr var ekki óalgengt að handrit væru prófarkarlesin hjá útgefanda og svo sett beint í prentun. Nú fer mun meiri vinna fram hjá forlögnum og ekki lengur til sá útgefandi sem ekki hefur ritstjóra í vinnu. Hvað varðar gerð, prentun og útlit bóka eru flestir sammála um að þær eru vandaðri og eiginlegri en áður. Kostnaður við útgáfu hefur margfaldast við þetta. Bækur á Íslandi eru hins vegar ekki dýrar, verð hefur farið lækkandi miðað við það sem þekktist. Það er orðinn lítil verðmunur á íslenskum bókum og erlendum, sem þó eru gefnar út í margfalt stærra upplagi. Því virðist vera að sú hagræðing sem orðið hefur á markaðnum skili sér til neytandans.

JÓLAVERTÍÐIN FRAM ÚR BJÖRTUSTU VONUM

Bókaútgefendur merkja töluverða söluaukningu milli ára og útlit fyrir góða veltuaukningu milli 2005 og 2006 hjá flestum þeirra. Um þessar mundir naga útgefendur á sér neglurnar því það kemur ekki í fyllilega í ljós hvernig jólasalan gekk fyrr en í lok þessa mánaðar þegar skilin eru að mestu komin í hús. Þau geta ráðið úrslitum fyrir afkomu næsta árs enda er algengt að fimmtán til þrjátíu prósent bókanna komi til baka. Fyrstu dagar nýja ársins benda þó til þess að minna sé um skil en áður svo allt lítur út fyrir að bóka jólin 2005 hafi verið betur heppnuð en nokkru sinni fyrr.

Það sem einkenndi bókamarkaðinn fyrir síðustu jóla var að salan var mun dreifðari en áður. Vanalega hleðst hún að stórum hluta til á topp tíu metsöluhlustann en svo var ekki nú. Óvenjumargar bækur seldust vel þótt að tvær bækur hafi selst áberandi mest, Harry Potter og



Fréttablaðið/Vilhelm

Markaðsöflin ráða ferðinni

Ágúst Einarsson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, hefur velt fyrir sér stöðu menningar í hagkerfinu og skrifaði meðal annars bókina Hagræn áhrif tónlistar. Hann segir bókaútgáfu á Íslandi hafa tekið á sig nýja mynd. Það sjáist helst á því að mikil samþjöppun hefur orðið á öllum sviðum, hvort sem lítið er til útgáfunnar, prentunarinnar eða smásöluinnar.

Bókaútgáfum hefur fækkað mjög á síðustu árum. „Á íslenska markaðnum, sem áður einkenndist af mörgum litlum útgáfum, eru nú nokkrar stórar útgáfur ríkjandi. Þarna ræður hagkvæmni stærðarinnar sem er þekkt hugtak í fyrirtækjarekstri,“ segir Ágúst. Hann segir styrk stórra aðila vissulega gera það að verkum að erfitt geti verið fyrir nýja aðila að koma inn á markaðinn og oft þungur róðurinn fyrir minni útgefendur. Þeir hafi þó verið iðnir við að skapa sér sérstöðu, meðal annars með því að ná sér í góða titla erlendis frá, til að mynda bókaútgáfan Bjartur með Harry Potter.

Prentsmiðjum hefur líkt og útgáfum fækkað talsvert og prentiðnaðurinn gengið í gegnum miklar breytingar. Margir íslenskir bókaútgefendur hafa brugðið á það ráð að leita út fyrir landsteinana með prentun til að



ÁGÚST EINARSSON PRÓFESSOR VIÐ HÍ Telur samþjöppun á bókamarkaði ekki áhyggjuefni enn sem komið er.

hagræða í rekstri. Það hefur haft áhrif á afkomu prentsmiðja. Hins vegar hefur það aukist að þær fái verkefni erlendis frá. Þannig hefur alþjóðavæðingin haft mikil áhrif á prentiðnaðinn.

Ágúst telur samþjöppun á íslenskum bókamarkaði ekki áhyggjuefni þó að ekki sé eins mikil samkeppni í prentun, útgáfu eða sölu á bókum og áður var. „Sameingar í þessum geira hafa skilað mjög öflugum fyrirtækjum sem eru betur í stakk búin að takast á við metnaðarfull verkefni, eins og Edda útgáfa og Prentsmiðjan Oddi.“ Hann segir markaðinn ráða þarna för sem annars staðar. Þar sem mikil samkeppni sé hagstæðari fyrir neytendur sé þó full ástæða til að hafa augun opin fyrir því að hér hefur skapast fákeppni.

Þar stendur styrkum fótum

með besta mót og fór fram úr mestu bjartsýnisspám. Bókasala þólagjöfin í hugum landsmanna. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir ástæðulaust er að óttast um framtíð bókarinnar á Íslandi.



VÆGI JÓLASÖLUNNAR FER MINNKANDI Íslensk bókaforlög vinna markvisst að því að auka bókasölu á öðrum árstíma en jólum.

Vetrarborgin eftir Arnald Indriðason. Hins vegar var hverfandi munur milli þeirrar bókar sem var í þriðja sæti listans og þeirra í tíunda sæti sem gefur vísbendingar um að viðskiptavinir hafi ekki reitt sig á listann að eins miklu leyti og áður. Það var líka áberandi að sala barna- og unglingsbóka jókst mest allra flokka sem er góð þróun og gefur vísbendingu um að nægir lesendur verði til staðar á næstu árum til að standa undir frekari vexti bókaíðnaðarins. Hildur Hermóðsdóttir, útgáfustjóri bókaútgáfunnar Sölu, segist taka eftir því að fólk fylgist nú betur með og lesi meira. Það hafi verið áberandi fyrir jólna að fólk væri búin að lesa jónabækurnar sjálft og hefði þannig getað valið gjafirnar út frá eigin forsendum og ekki þurft að styðjast við metsölulistana.


AÐRAR ÁRSTÍÐIR VINNA Á

Mikil aukning hefur verið í sölu bóka á öðrum tímabilum en jólum, enda er unnið mjög markvisst að því innan forlaga að auka vægi annars árstíma. Misjafnt er eftir forlögum hvernig bókasalan skiptist. Hjá JPV útgáfu er hlutfallið til að mynda um 60 prósent nú en var um 90 prósent árið 2001. Ýmislegt hefur stutt við þessa þróun. Sem dæmi má nefna að kiljusala hefur margfaldast á undanförunum árum, landkynningarbækur fyrir erlenda ferðamenn fá meira vægi og handbækur af ýmsu tagi og svokallaðar sjálfshjálparbækur verða sífellt vinsælli. Bókasalan milli jóla og nýárs og fyrstu daga ársins 2006 fór óvenjuvel af stað sem gefur til kynna að þróun í þessa átt haldi áfram. Talsvert er um að bækur um hollan lífsstíl seljist vel eftir jólna enda margir í þeim hugleiðingum að bæta ráð sitt á ýmsum sviðum eftir óhóf jóla. Það er þó gott að hafa þess varir að fólk les meira á erlendum tungumálum, sér í lagi yngra fólkið. Þannig eykst samkeppnin við erlenda útgefendur. Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri JPV útgáfu, segir það áhættusamt og dýrt að gefa út þýddar bækur á íslensku. Það sé erfitt að koma þýddum bókum á framfæri þar sem fjölmiðlar hafi minni áhuga á þeim. Það verði til þess að kaupendur verða síður varir við þær. Hann segir alltaf hafa verið mikla sölu í bókum á erlendi tungu og þótt það aukist styðji það við bókalestur Íslendinga. Hann lítur því á það sem tækifæri en ekki ógnun. Egill er bjartsýnn fyrir hönd bókaútgefenda. „Flest þau teikn sem á lofti eru eru okkur bókaútgefendum jákvæð. Það hefur aldrei verið meira að gera á bókasöfnum, barna- og unglingsbækur seljast betur en nokkru sinni svo börn og unglingar virðast vera að lesa meira sem ætti að skila sér í fleiri lesendum síðar. Bókaþjóðin er í fínum málum.“

Útgefendur verða þess varir að fólk les meira á erlendum tungumálum, sér í lagi yngra fólkið. Þannig eykst samkeppnin við erlenda útgefendur. Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri JPV útgáfu, segir það áhættusamt og dýrt að gefa út þýddar bækur á íslensku. Það sé erfitt að koma þýddum bókum á framfæri þar sem fjölmiðlar hafi minni áhuga á þeim. Það verði til þess að kaupendur verða síður varir við þær. Hann segir alltaf hafa verið mikla sölu í bókum á erlendi tungu og þótt það aukist styðji það við bókalestur Íslendinga. Hann lítur því á það sem tækifæri en ekki ógnun. Egill er bjartsýnn fyrir hönd bókaútgefenda. „Flest þau teikn sem á lofti eru eru okkur bókaútgefendum jákvæð. Það hefur aldrei verið meira að gera á bókasöfnum, barna- og unglingsbækur seljast betur en nokkru sinni svo börn og unglingar virðast vera að lesa meira sem ætti að skila sér í fleiri lesendum síðar. Bókaþjóðin er í fínum málum.“



Undanfarin ár hafa stór og góð verk verið gefin út sem hefðu verið látni kyrr liggja ef gróðinn væri alltaf í forgrunni. Bækur er því enn verið að gefa út af hugsjón þótt bókaforlögin eyði meira púðri í kynningu þeirra titla sem þau telja að muni seljast vel.



HVITA HÚSID / SIA

Góð hugmynd

– til að endurnýja lífsorkuna



Frjó hugsun nærast best með góðri slökun í kraftmiklu umhverfi. Kynntu þér frábæra aðstöðu fyrir fundi og ráðstefnur í nærandi andrúmslofti Bláa Lónsins - heilsulindar.

Nánari upplýsingar í síma 420 8806 og á radstefnur@bluelagoon.is



www.bluelagoon.is

Helgislepju af forvörnum fyrirtækja!

Markaðurinn og Sjóvá gangast á árinu 2006 fyrir átaki á meðal fyrirtækja til að draga úr slysum og tjónum á vinnustöðum og auka þannig öryggi starfsmanna. Hérlendis hafa vinnuslys verið nokkuð tíðari en í nágrannalöndum okkar og margvísleg önnur tjón einnig. Reglulega verða birtir pistlar í blaðinu um hvernig fyrirtæki hafa sýnt gott for-dæmi og dregið úr slysum og tjónum. Þá verður sýnt fram á að margvísleg óhöpp og slys á fólki á vinnustöðum má rekja til þess að þjálfun starfsmanna var ábótavant eða eðlilegar forvarnir

ÖRUGG FYRIRTÆKI

höfðu ekki verið gerðar.

Fyrirtæki læra mest af því að heyra reynslusögur annarra fyrirtækja, bæði þar sem vel hefur tekist og þar sem betur hefði mátt standa að málum. Tilgangur átaksins er fyrst að vekja athygli á þessum málum í fyrirtækjum og sýna fram á mögulegan ávinning fyrirtækja af meiri forvörnum.

Mörg dæmi má taka um fyrirtæki sem hafa sinnt sínum forvarnarmálum af mikilli þrýði og

uppskorið ríkulega. Þannig var til að mynda með málningarverk-smiðjuna Hörpu. Þegar eldur kom upp í nýrri verksmiðju fyrirtækisins á Ártúnshöfða fyrir fáeinum árum kom í ljós hversu góðar eldvarnir fyrirtækisins reyndust ábatasamar fyrir það. Fyrirtækinu hafði verið skipt upp í eldhólf og brunavörnum verið fylgt í hvívetna og þess vegna náðist að afmarka eldinn við einungis einn hluta byggingarinnar. Það þýddi síðan að fyrirtækið gat áfram þjónað flestum viðskiptavinum sínum fljótlega eftir brunann.

Þegar starfsmenn tileinka sér öryggi á vinnustað, minnkar það líkur á slysum og skemmdum á munum fyrirtækisins sem eykur síðan framleiðni. Þá hefur komið í ljós að starfsmenn sem tileinka sér öryggi á vinnustað eru líklegri til að yfirfæra það á frítímann. Loks hefur fyrirtæki sem helgar sig forvörnum jákvæðari ímynd á markaði.

Við þurfum að losna við vissa helgislepju sem hvílir á forvörnum hérlendis. Fyrirtæki eiga að taka mun meira frumkvæði í þessum efnum og gera forvarnir að eðlilegum þætti í sinni daglegu starfsemi. Með því getum við einnig dregið úr umfangi opinberrar eftirlitsstarfsemi. Við eigum að geta tekið upp vissa gæðavottun í öryggis- og forvarnamálum og séð um þessi mál meira sjálf.

Þór Sigfússon, forstjóri

Þegar starfsmenn tileinka sér öryggi á vinnustað, minnkar það líkur á slysum og skemmdum á munum fyrirtækisins sem eykur síðan framleiðni... Loks hefur fyrirtæki sem helgar sig forvörnum jákvæðari ímynd á markaði.

SPÁKAUPMAÐUR

Draumur að hafa Straum

Ég vona að ekki hafi nokkrum lifandi manni dottið í hug að hlusta á mig þegar ég fór að fabúlura um að maður ætti að minnka stöðuna á markaðnum.

Ég bara skil ekki hvað kom yfir mig, enda fór ég ekki að eigin ráðum sem betur fer. Sala Straums á bréfunum í Íslandsbanka hefur aldeilis hleypt lífi í þetta allt saman á ný. Ég fresta því öllum áætlanum mínum um að draga úr fjárfestingum á innlendum hlutabréfamarkaði og hana nú.

Þetta er bara svo einfalt. Enginn þessara stóru mun tíma að leyfa markaðnum að lækka svo nokkru nemi. Íslandsbanki fer á fullt með Karli Werners og Baugi, meiri kraftur fer í allt hjá bankanum. Þetta var bara fyrsta skrefið í stærri fléttu. Jón Ásgeir á eftir að auka hlut sinn í bankanum þegar fram líða stundir. Mér finnst það dálítið myndi í ljósi þess að hér gekk maður undir manns hönd til að koma í veg fyrir að hann eignaðist hlut í nokkrum fyrirtækjum. Tryggingamiðstöðinni, Íslandsbanka og Flugleiðum. Hvar er hann nú? Sjóvá, Íslandsbanka og FL Group. Svona eru örlögin oft gráglettin og ekki skrytið að Styrmir sendi SOS-skeyti í leiðurum til hins ónefnda og þessara þriggja sem eftir eru sama sinnis.

Ég spái því að Karl Werners kaupi hlut í FL Group og Baugur meira í Þætti. Svo spái ég því að Ólafur Ólafsson eigi eftir að kaupa einhverjar eignir af FL Group, sennilega fraktflugíð. Ég held að farþegaflugíð sé ekki til sölu. Hannes ætlar að fara með það módel miklu lengra. Hann hættir ekki fyrr en hann er með stærsta flugfélag í Evrópu í höndunum, og hættir þá sennilega ekki heldur.

Straumur er líka búinn að gera góðan díl. Innleysa helling á sölunni í Íslandsbanka og óskráðu eignunum til Baugs. Straumur getur því farið á fullt í erlend verkefni með Björgólfi Thor. Svo eiga Bjöggarnir það alltaf uppi í erminni að slá saman Landsbankanum og Straumi. Ég spái því fyrir páska eða um páskana, því þeir nota gjarnan langar helgar til að klára slík viðskipti.

Það verður alla vega engin lognmolla á næstunni og þegar hann blæs, fer ég út með flugdrekann minn og græði á tá og fingri.

Spákaupmaðurinn á horninu.

Morgunverðarfundur Intrum 12. janúar á Grand Hótel

Stenst greiðsluhegðun Íslendinga samanburð?

• **Hver er greiðsluáhætta á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd?**

• **Hvernig er innheimta viðskiptakrafna í þínu fyrirtæki í samanburði við önnur fyrirtæki?**

• **Hver er greiðsluáhætta í helstu útflutningslöndum Íslendinga?**

Þessum spurningum og fleiri verður svarað á Grand Hótel kl. 8.00 þann 12. janúar á morgunverðarfundum með Stefan Schär, sérfræðingi frá Intrum Justitia í Sviss. Kynntar verða áhugaverðar niðurstöður viðamikillar könnunar á greiðsluhegðun í Evrópu sem gefa góða mynd af greiðsluáhættu á Íslandi og öðrum Evrópulöndum.

Intrum framkvæmir á hverju ári alþjóðlega könnun á greiðsluhegðun Evrópuþjóða. Könnunin nær til yfir 9.000 fyrirtækja í 23 löndum og leggur grunninn að svokallaðri **Greiðsluhegðunarvísitölu Evrópulanda** eða „European Payment Index“ ásamt ýmsum samanburðarskýrslum fyrir einstök lönd.

Könnunin var síðast gerð hér á landi árið 2004 og verður endurtekin á næstu vikum. Þá gefst íslenskum fyrirtækjum kostur á að taka fullan þátt í könnuninni, en með því geta stjórnendur íslenskra fyrirtækja kallað eftir samanburðarskýrslum, „Payment Index - Benchmark Report“ fyrir sitt fyrirtæki og borið útlánastýringu og greiðsluhegðun sinna viðskiptavinahópa saman við meðaltal hjá öðrum fyrirtækjum á Íslandi eða í hverju hinna 23 Evrópulanda sem þátt taka í könnuninni.

Dagskrá:

08:00 – 08:30	Opið morgunverðarhlaðborð
08:30 – 08:40	Sigurður Arnar Jónsson, forstjóri Intrum á Íslandi setur fundinn
08:40 – 09:10	Stefan Schär – Country Reports Risk Index
09:10 – 09:30	Hlé
09:30 – 10:00	Stefan Schär – European Payment Index, Benchmark Report
10:00 – 10:30	Hákon Stefánsson hdl. – Greiðsluhegðun og mikilvægi upplýsinga um greiðsluhegðun hérlendis og erlendis

Erindi flytja:

Stefan Schär, European Payment Survey Specialist.

Stefan er sérfræðingur hjá alþjóðadeild Intrum Justitia í Sviss og stýrir framkvæmd kannana á greiðsluhegðun í yfir 23 Evrópulöndum.

Hákon Stefánsson hdl., forstöðumaður hjá Intrum á Íslandi.

Hákon stýrir ráðgjafasviði Intrum og þekkir vel mikilvægi þess að kynna sér til hlítar greiðsluáhættu í viðskiptum.

Áhugasamir skrái þátttöku á pósthafið morgunfundur@intrum.is.
Aðgangur er ókeypis.



Stefan Schär, sérfræðingur Intrum Justitia í Sviss.

intrum  **justitia**

VIÐ KOMUM HREYFINGU Á PENINGANA

Kapítalisminn ekki alls staðar sigursæll

„Mesta sigurstund kapitalismans er hættustund hans,“ segir í upphafi bókar **Hernandos de Soto**.

„Kapítalisminn á erfitt uppdráttar utan Vesturlanda, ekki vegna þess að alþjóðavæðingin hafi brugðist heldur vegna þess að þróunarlöndum og fyrrverandi kommúnistaríkjum hefur ekki tekist að „alþjóðavæða“ fjármagn heima fyrir,“ segir hagfræðingurinn **Hernando de Soto**

frá Perú í bókinni **Leynardómur fjármagnsins** (The Mystery of Capital) sem búið er að gefa út á íslensku.

Það er **Rannsóknarmiðstöð** um samfélags- og efnahagsmál (RSE) sem stendur að útgáfu bókarinnar á Íslandi og er þetta fyrsta fræðiritið sem RSE gefur út. Í bókinni er leitast við að svara spurningunni sem sett er fram í undirtitli bókarinnar: Hvers vegna er kapítalisminn sigursæll á Vesturlöndum en bregst hvarvetna annars staðar.

Hagfræðingarnir **Birgir Þór Runólfsson** og **Ragnar Árnason**

skrifa inngang bókarinnar. Þar segja þeir að bókin fjalli á yfirborðinu fyrst og fremst um vandamál þróunarlanda. Hún eigi engu að síður erindi til okkar sem búum í ríkari löndum. Í fyrsta lagi bendi hún okkur á atriði sem geta skipt sköpum um hvort viðleitni okkar til að hjálpa þróunarlöndum til bjargálna, og þar með okkur sjálfum, skili árangri eða ekki. Þessi viðleitni hafi kostað stórfé og gerir enn, en hefur til þessa sorglega litlu skilað.

FRAMLEIÐNARA MARKAÐSHAGKERFI
„Sem fyrr er getið er séreignarrétt-

urinn forsenda markaðsviðskipta og því sjálfur grundvöllur kapitalismans. Í hagfræði hafa á síðustu áratugum verið færð að því sterk rök að því betri og fullkomnari sem séreignarrétturinn sé þeim mun skilvirkara og framleiðnara verði markaðshagkerfið og öfugt; því veikari sem séreignarrétturinn sé þeim mun óskilvirkara og óframleiðnara verði markaðshagkerfið. Samkvæmt þessu er ástæðunnar fyrir langvarandi fátækt og örbirgð, ekki síst í löndum sem búa við gnótt náttúruauðlinda, fyrst að leita í eignarréttarkerfinu,“ segja **Ragnar** og **Birgir** í inngangi bók-



LEYNDARDÓMUR FJÁRMAGNSINS
Í bókinni er varpað ljósi á leiðir til að láta kapitalismann skila ábata til þess fólks sem hingað til hefur talist til fórnarlamba hans.

arinnar.

Árni Óskarsson þýddi bókina. Hún fæst í bókabúðum og í bók-sölu **Andríkis á andriki.is**.



FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Fimm milljarða stækkun

Farþegum fjölga í Keflavík

Farþegum um **Flugstöð Leifs Eiríkssonar** fjölgaði um ellefu prósent á árinu 2005 miðað við árið 2004, eða úr rétt rúmum 1.637 þúsund farþegum í tæpa 1.817 þúsund farþega. Fjölgun farþega til og frá Íslandi nemur rétt tæpum ellefu prósentum milli ára, en farþegum sem millilenda hér á landi á leið yfir Norður-Atlantshafið fjölgaði um þrettán prósent.

Í tilkynningu kemur fram að þetta sé í samræmi við farþega-spá sem breska fyrirtækið **BAA Plc.**, sem rekur stærstu flugvelli í Bretlandi og víðar, gerði í upphafi árs 2005. Í þeirri spá sé jafnframt gert ráð fyrir að farþega-fjöldi muni fara í 3,2 milljónir árið 2015. Skipulagssérfræðingar **BAA** horfi til ýmissa þátta sem áhrif hafi svo sem hagvaxtar á Íslandi, fargjalda, markaðs-sóknar og vinsælda Íslands sem áningarstaðar ferðafólks.

Til að bregðast við þessum aukna farþegafjölda verður flugstöðin stækkuð umtalsvert. Verkið, sem verður framkvæmt í tveimur áföngum, er þegar hafið og áætlað að því ljúki vorið 2007. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar verði hátt í fimm milljarðar króna á þessum tíma, að meðtöldum tækjum og búnaði.

TRÚNAÐARMÁL

Viltu vita hvað starfsfólkinu þínu finnst?

Könnunin **Fyrirtæki ársins 2006** fer senn að hefjast og um leið gefst stjórnendum frábært tækifæri til að kanna hug starfsmanna sinna til vinnustaðarins. **Þátttaka í könnuninni er ekki bundin við félagsaðild að VR.** Öll fyrirtæki, stór og smá, geta skráð sig til þátttöku.

Niðurstöður könnunarinnar gefa glögga mynd af því hvernig starfsfólki líður á vinnustaðnum sínum og viðhorf til nokkurra lykilatriða eru könnuð, m.a. til starfsanda, vinnuskilyrða og trúverðugleika stjórnenda. **Niðurstöðurnar er síðan hægt að nýta til að gera vinnustaðinn enn betri** og móta markvissa og árangursríka starfsmannastefnu.

Gallup annast framkvæmd könnunarinnar og niðurstöður verða kynntar í maí.



FYRIRTÆKI ÁRSINS 2006

Frestur til að skrá fyrirtæki til þátttöku er til 20. janúar 2006. Yfir 300 fyrirtæki nýttu þetta tækifæri í fyrra. 20 efstu fyrirtækin í könnuninni hljóta nafnbótina Fyrirmyndar-fyrirtæki 2006. Nafnbótinni fylgir leyfi til að nota þetta merki á kynningarefni fyrirtækisins í eitt ár. **Nánari upplýsingar í síma 510 1700 og á www.vr.is**

Starf okkar eflir þitt starf

VR

Tímon hluti af HLaun

Tölvumiðlun mun bjóða Tímon, tíma og verkskráningakerfi frá TrackWell, sem hluta af HLaun3 - staðlaðri heildarlaun í starfsmannamálum. Undirritaður hefur verið samstarfssamningur milli fyrirtækjanna um sölu og þjónustu á Tímon.

Kerfin verða samþætt í meira mæli en áður hefur verið gert og útbúin sérstök tenging á milli þeirra til að tryggja örugg samskipti og að stofnupplýsingum sé aðeins haldið við á einum stað. Áframhaldandi þróun og samþætting kerfanna hefur að leiðarljósi aukið hagræði fyrir notendur, segir í fréttatilkynningu.



FRÁ UNDIRRITUN Jón Ingi Björnsson og Þórður Ingason frá TrackWell. Eggert Claessen og Daði Friðriksson frá Tölvumiðlun.



LUKU NÁMSKEIÐI Í STJÓRNUN ÚTTEKTA Högni Eyjólfsson og Ingólfur Sigmundsson frá VKS, Kristín Þórsdóttir frá Stiku, Margrét Sigurðardóttir frá Anza og Ólafur Róbert Rafnsson frá IMG ráðgjöf.

Oddi undir móðurfélag

Í byrjun janúar varð sú breyting á skipulagi Prentsmiðjunnar Odda hf. og dótturfélaga hennar að skilið var á milli eignarhalds og eignaumsýslu samstæðunnar annars vegar og framleiðslu- og verslunarstarfsemi hins vegar. Eignir hafa verið færðar yfir í nýtt félag Kvos hf. sem verður móðurfélag samstæðunnar, en framleiðsla prentgripa og verslunarrekstur verður í sjálfstæðum afkomueiningum. Þessar breytingar hafa engin áhrif á eignarhald samstæðunnar segir í tilkynningu, en forstjóri Kvosar hf. er Þorgeir Baldursson sem áður var forstjóri Prentsmiðjunnar Odda hf.

„Með því að skilja erlend umsvif og útrásarverkefni frá öðrum þáttum í rekstrinum og sameina á einu sviði gefst aukið svigrúm til að efla þennan þátt starfseminnar og búa hann undir að takast á við fleiri og enn stærri verkefni erlendis,“ segir í tilkynningu.

Geta stjórn- að úttektum

Fimm einstaklingar hafa nýlega lokið námskeiði í stjórnun úttekta samkvæmt nýjum staðli ISO27001:2005 um upplýsingaöryggi. Var námskeiðið haldið á vegum British Standards Institution (BSI) hjá BSI á Íslandi.

Námskeiðið er úr röð alþjóðlegra námskeiða sem haldin eru á Íslandi af BSI Management System. Þetta er fyrsta námskeiðið á Íslandi sem haldið er samkvæmt kröfum þessa nýja staðals en hann leysir af hólmi fyrri staðal. Prófið gefur alþjóðleg réttindi og er veitt til þriggja ára í senn.

Ekkert blað í morgun?

Hringdu í
550 5000 og
láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ

- stærsti fjölmiðillinn

STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

Okkar vinsælasta nám, Stjórnendur framtíðarinnar, er markviss stjórnenda- og leiðtogaþjálfun sem á annað hundrad stjórnendur, víðsvegar af landinu, hafa farið í gegnum á undanförunum árum.

Í náminu taka þátttakendur alþjóðlegt stjórnendapróf og vinna að margvíslegum verkefnum sem miða að því að efla þá sem leiðtoga og forystumenn.

Námið byggir á fræðilegum grunni en hagnýt uppsetning og þekking leiðbeinenda úr atvinnulífinu tryggir að námið nýtist þátttakendum strax.

„Námið féll vel að því svigrúmi sem ég hafði til náms og það virtist bjóða uppá það sem ég vildi helst leggja stund á. Það hefur staðið fullkomlega undir væntingum mínum og ég hef nú þegar getað nýtt mér nýja þekkingu í starfi mínu.“

KARL G. KRISTINSSON, prófessor og yfirlæknir Sýklafræðideildar Landsspítala Háskólasjúkrahús. 2004

„Námsfyrirkomulagið og viðfangsefnið hentuðu mér vel því auðvelt var að samræma þetta krefjandi stjórnunarstarfi.“

SIGRÍÐUR JÓNSDÓTTIR, útibústjóri Íslandsbanka. 2004

„Reynsla IMG manna tryggir að námskeið þau sem valin eru til að efla stjórnendur sem leiðtoga eru hnitmiðuð, skemmtileg blanda af fræðilega þættinum og reynslusögum.“

JÓN KR. GÍSLASON, starfsmannastjóri Össurar hf. 2003

„Í annasömu stjórnunarstarfi hentaði uppsetning námsins og tímasetningar mér mjög vel. Námið gat ég strax nýtt.“

RÚNAR ÞÓR GUBBRANDSSON, umdæmisstjóri VÍS – höfuðborgarsvæði. 2005.

Námið hefst í Reykjavík 14. febrúar og stendur fram í nóvember, í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Aðalheiður Ó. Guðmundsdóttir, adalheidur@img.is, sími 540 1000. www.img.is

IMG
RÁÐGJÖF

ÞORSTEINN J.
skapandi hugsun

ÆGIR M. ÞÓRISSON
frammistöðustjórnun

DAVÍÐ F. ODDSSON
árangursríkt samstarf

HILDUR ELÍN VIGNIR
stjórnun breytinga

MARÍA ELLINGSEN
frankoma

SIGURJÓN ÞÓRÐARSON
uppbygging líðsheildar

HAUKUR INGIBERGSSON
markviss ákvarðanatáka

VILMAR PÉTURSSON
stjórnandinn og
stjórnunarhæfileikar

HALLA JÓNSDÓTTIR
mannauðsstjórnun

GUNNAR HAUGEN
streitu- og álagsstjórnun

Ágætur tími til að skipta um framkvæmdastjóra SA



„Ég held af ýmsum ástæðum að nú sé ágætur tími til framkvæmdastjóraskipta hjá SA, bæði fyrir mig og samtökin. Ég hef haft ómælda ánægju af þessu starfi og vil að lokum þakka öllum aðildarfyrirtækjum samtakanna fyrir að hafa fengið tækifæri til að vinna að málefnum íslensks atvinnulífs á þessum skemmtilegu uppgangs og umbrotatímum,“ segir Ari Edwald, fráfarandi framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, í fréttabréfi samtakanna. Tekur hann við forstjórastarfi hjá 356 miðlum, sem gefa meðal annars út Markaðinn, í byrjun febrúar.

Ari segir eitt mikilvægasta, ef

KVEÐUR SAMTÖK ATVINNULÍFSINS
Ari Edwald ritar kveðjupistil í fréttablað Samtaka atvinnulífsins, en hann mun taka við forstjórastarfi hjá 365 miðlum í febrúar.

ekki lang mikilvægasta, verkefni samtaka á borð við SA, sé að stuðla að vinnufriði, í samvinnu við aðra aðila á vinnumarkaðnum og stjórnvöld. Á því sviði hafi vel farnast á undanförunum árum. Kjarasamningar sem SA eigi aðild að núna hafi gildistíma út árið 2007 eða lengur, en séu háðir forsendu um verðbólguþróun.

„Það hefur reyndar verið bjargföst trú okkar sem störfum fyrir SA, að æðsta markmið samtakanna sé að bæta lífskjör á Íslandi. Auk aðkomu að kjaramálum kemur það fyrst og fremst fram í tillöguflutningi samtakanna um umbætur á ýmsum sviðum þjóðlífsins, sem er ætlað að hafa jákvæð áhrif á samkeppnisstöðu Íslands, auka verðmætasköpun, framleiðni og samkeppni, en vinna gegn óhagkvæmni,“ segir Ari Edwald í kveðjupistli sínum.

Samskip fjölgar ferðum til Noregs

Flutningar Geest og Samskipa á milli Rotterdam og hafna við Óslóarfjörðinn hafa þrefaldast á síðustu tveimur árum. Hefur Geest, dótturfélag Samskipa, fjölgað ferðum þarna á milli með því að gera samstarfssamning við Lys Line.

Í fréttatilkynningu kemur fram að frá áramótum hafa tvö 750 gámaeininga skip, Lys-Box og Lys-Point, annast siglingar tvisvar í viku milli Rotterdam og fjögurra hafna við Óslóarfjörð, Óslóar, Moss, Brevík og Kristiansand, auk þess sem hvort skipið hefur viðkomu einu sinni í viku í Fredrikstad og Larvík. Jafnframt mun annað skipanna hafa viðkomu vikulega í Hamborg, á leið frá Noregi til Rotterdam.

Haft er eftir Gerard de Groot, framkvæmdastjóra markaðssviðs Geest, að Samskip voru með sterka stöðu á þessum markaði og munu styrkja stöðu sína enn frekar með þessum samningi. Hann sé jafnframt sannfærður um að markaður sé fyrir aukna gámaflutninga milli Rotterdam og Noregs. Frá Rotterdam geti Geest boðið upp á flutninga um alla Evrópu, hvort sem er með lestum, fljótaprömmum, vöruflutningabílum eða skipum Geest.



GERARD DE GROOT, FRAMKVÆMDASTJÓRI MARKAÐSSVIÐS GEEST

Strax keypti more... Mobilfunkzubehör GmbH

Strax Holdings hefur keypt allt hlutfé í more... Mobilfunkzubehör GmbH og dótturfélagi þess, more... International Ltd. Eftir kaupin starfar Strax í tíu löndum í þremur heimsálfum við ýmsa þjónustu sem tengist aukahlutum fyrir farsíma, svo sem dreifingu, þökkun, rekstur vefsíðna, vörubróun, birgðastýringu og fleira fyrir farsímafélög jafnt sem smásala.

Strax tók við rekstri more... þann 1. janúar

2006 og kemur félagið inn í rekstur Strax frá og með þeim degi. Samanlögð velta Strax og more... var samkvæmt fréttatilkynningu um 200 milljónir dollara á árinu 2005 og hagnaður fyrir fjármagnslíði og skatta um 3,5 prósent af veltu. Eru það tæpar 430 milljónir íslenskra króna miðað við gengi dollars í gær. Kaupin voru fjármögnuð með nýju hlutfé í Strax og lántöku og er kaupverðið trúnaðarmál.

Einkamál

Við eyðum trúnaðargögnum

Efnaþóttakan býður fyrirtækjum upp á sérhæfða og umhverfisvæna þjónustu. Rík áhersla er lögð á fullkomið öryggi og trúnað. Efnaþóttakan í Gufunesi er opin virka daga frá 7.30 – 16.15.

MIXA - fr. 11002

Efnaþóttakan hf
Spillum ekki framtíðinni

Við sækjum! S. 520 2220 www.efnamottakan.is

Dæmi:

Trúnaðarskjöl

Filmur

Tölvugögn

Dekk • Bón og Þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskípti • Rúðuburkublöð • Rafgeymar • Sækjum og sendum

Hvað get ég gert fyrir þig?

-20%

afsláttur

af heilsárs- og nagladekkjum

➤ Bón og alþrif	á tilboði
➤ Smurþjónusta	á tilboð
➤ Rafgeymar	á tilboði
➤ Sækjum og sendum	10% afsl.
➤ Bremsuklossaskipti	gerum tilboð
➤ Dekkjahótel	2000 kr. 4 stk.

Vaxtalausr léttgreiðslur!

BÍLKÓ

bilko.is

- Betri verð!

Smíðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

Betra skipulag á nýju ári!

...með skrifstofuvörum frá Múlalundi

MÚLALUNDUR
Vinnustofa SÍBS

Hátúni 10c • S: 562-8500 • Fax: 552-8819 • www.mulalundur.is

TILBOÐ!

Skrifborðs Mottur
Með DAGATALI!
634.-kr

TILBOÐ!

339kr. pr.stk.

Mikið úrval
Dagbóka

TILBOÐ!

Bic Atlantis pennar
1.080kr. pk.

TILBOÐ!

Milliblöð
A-4 & A-5

Tilboðs möppur

Samningur um gullnu fallhlífina

Hver er hugmyndin á bak við starfslokasamninga?

Yfirleitt eru starfslokasamningar eingöngu gerðir við framkvæmdastjóra eða forstjóra fyrirtækja. Þessi aðilar hafa stöðu sinnar vegna, gjarnan þurft að beita sér af ákveðni og festu innan fyrirtækja sinna og utan. Þeir eru gjarnan harðir í horn að taka og verða sér óhjálpaðlega oft úti um óvini þótt þeir njóti vissulega álits og viðurkenningar um leið.

Meginhugsunin með starfslokasamningum, þar sem kveðið er á um raunarlegar greiðslur, er sennilega sú að þessir aðilar eiga oft á tíðum erfitt með að stökkva aftur inn í sambærileg störf, eða starf við hæfi, eins og það er gjarnan orðað. Þá hefur það færst í vöxt að æðstu stjórnendur víki nánast fyrirvara-laust ef eigendaskipti verða á fyrirtæki. Það er því sjálfsgöð varúðarráðstöfun, af hálfu manna sem ráðast til framkvæmdastjórnar, að búa með þessum hætti um hnúтана. Þetta kallast gjarnan „gullnu fallhlíf“ í daglegu fyrirtækjatali.

Þess ber þó að geta að laun æðstu stjórnenda eru sjaldnast skorin við nögl enda er það með þeim rökum að sú áhætta, sem nefnd er að ofan, vofi yfir hverja stund. Að margra mati er það næg umbun, og þykir mörgum að æðstu stjórnendur gangi þessa dagana til starfa bæði með axlabönd og belti sér til fulltingis.

Hve lengi hefur tíðkast að gera starfslokasamninga á Íslandi?

Mér vitanlega hefur ekki verið gerð nein úttekt á þessu fyrirbæri hérlendis. Stjórnendur hafa í gegnum alla mannkynsögu verið hvattir til að ljúka störfum hjá fyrirtækjum og stofnunum af ýmsum ástæðum og með ýmsum hætti. Það er þó ekki fyrr en á síðari árum að samningar sem þessir hafa komist í hámbæli hérlendis, bæði vegna upplýsingaskyldu gagvart hluthöfum og þess að algengara er en áður að rótgrónir forstjórnar flytji sig um set eða ljúki störfum langt fyrir aldur fram. Þessi aukni hreyfanleiki bendir til þess að það hafi kólnað á toppnum og því ekki óeðlilegt að þeir sem ráðast til slíkra starfa geri ráðstafanir í formi viðbótar við ráðningarsamninga sína, sem oft eru nefndir starfslokasamningar.

Hvaða spil hefur starfsmaðurinn á hendi þegar gerðir eru starfslokasamningar?

Hann hefur til sölu þá þekkingu eða aðra vitneskju sem hann býr yfir og skuldbindur sig um leið til að aðrir en fyrrverandi vinnuveitendur muni ekki njóta hennar um tiltekinn tíma eða framvegis.

Sumir halda því fram að þegar starfslokasamningar séu gerðir sé um einhvers konar samtryggingu stjórnarmanna og stjórnenda að ræða

(ef þú gerir vel við mig mun ég gera vel við þig). Hver er þín skoðun á því?

Báðir aðilar búa yfir þekkingu um hinn og/eda athafnir eða athafnaleysi eftir atvikum. Þessa vitneskju eða þekkingu er hægt að verðleggja eins og allt annað undir sólinni og er ekkert óeðlilegt að aðilar semji um endurgjald fyrir það. Það er ekkert óeðlilegt við slíka samninga, komi til slita á samstarfi eða samvistum eftir atvikum, og er

raunar alþekkt á öllum sviðum mannlegra samskipta. Benda má á að uppsagnarákvæði kjarasamninga eru samningur um gagnkvæmt tillit samningsaðila vilji annar eða báðir slíta því. Þeir starfslokasamningar sem hafa verið til umræðu í atvinnulífnum að undanförunu eru einfaldlega útvíkkun, með fullu samþykki samningsaðila, á því fyrirkomulagi.

Væri ekki eðlilegt ef um háar fjárhæðir er að ræða að bera starfslokasamninga undir hluthafafund?

Nú er það svo að forstjórnar fyrirtækja eru ráðnir af stjórnnum fyrirtækja (sem eru kjörnar af hluthöfum) til að fara með m.a. dagleg fjármál þess. Þeir hafa yfirleitt líka heimild til þess að binda félagið í umboði stjórnar. Þetta umboð getur þó verið takmarkað við hugtök eins og „eðlilegt“, „umtalsvert“ og „meiri háttar“ allt eftir því hvað tíðkast í viðkomandi fyrirtæki eða samkvæmt eðli máls.

Það er í þessu sambandi mikilvægt að benda á þá skyldu stjórnna, sem væntanlega eru kjörnar af hluthöfum, að gæta hagsmuna hluthafanna í hvívetna og sjá til þess að forstjórnar geri ekkert sem skaðað getur hagsmunum þeirra, fjárhagslega eða siðferðislega.



LAUNAKJÖR STJÓRNENDA FL GROUP ERU NÚ Í BRENNIDEPLI.

Samningar um starfslok í brennidepli umræðunnar

Umræður um starfslokasamninga gjósa reglulega upp hér á landi og núna síðast í sambandi við FL Group. Ísland er ekkert sérstakt að því leyti segir Ágúst Agnarsson. Kjör æðstu yfirmanna er heitt málefni í öllum löndum sem við berum okkur helst saman við.

Engar samanteknar tölur eru til um starfslokasamninga nema þær sem snúa að ríkinu og almennum hlutafélögum. Í svari Davíðs Oddssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, við spurningum Jóhönnu Sigurðardóttur kemur fram að á árunum 1995-2002 voru gerðir 285 starfslokasamningar við starfsmenn stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins.

Þeim samningum sem gerðir eru við stjórnendur má skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða þá sem gerðir eru ef viðkomandi segir upp eða er sagt upp. Hins vegar eru þeir sem gerðir eru við stjórnendur sem hafa átt langan feril hjá stofnunum eða fyrirtækjum. Út frá þessu er hægt að túlka hluta þess eftirlaunafrumvarps sem starfslokasamninga og þá kæmi í ljós að ríkið ætti stóran hluta af þeim samningum sem hafa verið gerðir, hvort sem miðað er við fjölda samninga eða þá fjárhæð sem borguð er vegna slíkra samninga. Einfaldir núvirðisreikningar á eftirlaunaþingum ráðherra og annarra æðstu embættismanna ríkisins sýna að þeir eru allt að 90 milljón króna virði. Forsendur í því samræmi eru að eftirlaunin hækka til jafns við sitjandi ráðherra og embættismenn og vaxa því umfram verðbólgu og að um kaupmáttaráukningu er að ræða. Meðalævilíkur samkvæmt hagstofunni eru 78,8 ár sem gera þá 0,7 X 990 (laun forsætisráðherra) X 18,8. Þessi upphæð er svo afvöxtuð með raunásvöxtun ríkisskuldabréfa.

Starfslokasamningar hafa verið töluvert í um ræðunni upp á síðkastið og sitt sýnist hverjum í þeim málefnum. Stjórnálamenn reyna að ná öldu óánægju almennings og koma með alls kyns tillögur að lögum til að koma í veg fyrir að stjórnarmenn og stjórnendur geti ákvarðað laun starfsmanna sinna. En eru lagasetningar lausnir? Fyrirtækjastjórnendur benda á skaðsemi þess að að setja lög á fyrirtæki. Lögin gætu orðið til þess að skaða samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja vegna þess að starfslokasamningar ganga fyrst og fremst út á það að laða að og halda í færa stjórnendur.

Margir hafa bent á að réttast væri að leggja starfslokasamninga og aðra launasamninga við yfirmenn fyrir hluthafafund. Rökin á móti því eru að það er ekki auðvelt að kalla saman hluthafafund.

Vel er hægt að færa rök fyrir því að eftirlaunasamningur sem gerður var fyrir ráðherra og þingmenn sé starfslokasamningur og tiltölulega auðvelt að núvirða þær greiðslur sem þessir fyrrverandi stjórnálamenn muni fá og hlaupa þær á nokkrum tugum milljóna á mann.

Þegar horft er á starfslokasamninga skiptir máli hvers konar fyrirtæki það er sem á hlut sem gerir samninginn. Ef um einkahlutafélag er að ræða er fráleitt að ríkið hafi afskipti af því hvernig það semur við starfsmenn sína. Slíkt myndi vera á skjön við eitt af meginmarkmiðum laga og reglna, það er að segja að vernda eignarétt einstaklinga.

Þegar um almenn hlutafélög er að ræða sem skráð eru á markaði horfir málið aðeins öðruvísi við. Margir hafa bent á að réttast væri að leggja starfslokasamninga og aðra launasamninga við yfirmenn fyrir hluthafafund. Rökin á móti því eru að það er ekki auðvelt að kalla saman hluthafafund. Einnig er bent á að sú stjórn og þeir stjórnendur sem settir eru yfir fyrirtæki séu þeir aðilar sem treyst er til að stjórna og taka þær ákvarðanir sem best tryggja hag fyrirtækisins.

Það hefur lengi tíðkast að gera starfslokasamninga við embættismenn á Íslandi og sumir þessara samninga eru þannig upp byggðir að eftirlaunaþinginn fær ákveðið hlutfall af þeim launum sem eftirmaður hans í starfi fær. Þegar netbólán stóð sem hæst í byrjun nýs ársþúsunds höfðu hluthafar nokkurt umburðarlyndi fyrir ofurlaunasamningum sem gerðir voru við stjórnendur. Margir trúðu því að efnahagur heimsins væri að ganga inn í nýtt tímabil þar sem verð á fyrirtækjum væri ekki á stöðugu flökti heldur væri nánast alltaf á uppleið. Annað hefur komið á daginn og fyrirtæki huga meira að lækun kostnaðar með tilheyrandi hagræðingu og uppsögnum. Þær ákvarðanir sem stjórnendur er treyst til að taka eru oft miklu stærri og mikilvægari en þær sem snúa að launamálum yfirmanna.

TÖLVUPÓSTURINN

Til Sverris
Arngrímssonar
dósentis við Háskólann
í Reykjavík



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

mentis
HUGBÚNAÐUR

Sígtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

ÚTRISA ÚTSALA

MEIRA EN 700 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

HLJÓMBORÐ með allt að 70% afslætti
POTTAR og PÖNNUR með 30-50% afslætti
Amerískir KÆLISKÁPAR með miklum afslætti
NAD HLJÓMTÆKI með allt að 70.000 kr. afslætti
Philips SJÓNVÖRP með miklum afslætti
Vestfrost FRYSTIKISTUR frá kr. 19.995

NOKKUR VERÐDÆMI

Whirlpool 1400sn ÞVOTTAVÉL: Áður 64.995 – Nú kr. 39.995
Philips HEIMABÍÓ: Áður kr. 59.995 – Nú kr. 44.995
Sambyggð ÞVOTTAVÉL og ÞURRKARI: Áður kr. 69.995 – Nú kr. 49.995
Whirlpool 168sm KÆLISKÁPUR: Áður kr. 59.995 – Nú kr. 49.995
Whirlpool UPPÞVOTTAVÉL: Áður kr. 69.995 – Nú kr. 54.995

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!



Heimilistæki

SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna exido
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost INDESIT VESTFROST Whirlpool

BANKA HÓLFID



Betri söngvari en Ármann

Veisluhöld Ármanns Þorvaldssonar, forstjóra KB banka í Bretlandi, gerast því glæsilegri eftir því sem vegur hans vex. Hann hefur gjarnan boðið vinum og viðskiptamönnum sínum til áramótaveislu í Lundúnum og þykja það góð partí. Veislan í ár sló fyrri met, haldin í glæsisal húsakynna Náttúrugripasafnsins við ána Thames. Ármann er þekktur gleðimaður og þegar sá gállinn er á honum kveður hann við raust og fer þá gjarnan í fótspor, eða leðurbuxur væri kannski meira viðeigandi, Tom Jones og syngur fyrir vini sína slagarann góða Delilah. Nú brá svo við að Ármann kynnti til sögunnar mann sem hann taldi að myndi sennilega syngja þennan slagara betur en hann sjálfur. Kappinn reyndist auðvitað sjálfur Tom Jones, en ekki fylgir sögunni hvort stórmenni íslensks viðskiptalífs fóru úr nærbuxunum og grýttu upp á svið eins og títt mun á tónleikum velska stórstirnisins.

Meira bankafinerí

Landsbankinn lætur heldur ekki sitt eftir liggja þegar fineríð er annars vegar. Veislur bankans hafa þótt afar vel heppnaðar og menn kunna að gera sér gláðan dag í hópi viðskiptamanna og velunnara. Bankinn mun aukinheldur vera að koma sér upp aðstöðu fyrir innilegri samkomur þar sem færri koma saman til að ráða ráðum sínum. Enda munu ráð betri eftir því sem færri koma saman. Bankinn hefur því ráðist í innréttingu huggulegrar koníaksstofu í bankanum, þar sem djúpir stólar og dökkar innréttingar eru rammi fyrir fámenna fundi vætta dýrum veigum. Ekki er að efa að í slíku umhverfi munu menn lenda góðum samningum fyrir bankann.

Sneið til Moggans

Greiningardeild KB banka lauk pistli sínum um eignabreytingar í Íslandsbankameðþessum orðum: „Eftir stórviðskipti dagsins má velta því fyrir sér hvort komið gæti til kasta Yfirtökunefndar að kanna fullyrðingar fjölmiðla um að aðilar sem eiga meira en 40% eigi með sér samstarf um stjórnun bankans.“ Þykjast menn þar greina háðska sneið til leiðarahöfundar Morgunblaðsins sem taldi FL Group utan hóps og Karl Wernersson, Einar Sveinsson og Jón Snorrason hefðu með sér bandalag um meirihluta í bankaráðinu.

80 milljarða króna sambankalán Actavis, það hæsta sem íslensku fyrirtæki hefur verið veitt.

1667 lestir var heildaraffli íslenskra skípa árið 2005.

60 milljarða virði hlutar Straums-Burðarás í Íslandsbanka sem seldur var á laugardag.

VISA húsið

Laugavegi 77



Við erum flutt

Höfum opnað í VISA húsinu Laugavegi 77

Gleðilegt ár
Starfsfólk VISA



VISA Ísland - Greiðslumiðlun hf. VISA húsinu, Laugavegi 77 101 Reykjavík sími 525 2000 www.visa.is

„Hvar hefur þú verið allt mitt líf?“

Mótframlagið þitt

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.



Lífeyrissparnaður Landsbankans

567 2277
NÝJA BÍLAHÖLLINN



Toyota Avensis 2.0 Sol nýsk. 8/04, km. 25 þ. ssk., 17" ál. og fl. Verð 2.700 þ.

567 2277
NÝJA BÍLAHÖLLINN



Nissan Terrano II Luxury TDI nýsk. 2/03, km. 93 þ. 5 g. Verð 2.590 þ. ákv. lán 2.410 þ.

BILASALA
ISLANDS



Nýr Diesel Jeep Grand Cherokee 3.0 CRD 217 Hestöfl Limited Sjálfskiptur Leðurinnretting Allt raðdrífð spólvörn Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu Verð 5.580.000.- skoðum skipti

Bilasala Íslands
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.
Sími: 510 4900
www.bilasala.islands.is

Bilabankinn



Volvo S-80 2003, ek. 37 þús., km. 17" álfelgur. Perluhvítur, einn með öllu. Verð 3.990 þús., blán 2.900 þús. Bilabankinn 588 0700.



VW Golf 1600 Trentline 6/2004, 5 dyra, 5 girá, CD. Fallegur bíll. Ekinn 62 þús., km. Verð 1.790 þús. blán 1.450 þús. Bilabankinn 588 0700



Galloper Diesel 2000 árgerð, ekinn 116 þús., km. Dráttarkrókur, CD, 5 girá, 5 dyra. Tilboð 890 þús. blán 700 þús Bilabankinn 588 0700.



Nissan Patrol Elegance 7/2000, ekinn 84 þús. km, 35" breyttur, leður, lúga, dráttarbeisli og allt þetta helsta. Algjör moli.



BMW 320 ia diesel, 150 HÖ. 1/2005 ek. 38 þús., km, sjálfskiptur, CD, aðgerðarstýri, loft í sætum, sími, fjarlægðaskynjarar framan og aftan og fleira. Verð 3.990 þús. Bilabankinn 588 0700.

Bilabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

Bílalíf.is
Bilasala Matthíasar



Saab 9-5 Aero 2001, 53. þ.km. 230 þús. 16" & 17". Vel búinn Bill. Asett: 2.300 þ. kr.



Subaru Forester 2000, ek. 106. þ. km, sjálfsk., sumar & vetrard. Einn eigandi, þjónustubók. Ásett: 1.190 þ. kr.



Nissan Almera 2001, ek. 99 þ. km. Álfelgur, sumar & vetrard. Ásett: 770 þ.kr. áhv. 700 þ. kr. 20 þ. kr. pr.mán.



Mini Cooper Caprio 2005, ek. 7 þ. km. Með öllu! Ásett 3.700 þ. kr.

Bílalíf
Klettháls 11, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
www.bilalif.is

Bílasalan
Bílfang



Jeep Cherokee Laredo 4X4. 3.7 L V6 Vél. ág. 2005. Sjálfskipt, þuss áklæði, litað gler. Á mjög góðu verði 2.950 þús. Fleiri lítir fáanlegir. Frekari upplýsingar í síma 567 2000.



Dodge Dakota Larime 4X4, ág. 03/2005. Ekinn aðeins 5 þ.km. Sjálfskiptur, leður, klæddur pall o.fl Verð aðeins 2.990 þús. Frekari upplýsingar í síma 567 2000.



VW Golf ág. 07/1998, ek. 103 þ. km sjálfskiptur. V. 680 þús. Frekari upplýsingar í síma 567 2000.



Isuzu Crew Cab 3.1 Turbo diesel. Árg. 03/2000 ek.130 þ. km. Með húsi. V. 1.290 þús. 100% lán. Frekari upplýsingar í síma 567 2000.



Range Rover ág. 03/1996, ek. 162 þ. km. Leður, sjálfski, glerþopplúga, nýtt hedd og nýjir loftþúðar. Bíll í toppástandi. V. 1.490 þús. Möguleiki á láni. Frekari upplýsingar í síma 567 2000.

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

HÖFDABÍLAR
...þar sem bílar seljast



Ford Focus 1600 High Series 2000 ek. 92 þ. km., 5 girá, álfelgur, sumar- og vetradekk o. fl. Verð 790 þús.



BMW 318 IA Steptronic 2,0 Vél 10/2004, ek. 25 þ. km. Sjálfsk., 17" ný dekk, sóllúga, bakskynjarar, spólvörn, aksturstöla, Navi o. fl. Verð 2.990 þús. Bílalan 2.350 þús.



BMW 735 IA 2002, ek. 76 þ. km. Sjálfsk., leður, lúga, Xenon, GSM sími, 20" álfelgur, einn með öllu. Verð 5.750 þús. Bílalan 4.400 þús.



Cadillac Escalade 5700 Vortec 2/2000, ek. 100 þ. mílur. Sjálfsk., Bose leður, rafm. í öllu, CD, magasin, hiti í öllum sætum. Verð 2.790 þús. Bílalan 1.200 þús.



Dodge Intrepid 2700 V6 1999, ek. 95 þ.km. Verð 1.490 þús. Tilboð 990 þús. Möguleiki á 100% láni.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

allt bílar
Alla laugardaga

SG BÍLASALA
Brekknúttí 38
260 Reykjavíkur
Sími: 421-4444
Fax: 421-3732

SG Bílar
100% Lán
s:421 4444
SG Bílasala



BMW 318 IA Árgerð 2000. Ekinn 64 þ. km. Verð kr. 1.930.000. Sjálfskiptur, 100% lán. SG Bílar S. 421 4444.



Hyundai Santa Fe Lux árgerð 2003. Ekinn 28 þ. km. Verð kr. 2.690.000. Sjálfskiptur, toppointak. SG Bílar, s. 421 4444.



Hyundai Trajet árgerð 2000. Ekinn 97 þ. km. Verð kr. 1.290.000. 100% Lán. SG Bílar, s. 421 4444.



Isuzu Trooper 3.0 TD árgerð 1999. Ekinn 174 þ. km. Verð kr. 1.560.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.



Hyundai Santa Fe árgerð 2003. Ekinn 26 þ. km. Verð kr. 2.200.000. Toppeintak, sjálfskiptur. SG Bílar s. 421 4444.

ÞJÓNUSTA/TIL SÖLU

SNJÓKEDJUR & SNJÓPLÓGAR
UNDIR ALLA VÖRUBÍLA & VINNUVÉLARI
!!! HAGSTÁÐARI VERÐ !!!
S.K.M. ehf. Áskani 4, snjókettjur og snjóplógar í s: 517-8400

STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
LÍNUBORUN
820 0070 577 5177

Bilakjarninn
stórmarkaður með bíla

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.notadirbilar.is

Bilakjarninn
stórmarkaður með bíla

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.notadirbilar.is



Hyundai Tucson Diesel árgerð 2004. Ekinn 17 þ. km. Verð kr. 2.590.000. Sjálfskiptur. SG Bílar s. 421 4444.



Mazda 3 Sedan árgerð 2004. Ekinn 34 þ. km. Verð kr. 1.540.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.



Mazda 6 árgerð 2004. Ekinn 32 þ. km. Verð kr. 2.190.000. 100% lán. Sjálfskiptur. SG Bílar s. 421 4444.



MMC Lancer GLXi árgerð 1998. Ekinn 86 þ. km. Verð kr. 590.000. Yfirtaka á láni. SG Bílar s. 421 4444.



MMC outlander árg. 2004. Ekinn 40 þ. km. Verð kr. 1.990.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.



Skoda Octavia GLX árg. 1999. Ekinn 82 þ. km. Verð kr. 750.000. 100% lán. SG Bílar s. 421 4444.



Á þessum degi árið 1962 létust í það minnsta fjögur þúsund manns þegar mikið magn af aur og ís helltist yfir og gróf í jörðu heilt fjallaþorp og nokkrar minni byggðir í Perú. Milljónir tonna af jarðvegi runnu niður hlíðar hæsta fjalls Perú, hins óvirka eldfjalls Huascarán, og lagði þorpið Ranrahirca gersamlega í eyði. Líktu sumir hamförum við Víti Dantes.

Mikill vöxtur hljóp í ána Santa sem rennur um Rio Santa-dalinn og varð mikið tjón af. Fundust lík í höfn bæjarins Chimbote tæpum hundrað kílómetrum frá þeim stað sem skriðan féll.

Samt sem áður féll þessi



HUASCARAN-FJALL.

atburðuriskuggann af annarri aurskriðu sem féll á nokkurn veginn sama stað átta árum síðar, 1970. Hinn 31. maí varð mikill jarðskjálfti um 25 kílómetrum frá bænum Chimbote á norðurströnd Perú sem olli stærstu aurskriðu sem um getur í Suður-Ameríku. Stór ísveggur brotnaði frá Huascarán-fjalli og rann niður jökulinn og tíu kílómetra í viðbót þannig að bærin Yungay grófst undir. Skriðan eyðilagði Ranrahirca á ný. Um tuttugu þúsund létust en aðeins fjögur hundruð komust lífs af þennan dag.

MERKISATBURÐIR

- 1897** Leikfélag Reykjavíkur er stofnað. Fyrsta sýningin er þó ekki fyrr en í lok ársins.
- 1928** Stalín dæmir Leon Trotsky útlægan frá Sovétríkjunum fyrir lífstíð.
- 1935** Flugkempnan Amelia Earhart leggur af stað frá Hawaii á leið til Kaliforníu.
- 1942** Japanar lýsa stríði á hendur Hollendingum í síðari heimstyrjöldinni.
- 1944** Togarinn Max Pemberton frá Reykjavík ferst undan Snæfellsnesi með allri áhöfn, 29 manns.
- 1993** Dýpsta lægð sem sögur fara af á Norður-Atlantshafi, 910 til 920 millibör, fer norður með Austurlandi.

tímamót

timamot@frettabladi.is

ANDLÁT

Daniel Einarsson frá Dunki, Borgarholtsbraut 55, lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 4. janúar.

Gunnar Haraldsson, Ægisgrund 19, Garðabæ, lést á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 5. janúar.

Kristín Daniëlsdóttir Reid, fædd í Hlíðarhúsum, Nýlendugötu, Reykjavík, Öldugötu 37, Hafnarfirði, lést á hjúkrunarheimili Sólvangs í Hafnarfirði föstudaginn 6. janúar.

Gylfi Eldjárn Sigurinnason, Suðurvangi 3, Hafnarfirði, lést laugardaginn 7. janúar.

Valgerður Einarsdóttir, áður Núpi, Vestur-Eyjafljöllum, andaðist á

dvalarheimilinu Kirkjuhvoli laugardaginn 7. janúar.

Árni Jón Guðmundsson frá Skagatrönd, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 8. janúar.

Sævin Bjarnason, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 8. janúar.

JARÐARFARIR

13.00 Jóhann Eyjólfsson, Dalsbyggð 21, Garðabæ, verður jarðsöngurinn frá Fossvogskirkju.

15.00 Magnús Kristinn Randrup hljóðfæraleikari og málari, verður jarðsöngurinn frá Fossvogskirkju.

FJÓRAR KONUR Í HAFNARFIRÐI: OPNA SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTU**Ekki lengur feimnismál**

„Það er orðið miklu sjálfsagðari hlutur að leita til sálfræðings heldur en var hér áður fyrr. Það hafa orðið miklar breytingar og þetta er ekki eins mikið feimnismál,“ segir Sjöfn Ágústsdóttir, ein fjögurra sálfræðinga sem nýverið opnuðu sálfræðiþjónustuna Miðstöð sálfræðinga í Hafnarfirði. Ásamt Sjöfn starfar í miðstöðinni gömul vinkona hennar, Claudia Ósk Hoeltje sem nýverið sneri heim eftir tuttugu ára starf í Ástralíu, skólasyntir Sjafnar, Margrét Halldórsdóttir og Ágústa Gunnarsdóttir.

Sjöfn segir þörfina fyrir sálfræðiþjónustu alltaf vera að aukast en hátt í tuttugu prósent þjóðarinnar þjáist af þunglyndi einhvern tíma á ævinni. Þá séu konur líklegri til að þjáast af þunglyndi en karlmenn en allt að tuttugu og fimm prósent kvenna upplifa þunglyndi einu sinni á lífsleiðinni en aðeins tólf prósent karla. Ekki er nákvæmlega vitað hvað veldur þunglyndi en ýmsar kenningar eru á lofti og oft virðist sem fleiri en enn þáttur spili þar inn í.

Sjöfn segir yngra fólk í meiri áhættuhópi. „Þunglyndi er algengara hjá ungu fólk en kynslóðinni á undan og



MIÐSTÖÐ SÁLFRÆÐINGA Þær Claudia Ósk Hoeltje, Ágústa Gunnarsdóttir, Margrét Halldórsdóttir og Sjöfn Ágústsdóttir hjálpa landanum upp úr svartamyrkri kvíða og þunglyndis.

algengara hjá miðaldra fólk en kynslóðinni þar á undan,“ útskýrir Sjöfn og bendir á að þetta verði ekki allt útskýrt með breyttri greiningartækni eða betri skimun heldur fari tíðni þunglyndis í raun vaxandi. „Stundum hefur þunglyndi verið nefnt kvæðsjúkdómanna,“ segir Sjöfn og finnst líklegt að hin mikla samkeppni og kröfur í þjóðfélaginu orsaki hina auknu tíðni.

Batahorfur telur Sjöfn nokkuð góðar með þeirri hugrænu atferlismeðferð sem þær bjóða upp á. „Sú meðferð miðar að því að gera skjólstaðinginn að eigin sálfræðingi og hjálpa honum að bera kennsl á hamlandi hugsanir,“ segir Sjöfn og bendir á að rannsóknir sýni að meðferðin virki jafn vel og lyfjameðferð og þá til langframa.

Eins og áður sagði er það

orðið næstum sjálfsagt að fólk leiti sér hjálpar sálfræðings einhvern tíma á ævinni. Sjöfn þakkar það að nokkru leyti amerískum bíómyndum, þar sem virðist að annar hver maður sé með sinn eigin þerapista. Hún tekur sem dæmi að ekki sé óalgennt að hjón fari reglulega til sálfræðings til að fá álit þriðja aðila á ágreiningsmáli til að það fari ekki vaxandi og versnandi. ■

+

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Magnús Kristinn Randrup
Hljóðfæraleikari og málari

lést á Grund þann 6.janúar. Jarðsett verður miðvikudaginn 11. janúar kl. 15.00 frá Fossvogskirkju.

Guðmundur Magnússon	Jóhanna Helgadóttir
Halldóra Magnúsdóttir	
Gunnar Kári Magnússon	Nana Egilson
Magnús Jakob Magnússon	
Halla Magnúsdóttir	Marías H. Guðmundsson
Barnabörn og barnabarnabörn.	

+

Ástkær eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gestur Ingvi Kristinsson
Torfnesi, Hlíf I, Ísafirði, áður Hlíðarvegi 4, Suðureyri,

verður jarðsöngurinn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 14. janúar kl. 11.00. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélagið Sigurvon.

Sólveig Hulda Kristjánsdóttir
Puriður Kristín Heiðarsdóttir Páll Ólafsson

Kristinn Gestsson	Jóhanna S. Vilhjálmssdóttir
Óðinn Gestsson	Pálína Pálsdóttir
Gunnhildur Gestsdóttir	Albert Högnason
Jón Arnar Gestsson	
Sveinbjörn Yngvi Gestsson	

barnabörn og barnabarnabarn.

+

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sophus A. Guðmundsson
Sléttuvegi 13, Reykjavík,

verður jarðsöngurinn frá Grensáskirkju fimmtudaginn 12. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á líknarstofnanir.

Fríðrik Sophusson	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir
Guðmundur Sophusson	Elín Guðmundsdóttir
María Sophusdóttir	Sigurjón Mýrdal
Kristín Sophusdóttir	Sigþór Sigurjónsson
barnabörn og barnabarnabörn.	

+

Elskulegur einkasonur minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sævin Bjarnason

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 8. janúar.

Guðný Hallgrímsdóttir	Símon Bahraoui
Guðný Sævinsdóttir	Ásgerður Þ. Ásgeirsdóttir
Haraldur Sævinsson	Birgir Sævarsson
Sigrún Dóra Sævinsdóttir	Bjarni Fannar Bjarnason
Bjarney Sævinsdóttir	og barnabörn.

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Margrét Sveinbjörnsdóttir
Viðilundi 25, Akureyri,

verður jarðsöngin föstudaginn 13. janúar frá Akureyrarkirkju, kl. 13.30. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlyningu Akureyri.

Erla I. Hólmsteinsdóttir	Svanur Eiríksson
Hugrún Hólmsteinsdóttir	
Hólmsteinn T. Hólmsteinnsson	Rut Ófeigsdóttir
Margrét G. Hólmsteinsdóttir	og fjölskyldur.

AFMÆLI

- Guðný Guðmundsdóttir fíðuleikari er 58 ára.
- Porsteinn Hilmarsson, upplýsingafultrúi Landsvirkjunar, er 49 ára.
- Ágúst Einarsson prófessor er 54 ára.
- Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, er 45 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

- 1815 John MacDonald, fyrsti forsætisráðherra Kanada.
- 1842 William James, sálfræðingur og heimspekingur.
- 1853 Gustav Falke, þýskur rithöfundur og skáld.
- 1902 Maurice Durufle, fransk tónskáld.



KINDARLEG ÖRLÖG Tvær afgangar konur flytja kind heim til sín vegna Eid-al-Adha fórnarháttárinna í Afganistan sem hefist í dag. Múslimar um allan heim fórna dýrum til að minnast þess að Abraham var fús til að fórna syni sínum, Ismael.

HONDA-GÓÐ TILBOÐSSPRENGJA



HR-V CIVIC CR-V



ACCORD

**KOMDU STRAX
TAKMARKAÐ
FRAMBOÐ**

honda.is



Þú gerir alltaf góð kaup í Honda en nú gefst tækifæri, í skamman tíma, til að fá Honda á enn betra verði en áður. Þú þarft ekki að velja á milli tækni, rýmis og verðs vegna þess að Honda hefur þetta allt saman í einum pakka. Byrjaðu árið með því að spara við kaup á nýjum bíl. Komdu strax og sjáðu hvað þú færð í afslátt eða aukahlutapakka.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

SPLASH TV
FIMMTUDÖGUM KL. 20:30

FYLGSTU MED!

SIRKUS

STUÐ MILLI STRÍÐA Inneignarnótubölvunin

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR NEITAR AÐ GEFA ÓFRJÁLS FRAMLÖG TIL VERSLANA.



Það sýður ámér þessa stundina. Ástæðan er sú að ég var að uppgötva að ég á inneignarnótu frá ónefndri skólavörverslun í Skeifunni í veskinu mínu. Hún rann út í aprilmánuði síðasta árs og hljóðar upp á heilar 5.542 krónur. Spurningin sem brennur á vörum mínum er: „Hafa verslanir rétt á að láta pening viðskiptavina sinna renna út?!“ Urrr ég er tryllt. Ég hringdi í búðina og spurði hversu hart þeir tækju á inneignarnótumálum og var svarið að það mætti ekki vera liðinn meira en mánuður frá útrensludegi ef nótan

ætti að fást leyst út.

Útkoma: Þeir græddu rúman fimmþúsund kall þarna á mér EN ég mun aldrei nokkurn tíma stíga fæti í þessa búð aftur! ALDREI! Jafnvel mun ég vara aðra við því. Svona. Þetta er mín refsing til búðarinnar.

Nú, ég er ekki týpan sem tekur til í veskinu sínu á hverju ári (greinilega) og því er þetta ekki í fyrsta sinn sem ég lendi í þessu. Síðast var það verslunin Accessorize sem fékk að kenna á minni veskja-tiltekta-leti en sú inneignarnóta hafði einmitt runnið út ári áður en ég mætti í verslunina með skeifu á andlitinu. Sú búð fær hrós frá mér því afgreiðslustúlkan leysti

glöð út inneignarnótuna mína þrátt fyrir útrunninn dag. Ég fór ánægð út og versla þar enn.

Annars kann ég ráð við inneignarnótum sem trixarinn hún móðir mín kenndi mér og ég mun héðan í frá nota eftir bestu getu.

Inneignarnótutrix: Þegar afgreiðslukonan hefur skrifað nótuna og rétt þér, skalt þú snúa þér að næstu manneskju í röðinni og biðja hana um að kaupa af þér nótuna og nota upp í vöruna sem hún hyggst kaupa. Þetta ætti ekki að skipta manneskjuna nokkru máli og þú ert laus við að gefa afar ófrjáls framlög til búðarinnar að rúmu ári loknu vegna tiltektaleysis í veskinu. Tata! ■

JARHEAD
13. JANÚAR

WELCOME TO THE SUCK.
FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNALEIKSTJÓRA AMERICAN BEAUTY

TAKTU ÞÁTT!
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍOMIDA FYRIR TVÖ, DVD MYNDIR, VARNING TENGÐAN MYNDINI OG MARGT FLEIRA.

AL FABAKKA SAMBÍÐN AKUREYRI

MOBILE

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Pú og pa

Eftir SÖB



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

4	8	2	3	5	1	6	9	7
1	6	3	7	4	9	8	2	5
5	9	7	2	6	8	3	1	4
3	7	8	9	2	4	1	5	6
9	4	5	6	1	3	7	8	2
6	2	1	8	7	5	4	3	9
2	3	4	1	9	6	5	7	8
8	5	9	4	3	7	2	6	1
7	1	6	5	8	2	9	4	3

2	8	7				9	1
1			5	2			
		4					2
	3					1	9
	1					4	
4	9					3	
5				1			
		2	6				8
7	2			4	6		5

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ



FRÉTTIR AF FÓLKI

Hamhleypan Steve O úr Jackass-klík-
hunnir alræmdu hefur hugsanlega
komið hótelerfingjanum Paris Hilton í
bobba eftir að hafa viðurkennt að hafa
hugsanlega komið henni í vimu rétt
áður en hún settist upp í
bíl sinn og lenti í bílslysi
í nóvember. Steve O lýsti
því yfir í sjónvarpsþætti á
dögunum að hann hafi eytt
nótt með Paris og kærasta
hennar, Stavros Niarchos
III. Hann kveðst hafa verið
með gashylki sem notuð
eru til að blása upp
blöðrur. „Ég ætти kannski
ekki að segja þetta,
en hugsanlega gaf ég
henni ofskynjunarefni
hálf tíma áður en hún
lenti í slysinu,“ bætti
Steve O við og skellihló.



Nick Lachey, fyrrum
ástmögur og eiginmaður Jessicu
Simpson, segir að „örökvísi“ fyrrum
spúsu sinnar hafi leitt til þess að það
kastaðist í kekki milli hjónakornanna,
sem svo skildu fyrir tveimur mánuðum.
Lachey bætir við að hann telji þankagang
kynjanna vera ólíkan. „Rökin sem konur
færa fyrir máli sínu koma ekki heim og
saman við rökvisi karla.“ Sem dæmi
nefnir hann að stundum hafi Jessica
átt það til að bregðast
hin versta við ef hann
keypti of stór
föt á hana.
„Konur kunna
greinilega ekki
að meta slíkt,“
bætir hinn
skarpkyggni
Lachey við.



Breski leikstjórinn hefur ýjað að því að
hann kunni að leggja leikstjóraferilinn
á hilluna til að sinna börnunum sínum
tveim, sem hann á með leikkonunni
Kate Winslet, þegar þau byrja í skóla.
Leikstjórinn, sem er hvað þekktastur fyrir
myndina American Beauty, kveðst elska
samvistir við börnin sín, Joe og Miu, en
segir það stundum reynast þeim erfitt
að vera á flakki þegar báðir foreldrarir
eru að vinna. „Þetta verður erfitt þegar
þau byrja í skóla,“ segir
Mendes. „Það
kemur ekki til
greina að börnin
mín alist
upp eins og
sígaunar á
flakki. Það er
ekki sann-
gjarnt.“



Jennifer Aniston hefur fallið kylliflöt
fyrir Chicago, heimaborg kærasta
síns, Vince Vaughn, eftir að hafa tekið
tvær kvikmyndir þar í fyrra. Aniston lék í
myndunum Derailed og The Break Up í
Chicago og kynntist Vaughn við tókur á
þeirri seinni. „Chicago-búar eru afskap-
lega tillitssamir og gefa manni næði.
Það var ekkert mál að fara á tónleika,
út að dansa eða á góða veitingastaði,“
segir Aniston og
hrósar veitinga-
stöðum í borginni
í hástert. Síðan
tökum lauk hefur
hún nokkrum
sinnum farið aftur
til Chicago og
varið tíma með
Vaughn og fjöl-
skyldu hans.



SETTU MARKIÐ HÁTT!



Nýr Grand Vitara, er lúxusjeppi byggður á grunni Grand Vitara frá Suzuki, einum stærsta bílaframleiðanda Japans. Grand Vitara er alvöru jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um aksturseginnleika, öryggi og hagkvæman rekstur. Undir glæsilegri yfirbyggingu leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif með háu og lágu sídrifi með læsingu á milli fram- og afturhjóla. Það skiptir ekki máli hvort þú ert í borgarumferðinni, eða uppi á fjöllum, einstakir aksturseginnleikar Grand Vitara gera aksturinn ánægjulegan.



NÝR GRAND VITARA

SUZUKI
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is



Útsalan er hafin

Parísartízkán er verslun fyrir konur á öllum aldri.

Gott úrval af hágæðafatnaði frá þýska vörumerkinu BASLER.

Sjón er sögu ríkari

Parísar
TIZKAN
Laugavegi 71, 2.Hæð

ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI

Frumskýning sun. 5. feb. kl. 20

2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

Námskeið um Öskubusku og Rossini hjá Endurmenntun Háskóla Íslands
Skráning í síma: 525 4444 - endurmenntun@hi.is

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðsalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.



Glæpur framinn í smábæ

Glæpur gegn diskóinu eftir Gary Owen, ungt og upprennandi leikskáld frá Wales, verður frumsýnt annað kvöld á Nýja sviði Borgarleikhússins. Friðrik Friðriksson, Guðmundur Ingi Þorvaldsson og Ólafur Darri Ólafsson leika þrjá unga menn sem vilja komast burt úr heimabæ sínum.

„Við Þórdís Elva konan mín sáum þetta verk í Svíþjóð og féllum kylliflöt fyrir því. Mér finnst þetta ennþá vera eitt besta leikrit sem ég hef séð,“ segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson leikari um leikritið Glæpur gegn diskóinu, sem frumsýnt verður annað kvöld á Nýja sviðinu í Borgarleikhúsinu.

Hann er einn þriggja leikara í verkinu. Hinir eru Friðrik Friðriksson og Ólafur Darri Ólafsson. Leikstjóri er Agnar Jón Egilsson en aðstoðarleikstjóri er Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann, eiginkona Guðmundar Inga.

Leikritið heitir á frummálinu Crazy Gary's Mobile Disco og er eftir Gary Owen, ungt og upprennandi leikskáld frá Wales sem hefur hlotið hver verðlaunin á fætur öðru fyrir verk sín.

Hann verður viðstaddur frumsýninguna í Borgarleikhúsinu annað kvöld.

Glæpur gegn diskóinu fjallar um þrjá unga menn milli tvítugs og þrítugs. Þeir búa í litlum bæ og eiga þá þrá heitasta að komast burt.

Sá þeirra sem Guðmundur leikur heitir Hjörtur R. Hjartarson, söngvari og skemmtikraftur „sem er ekki allur þar sem hann er séður,“ segir Guðmundur, en fer



STEYPIBAÐSFÉLAGIÐ STÚTUR Gamli bekkjarfélagar úr Leiklistarskóla Íslands setja á svið leikrit eftir ungt og upprennandi leikskáld frá Wales.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ekki nánar út í þá sálma.

Friðrik leikur Klikkaða Kalla, stuðbolti sem rekur Ferðadiskótek Klikkaða Kalla, en Ólafur Darri fer með hlutverk Markúsar, sem er lagerstjóri í Hagkaup.

„Þeir eru allir markaðir af uppeldi sínu og hafa aldrei komist þangað sem þeir ætluðu sér. Síðan er framinn glæpur í bænum og smám saman kemur í ljós að þeir tengjast honum allir á mjög skritinn hátt.“

Leikritið er byggt upp á einræðum þeirra þriggja. Einungis einn þeirra er á sviðinu í einu, en Guðmundur segir það engan veginn draga úr spennunni.

„Einmitt þetta gerir það að verkum að þetta verður allt saman að miklu lögguleikriti þar sem áhorfandinn þarf sjálfur að púsla saman sögunni.“

Dauður köttur, diskókvöld

sem aldrei átti sér stað, brjóstin á starfskonu tryggingastofnunar og hauslausar dúfur eru vendipunktur í þessu mannlega ferðalagi um karlmennsku.

Þeir Guðmundur Ingi, Friðrik, Ólafur Darri og Agnar Jón eru gamlir bekkjarbræður úr leiklistarskóla Íslands, útskrifaðir árið 1998. Í leiklistarskólanum stofnuðu þeir haustið 1994 Steypibaðsfélagið Stút, en það er þetta félag sem nú stendur að sýningunni á Glæpur gegn diskóinu.

Stofnfundurinn var á sínum tíma haldinn bak við sturtuhengið í útjöskuðu búningaherbergi piltanna. Alla skólagönguna var síðan leitað að verki sem hentaði þessum mætu drengjum, en nú loksins er fundið leikritið sem markar upphafið að starfsemi félagsins. ■

Sunnudagskvöld með Svövu

Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



„Leikkonurnar átta allar góðan dag og eini karlleikarinn á gömlum slóðum, einn með stelpunum.“
V.S. Fréttablaðið

Eldhús eftir máli - hversdagslegar hryllingssögur

Sunnudagskvöldið 15. janúar hefst fimm kvölda röð þar sem leikhúsgestir geta hlýtt á fyrirlestur um Svövu Jakobsdóttur, fengið sér léttan kvöldverð, séð leiksýninguna Eldhús eftir máli - hversdagslegar hryllingssögur og tekið þátt í umræðum að sýningu lokinni. Verð: 4.500 krónur

eftir Völu Þórsdóttur
Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir

- | | | |
|-----------|-----------|--|
| Sun. 15/1 | kl. 18:00 | Kristín Ástgeirsdóttir Svava og stjórn málin |
| Sun. 22/1 | kl. 18:00 | Gerður Kristný Guðjónsdóttir Svava og skáldskapurinn |
| Sun. 29/1 | kl. 18:00 | María Kristjánsdóttir Svava og sviðslistarnar |
| Sun. 5/2 | kl. 18:00 | Ármann Jakobsson Svava og samtíminn |
| Sun. 12/2 | kl. 18:00 | Vigdís Finnbogadóttir Skáldkonan Svava Jakobsdóttir |

„Þetta er fyndin og hugkvæm leiksýning; hugvekja á sinn máta...“
P.B.B. DV

„Sýningin er bæði fyndin og hryllileg vegna þess að sögur Svövu eru sannar og Vala og Ágústa eru trúar kjarna þeirra, og langar að koma efni sínu til okkar. Það finnst og tekst.“ Þ. T. Morgunblaðið

Brennið þið menningarvitar

Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur ætlar að stikla á stóru um bókaútgáfu síðasta árs á rannsóknakvöldi Félags íslenskra fræða, sem haldið verður í húsi Sögufélgsins við Fischersund.

„Jólabókaflóðið er orðið að eins konar vertíð í íslenskum bókmenntum og það er komin hefð fyrir því að gera þessa vertíð upp í janúar. Félag íslenskra fræða hefur staðið fyrir þessum fyrirlesturum í nokkur ár,“ segir Úlfhildur, sem ætlar að taka að sér þetta uppgjör í ár.

Hún segir að bókaútgáfa síðast árs hafi um margt verið býsna óvenjuleg.

„Þetta var til dæmis gífurlega gjöfult ár af þýðingum, og þær voru mjög fjölbreyttar, allt frá



ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR Þiður spennt eftir að íslenskar hrollvekjur nái sér á strik eins og glæpasögurnar hafa gert.

eins og Dauðanum í Feneýjum og svo splunkunýjum eftir skáld eins og Margaret Atwood og Kazuo Ishiguro.“

Úlfhildur segist afskaplega ánægð með allar þessar þýðingar, ekki sé vanþörf á að minna á mikilvægi góðra þýðinga fyrir íslenska lesendur og íslenskt bókmenntalandslag.

„Svo voru náttúrlega glæpasögurnar mjög áberandi, en það var kannski viðbúið að þeim færi að fjölga. Þetta er bara eðlileg þróun, að þegar þessi tegund af bókmenntum kemur á annað borð undir sig fótunum þá fjölgar slíkum bókum hratt. Núna þiður maður bara spenntur eftir því að íslenskum hrollvekjum og vísindaskáldsögum fari að fjölga.“

kínverskum ljóðabýðingum til splunkunýrra fantasíubóka fyrir börn og unglínga. Sömu leiðis þýðingar á klassískum skáldsögum

Bíbí og Blakan á ný



BÍBÍ OG BLAKAN Leikfélagið Hugleikur verður með „Þetta mánaðarlega“ í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.

Janúarverkefni Hugleiks í Leikhúskjallaranum er gamanóperan Bibí og blakan eftir þá Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason. Verkið segir frá hinni ungu og fögru Bibí sem býður ein eftir að ástin sækir hana heim. Málið vandast þegar tvo gesti ber að garði sömu nóttina: töfrandi en dularfullur rúmenskur nýbúi og ábúðarmikill vampýrur-veiðari, sem telur sig heldur en ekki vera kominn í feitt.

Bíbí og blakan er langlífasta og víðförlasta sýning Hugleiks, og fagnar nú tíu ára afmæli sínu.

Verkið hefur tekið talsverðum breytingum í árunna rás, en leikarar að þessu sinni eru þau Einar Þór Einarsson, Björn Thorarensen, Hulda B. Hákonardóttir, Silja

B. Huldadóttir, Þorgeir Tryggvason, Þórunn Guðmundsdóttir og Ylfa Mist Helgadóttir auk píanóleikarans Aðalheiðar Þorsteinsdóttur.

Aðeins verður ein sýning á verkinu, og verður hún í kvöld klukkan 21. ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

8 9 10 11 12 13 14

Miðvikudagur

■ ■ BÆKUR

20.00 „Brennið þið menningarvitar: flóð og fjara í íslenskum bókmenntum 2005“ er yfirskrift rannsóknarkvölds í húsi Sögufélagsins, Fischersundi 3 þar sem Úlfhildur Dagsdóttir stíklar á stóru í hraðri yfirferð um bókaútgáfu síðasta árs.

■ ■ LISTAHÁTIÐ

21.00 Hugleikur sýnir Bibí og Blakan í Þjóðleikhúskjallaranum á mánaðarlegu skemmtikvöldi sínu undir yfirskriftinni „Þetta mánaðarlega“.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

BROADWAY SÍMI: 533-1100

HIMNARÍKI

Geðklofin gamanleikur eftir Ána Ibsen

Himnaríki
Föstud. 20.
Laugard. 21.
Laugard. 28

Mind Kamp
Forsýning föstud. 13. uppselt
Hátíðaropnun sunnud. 15. uppselt
Fimmtud. 19.
sunnud. 22.
föstud. 27.
sunnud. 29.

Ef
Mánud. 16. kl. 9 og 11 Uppselt
Þriðjud. 17. kl. 9 og 11 uppselt
Þriðjud. 24. kl. 9 og 11 Uppselt
Miðvikud. 25 kl. 9 og 11 Uppselt

Miðspantarar í síma 555 2222 og á mið.is



FRÁBÆR NÁMSSKEIÐ!

2006

Skráning í Tónvinnskólann er komin á fleygiferð. Námskráin er hlaðin skemmtilegum námskeiðum sem sniðin eru á þann hátt að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Á meðal þess sem í boði er eru eftirfarandi námskeið:

<p>GÍTARNÁMSSKEIÐ FYRIR BYRJENDUR.</p> <p>Langar þig að læra á gítar? Viltu vera stjarnan í partýinu eða geta spilað lag fyrir ástina þína? Langar þig kannski bara að koma þér af stað og stofna í kjölfarið rokkhljómsveit? Einhversstaðar verða menn að byrja og þetta námskeið er kjörin byrjunarreit. Kennir verður í 5-10 manna hópum sem verður raðað niður eftir stöðu hvers og eins. Að námskeiði loknu er markmiðið að nemendur kunni öll helstu undirstöðuatriði gítarleiks.</p> <p>Lengd námskeiðs: 12 vikur (10 hóptímar og 2 einkatímar) Leiðbeinendur: Vignir Snær Vigfússon (Írafár) og Gunnar Þór Jónsson (Sól Dögg) Aldur: Fyrir alla aldurshópa</p>	<p>LENGRA KOMNIR GÍTARLEIKARAR.</p> <p>Í hóp fyrir lengra komna verður farið í nokkur þekktustu lög rokk sögunnar, kenndar upphafslínur og þekkt söló úr lögum flytjenda á borð við Metallica, Led Zeppelin, Linkin Park og Nirvana. Uppbygging gítarsóla og notkun skala er kennd í bland við skemmtileg gítar-“trix”. Farið verður í mismunandi “karakter”-tegundir gítara og gítarmagnara og notkun þeirra í hljóðverum.</p> <p>Lengd námskeiðs: 12 vikur (10 hóptímar og 2 einkatímar) Leiðbeinendur: Vignir Snær Vigfússon (Írafár) og Gunnar Þór Jónsson (Sól Dögg) Aldur: Fyrir alla aldurshópa</p>	<p>GÍTARNÁMSSKEIÐ FYRIR LEIKSKÓLAKENNARA OG FORELDRA.</p> <p>Gítarnámskeið fyrir leikskólakennara og foreldra þar sem farið verður yfir grunnatriði gítarleiks. Eftir 12 vikna námskeið er markmiðið að þáttakendur kunni öll helstu gítargripin og þar að auki mörg helstu barna- og vísnalög sem þekkt eru á meðal íslensku þjóðarinnar.</p> <p>Lengd námskeiðs: 12 vikur (10 hóptímar og 2 einkatímar) Leiðbeinendur: Vignir Snær Vigfússon (Írafár) og Gunnar Þór Jónsson (Sól Dögg)</p>
<p>SÖNGUR & FRAMKOMA.</p> <p>Skemmtilegt og gagnlegt námskeið sem er tvískipt; annarsvegar eru grunnþættir söngs og sviðsframkomu kenndir og hinsvegar vinna í hljóðveri. Námskeiðið miðar að því að gera upprennandi söngvara tilbúna til að takast á við harðar kröfur tónlistarbransans. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavík Music Productions þar sem þáttakendur fá að syngja lag að eigin vali.</p> <p>Lengd námskeiðs: 10 vikur (1 tími í viku, 8 hóptímar og 2 einkatímar) Leiðbeinendur: Selma Björnsdóttir og Porvaldur Bjarni. Aldur: 14 ára og eldri.</p>	<p>BARNA & UNGLINGASÖNGNÁMSSKEIÐ</p> <p>Birgitta Haukdal, Jónsi og Heiða sjá um 10 vikna söngnámskeið fyrir börn og unglínga. Á þessu námskeiði geta upprennandi söngvarar lært af þessum þaulvönu söngvurum hvernig hefja skuli söngferilinn. Um er að ræða gríðarlega skemmtilegt námskeið fyrir krakka á aldrinum 9 til 14 ára þar sem öll grunnatriði söngs eru kennd. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavík Music Productions.</p> <p>Lengd námskeiðs: 10 vikur Leiðbeinendur: Birgitta Haukdal, Jónsi og Heiða Aldur: 9 – 14 ára</p>	

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR ERU Á WWW.TONVINNSLUSKOLI.IS

SKRÁNING WWW.TONVINNSLUSKOLI.IS ER HAFIN OG Í SÍMA 534-9090



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

SONY

Viltu það besta?



Taktu þátt!

Sendu SMS skeytið
BTC VSS á númerið 1900

Fullt af aukavinningum



12. hver vinnur

ÖLLUM SEM TAKA ÞÁTT VERÐUR BOÐIÐ Á
SÉRSTAKA FORÚTSÖLU HJÁ SONY CENTER KRINGLUNNI

Sony Center Kringlunni

588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is



Vinningar verða afhentir hjá Sony Center Kringlunni. Rvk. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

Frumleg og fersk hönnun

Verslunin Hagkaup efndi til hönnunarkeppni á haustdögum og voru úrslit úr henni kunn síðastliðinn laugardag. Í fyrsta sæti varð Sunna Dögg Ásgeirsdóttir, Helga Ólafsdóttir hafnaði í öðru sæti og Þórunn og Sveinbjörg Jónsdætur urðu í þriðja sæti. Markmiðið með keppninni er að styðja við bakið á íslenskum hönnuðum og gera þeim kleift að koma vörum sínum á framfæri. Afraksturinn mun svo koma í verslanir Hagkaupa í september á þessu ári.

Sefur varla fyrir góðum hugmyndum

Helga Ólafsdóttir hafnaði í öðru sæti í hönnunarkeppni Hagkaupa. Línan sem hún hannaði er ætluð börnum frá 2-5 ára og er litagléin allsráðandi. Helga starfaði hjá Nikita en býr nú í Bandaríkjunum og er í fæðingarorlofi sem stendur. Ameríkuvölin hefur svo góð áhrif á hana að hún sefur varla fyrir hugmyndum.

„Síðan ég eignaðist mitt fyrsta barn fyrir rúmum þremur árum hefur mig alltaf langað til að hanna barnaföt. Þegar Hagkaup auglýsti keppnina ákvað ég að setjast niður og vinna úr þessum hugmyndum,“ segir Helga. Hressir og skærir litir einkenna fatalínuna. Það er svo sem ekkert skrítið því Helga hefur alltaf verið litagló. „Ég er orðin svo þreytt á því að kaupa alltaf bleikt á stelpuna mína. Fyrir tveimur mánuðum eignaðist ég strákan og það er varla hægt að fá annað en ljósblátt á hann. Það veitir ekkert af litum í skammdeginu og ég vil hafa nóg af þeim í kringum mig.“

Í barnalínunni eru fót fyrir bæði kynin og leitaði ég til vinkvenna minna, sýndi þeim hugmyndirnar mínar og litasamsetningar. Það hjálpaði mér að fá þeirra álit.“ Helga segir jafnframt að það skipti miklu máli að barnaföt séu þægileg og líka skemmtileg. „Þessvegna lagði ég áherslu á lífleg smáatriði eins og að setja kanínueyru á stelpu-



HELGA NOTAR LITRÍK EFNÍ í hönnun sína og blandar þeim saman á skemmtilegan hátt.



hettupeysuna og geimverueyru á stráka-hettupeysuna. Efnin og litirnir eru valin með það í huga að flíkurnar þurfi oft að þvo og megi alls ekki lita,“ segir hún. Þar sem hún starfaði við vörubrúun hjá Nikita þekkir hún framleiðsluferlið vel sem er mikilvægt þegar verið er að hanna flíkur sem á að fjöldaframleiða.

„Ég mun svo fara yfir „prótóþýpurnar“ með Hagkaupum og verð þeim innan handar þegar framleiðsluferlið fer á stað. Ég verð að fá að hrósa Hagkaup fyrir þetta framtak. Mér finnst það virkilega virðingavert að þeir séu að gera þetta, það er ekki mikið gert til að styrkja íslenska hönnuði. Þetta er ung og brothætt grein á Íslandi og margir sem skilja ekki út á hvað þetta gengur allt.“

Innblástur frá New York og Japan

Sunna Dögg Ásgeirsdóttir útskrifaðist af vöruhönnunarbraut Listaháskóla Íslands síðastliðin vor. Hún sendi inn þrjár línur í keppnina og hafnaði í fyrsta sæti. Hún gerði dömu-, herra- og barnalínu og munu þær líklega allar verða framleiddar. Eftir útskrift hefur Sunna Dögg unnið sjálfstætt, hannað fót og selt í versluninni Triloginu ásamt því að aðstoða við búningahönnun í

sjónvarpsþættinum Stelpunum á Stöð 2. Aðspurð um hönnunina segir Sunna Dögg hana vera í ætt við hennar eigin karakter. „Ég lagði áherslu á að fötin væru klæðileg og einföld en jafnframt þægileg. Þetta eiga að vera fót sem henta öllum burt séð frá hæð eða breidd. Í dömullínunni eru nokkrar týpur af peysum, síðar hettupeysur og síðir bolir. Mér finnst svo pirrandi hvað er



SÍÐ OG NOTALEG hettupeysa frá Sunnu Dögg.



ÞÓRUNN OG SVEINBJÖRG JÓNSDÆTUR Þær höfnuðu í þriðja sæti með praktíska og smart fatalínu.


Dekurverkefnið að veruleika

Systurnar Sveinbjörg og Þórunn Jónsdætur höfnuðu í þriðja sæti í keppninni. Línan sem þær höfnuðu er ætluð börnum allt frá fæðingu til tólf ára aldurs. Sveinbjörg er menntaður hönnuður úr Myndlista- og Handíðaskóla Íslands og frá skóla í San Diego, og Þórunn er förðunarfræðingur sem hefur starfað í London og París. Línunni er skipt í þrjá flokka: ungarbörn, miður aldur og elstu börnin og þær systurnar nýttu sér reynslu sína sem mæður við hönnun hennar. „Við vildum gera smart fót sem væru að sama skapi mjög praktísk og hentuðu íslenskum aðstæðum,“ segir Sveinbjörg. „Þemað er mjög þjóðlegt og á að vera skemmtilegt með dálitlum húmor. Til dæmis er íslenski vaðfuglinn Tjaldur í endurskinsmerki á regnlúpunni og Krummi á gúmmístígvélunum – og á vinstri fætinum stendur krummafótur. Náttfötin eru öll mjúk og hlý og á þeim stendur til dæmis „Morgunhani“. Náttfötin handa þeim yngstu eru hönnuð þannig að það er auðvelt að skipta á barninu – þú þarft ekki að vekja það upp til að skipta um bleyju.“ Sveinbjörgu fannst líka ákveðnar flíkur vanta fyrir hina séríslensku veðráttu sem börnin leika sér úti í. „Regngallinn okkar er ekki bara vörn gegn bleytu, hann er líka hlýr og er fóðraður með flís-efni, og það eru endurskinsmerki í bak og fyrir á flíkunum fyrir íslenska skammdegið.“ Sveinbjörg starfar hjá Össuri eins og er og Þórunn starfar sjálfstætt, en þær hlakka til að sjá vörurnar fara í framleiðslu. Hagkaup ætla að víkka út línuna þeirra sem verður spennandi að sjá. „Þetta var alveg frábært framtak hjá Hagkaupum,“ segir Sveinbjörg. „Þetta var tækifærið sem gerði það að verkum að maður dreif sig í að gera dekurverkefnið að veruleika.“



erfitt að fá nógu síða boli,“ segir Sunna Dögg sem sótti innblástur í götufísku New York og Japans. Í hönnun sinni notar hún mjúka liti ásamt svörtum, gráum og dökkbláum. Silfurlitur og gylltur koma líka við sögu. Barnalínan skartar þó bjartari litum. „Ég tók fyrst og fremst þátt til að eiga möguleika á að koma hönnuninni minni í framleiðslu því ég sá ekkert nema tækifæri í þessu.“

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAGINN!



KOMIÐ OG GERIÐ FRÁBÆR KAUP.
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!
 GÍTARAR, TROMMUSETT, UPPTÖKUBÚNAÐUR,
 NÓTUR, STATÍF, TÖSKUR OG MARGT FLEIRA
 Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI!

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Hljóðfærahusið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340

visir

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar

Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttirnar beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.



HUGSADU STÓRT **SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

SJÚKUSTU FANTASÍUR PINAR VERÐA AÐ VERULEIKA!
Stranglega bönnuð innan 16 ára

★★★★
...mikið og skemmtilegt sjónarspil... - HJ MBL

★★★★
- D.Ó.J. kvikmyndir.com

★★★★
- Ó.Ó.H. DV

Stórkostleg ævintýramynd frá meistara Terry Gilliams byggð á hinum frábæru Grimms ævintýrum með Matt Damon og Heath Ledger í aðalhlutverkum

HOSTEL

Sýnd kl. 3.45, 5.50, 8, 10.10 B.i. 16 ára
Lúxus kl. 5.50, 8, 10.10

★★★★
- Toronto Sun

★★★★
- HJ MBL

★★★★
- Dóri DNA - DV

★★★★
- Ó.Ó.H. DV

20% afsáttur af miðaverði fyrir viðskiptavinum KB banka

A LITTLE TRIP TO HEAVEN

Sýnd kl. 4, 6, 8, 10 B.i. 14 ára

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 12 ára

★★★★
- Topps5.is

★★★★
- MMJ kvikmyndir.com

the family stone
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20

DRÖMLANDIÐ

Sýnd kl. 4 B.i. 4 ÍSLENSKT TAL

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS - allt á einum stað

REGNBÖGINN Sími 551 9000

SJÚKUSTU FANTASÍUR PINAR VERÐA AÐ VERULEIKA!
Stranglega bönnuð innan 16 ára

★★★★
- Toronto Sun

★★★★
- HJ MBL

★★★★
- Dóri DNA - DV

★★★★
- Ó.Ó.H. DV

20% afsáttur af miðaverði fyrir viðskiptavinum KB banka

A LITTLE TRIP TO HEAVEN

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

Stórkostleg ævintýramynd frá meistara Terry Gilliams byggð á hinum frábæru Grimms ævintýrum með Matt Damon og Heath Ledger í aðalhlutverkum

★★★★
...mikið og skemmtilegt sjónarspil... - HJ MBL

HOSTEL

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 12 ára

JUST FRIENDS FEITASTI GERNDAGLETTUR ÁRSINS!

Sýnd kl. 6, 8 og 10

bara lúxus **BÍÓ** Sími 553 2075

SJÚKUSTU FANTASÍUR PINAR VERÐA AÐ VERULEIKA!
Stranglega bönnuð innan 16 ára

★★★★
- Ó.Ó.H. DV

★★★★
- HJ MBL

★★★★
- Dóri DNA - DV

20% afsáttur af miðaverði fyrir viðskiptavinum KB banka

HOSTEL

Sýnd kl. 8 og 10 kl. 16

Just Friends

Sýnd kl. 6, 8 og 10

BROTHERS GRIMM

Sýnd kl. 5.45

A LITTLE TRIP TO HEAVEN

Sýnd kl. 8 og 10 kl. 14

JÓLAMYNDIN Í ÁR DRÖMLANDIÐ

Sýnd kl. 6 kl. 14

ÍSLENSKT TAL

www.laugarabio.is



THE MESSAGE Hljómsveitin The Message var stofnuð í tengslum við auglýsingaherferð í Færeyjum.

Vatikanið með ný markaðstrikk

Auglýsingastofan Vatikanið vann nýverið verkefni fyrir færeyska fjarskiptafyrirtækið Kall sem fól í sér stofnun súpergrúppunnar The Message.

Stofan fékk til liðs við sig fjóra þekktu popparara úr ólíkum jadhahljómsveitum í Færeyjum og lét sem þeir hefðu stofnað nýja hljómsveit. Stofnuð var heimasíða með nýjustu fréttum af sveitinni og aðdáendasíða, auk þess sem auglýst var að lagið 1000 SMS yrði gefið út. Útgáfutónleikar voru einnig fyrirhugaðir.

Fjölmargin bitu á agnið og héldu að The Message væri alvöru hljómsveit, þar á meðal færeyski landssíminn sem er keppnautur Kalls sem birti fréttir af hljómsveitinni og fylgdist vel með gangi mála. Þegar til kom var einungis um að ræða auglýsingu

á nýju skafkorti Kalls með myndum af hljómsveitarméðlumum The Message.

Magnús Árnason, starfsmaður Vatikansins, segir að verkefnið hafi gengið framur vonum enda skapaðist mikill áhugi á þessari „nýju“ hljómsveit. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem svona markaðsherferð er reynd í Færeyjum.

Hann segist ekki vita hvort menn hafi orðið fúlir þegar fréttist að The Message væri ekki alvöru hljómsveit. Auglýsingastofan hafi einungis verið að stríða markaðnum og það hafi virkað alveg þrýðilega. „Þeir alla vega birtu fréttirnar og síðan kom grúppan saman og samdi lag og þá var ekkert verið að auglýsa,“ segir Magnús. Naut lagið 1000 SMS töluverðra vinsælda í Færeyjum í framhaldinu.

The Pharcyde til Íslands í febrúar

Hip hop-hljómsveitin The Pharcyde frá Los Angeles heldur tónleika á Gauki á Stöng þann 25. febrúar næstkomandi.

Hljómsveitin, sem hefur haft töluverð áhrif á hip hop-jadarсенuna í Bandaríkjunum, var stofnuð af fjórum aðilum árið 1990 og gaf út sína fyrstu plötu, Bizarre Ride II the Pharcyde, sem náði gullsólu.

Eftir að hafa hitað upp fyrir De La Soul og A Tribe Called Quest og komið fram á Loppalapoozahátíðinni árið 1994 gaf The Pharcyde út sína aðra plötu, Labcabcalfornia. Eftir að rólegt haði verið yfir sveitinni í nokkur ár kom út þriðja platan, Plain Rap, árið 2000. Aðeins tveir eru eftir í sveitinni nú, þeir Imani Wilcox og Bootie Brown. Gáfu þeir út plötuna Humboldt Beginnings árið 2004.



THE PHARCYDE Hljómsveitin The Pharcyde hefur gefið út fjórar breiðskífur.

White missti röddina

Rokkduóttinn The White Stripes, sem hélt eftirminnilega tónleika í Laugardalshöll á síðasta ári, hefur frestað fyrirhugaðri tónleikaferð sinni um Japan.

Á s t æ ð a n er sú að söngvarinn Jack White er í vandræðum með raddböndin sín og má hvorki tala og hvað þá syngja næstu tvær vikurnar.

Á heimasíðu sveitarinnar eru aðdáendur hennar í Japan beðnir afsökunar og vonast hún til að koma þangað sem allra fyrst.



JACK WHITE Rokkduóttinn The White Stripes er ekki á leiðinni til Japans alveg á næstunni.

Grimmd við kettlinga

[KVIKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

Napóleonsstríðin voru eitt allsherjarkraðak þar sem sumar þjóðir lögðu aðrar undir sig, aðrar öðluðust þjóðarvitund og sumar hurfu alveg af kortinu og hafa ekki birst aftur. Þetta kemst vel til skila í myndinni um Grimmbraður, þar sem Svinn Peter Stormare leikur Ítala, hinn velski Jonathan Price leikur Frakka, og Ástralinn Heath Ledger, Bandaríkjamadurinn Matt Damon, Ítalinn Monica Bellucci og Lena Heady frá Bermúdaeyjum leika öll Þjóðverja. Allir tala að sjálfsgöðu ensku með misýktum hreim. Þjóðverjarnir eru hér aldrei þessu vant í hlutverki göðu gæjanna og tala því að sjálfsgöðu Oxfordensku. Matt Damon tekst misvel upp en það sem kemur mest á óvart er hversu sannfærandi Heath Ledger er í hlutverki gáfumennisins, eins undarlega og það kann að hljóma. Það er einnig merkilegt að þetta er líklega fyrsta myndin frá lokum síðari heimsstyrjaldar sem fjallar um hernám Frakka í Þýskalandi árin 1806-1813, sem sýnir að fyrir suma er seinni heimsstyrjöldinni endanlega lokið. Myndin er þó alls engin söguleg stórmynd í hefðbundnum skilningi því hetjurnar tvær þurfa að takast á við norrnir, varúlfa,

piparkökukarla og göldróttan skóg, jafnt sem hernámshöld. Hún er afar lauslega byggð á lífi Grimmbraðra, sem söfnuðu saman ævintýrum í Þýskalandi á fyrri hluta 19. aldar. Hér eru þeir hinsvegar sýndir sem svikahrappar í gervi draugabana, sem er hressandi útírnúningur á ævintýraheiminum.

Annar bræðranna, sem leikinn er af Ledger, skrifar jafnframt ævintýri sem hann sér nú verða að veruleika. Myndin er mitt á milli þess að vera gamanmynd og ævintýramynd og hún tekur sjálfa sig passlega alvarlega.

Menn deyja með brandara og bros á vör og einnig er skemmtilegt atriði þar sem kettlingur kemur við sögu í þeim eina tilgangi að vera hent í hrærvél, að því er virðist. Hefur það farið fyrir brjóstið á mörgum Bandaríkjamanninum. En ekki er nógu mikið af slíkum atriðum og undir lokin víkja þau alveg fyrir ævintýrinu, sem er of auðveldur og hamingjusamur endir miðað við kaldhæðnina sem á undan kom.

Terry Gilliam er mikill meistari hins sjónræna, sem hann hefur sýnt í myndum á borð við Brazil, The Fisher King og hina lágstemmdari 12 Monkeys, jafnframt því sem hann teiknaði myndir Monthy Python-þátanna.

Þetta er fyrsta myndin sem hann gerir síðan Fear and



THE BROTHERS GRIMM
LEIKSTJÓRI: TERRY GILLIAM
AÐALHLUTVERK: MATT DAMON OG HEATH LEDGER.

Niðurstaða: Undir meðallagi Gilliams, en ágætis ævintýramynd samt sem áður.

Loathing in Las Vegas kom út árið 1998. Í millitíðinni hefur hann verið týndur við gerð meints meistaraverks síns um Don Kíkóta, sem enn hefur ekki tekist að klára. Velta því sumir fyrir sér hvort myndin um hina myndarlegu bræður sé til þess gerð að fjármagna áframhaldandi gerð Kíkóta.

Svo virðist sem Gilliam hafi ekki lagt sig allan í verkið. En nóg eimir þó eftir af sníld hans til að færa mann langleiðina inn í ævintýraheiminn. Valur Gunnarsson

JazzFunkX KRAMHÚSIÐ **„Vel að verki staðið“**

Nýir straumar

BLAZEJ frá Póllandi 18+ ára. Byrjendur og framhald

SIGRÚN B. Blomsterberg Börn og unglingar

GUYOM frá Frakklandi
WorkShop fyrir 18+ ára

INNTRITUN HAFNI!

www.kramhusid.is
kramhusid@kramhusid.is
Símar: 551-5103 • 551-7860

KRAMHÚSIÐ



ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN	HÁSKÓLABÍÓ
RUMOR HAS IT KL. 3.50-6-8-10-10.20	CRONICLES OF NARNIA KL. 7.45	DOMINO KL. 8-10.50 B.I. 16	DOMINO KL. 5.30-8-10.40 B.I. 16
DOMINO KL. 5.30-8-10-10.45	JUST LIKE HEAVEN KL. 8	CRONICLES OF NARNIA KL. 5-8-10.30	RUMOR HAS IT KL. 6-8-10.05
CRONICLES OF NARNIA KL. 5-8	SAW 2 KL. 10.30 B.I. 16	KING KONG KL. 9 B.I. 12	CRONICLES OF NARNIA KL. 5.15-8-10.45
CRONICLES OF NARNIA VIP KL. 5-8	GREEN STREET HOOLIGANS KL. 10 B.I. 16	JUST LIKE HEAVEN KL. 6	KING KONG KL. 5.30-9 B.I. 12
KING KONG KL. 6-8-10 B.I. 12	AKUREYRI	HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 6 B.I. 10	HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 6-9 B.I. 10
HARRY POTTER OG ELDBIKARINN KL. 5 B.I. 10	RUMOR HAS IT KL. 6-8-10.30		
LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 4	CRONICLES OF NARNIA KL. 5-8		
	KING KONG B.I. 12 KL. 10		

Halli Reynis spilar efni af nýjustu plötunni

Trúbadorinn Halli Reynis heldur tónleika á Café Rosenberg á morgun. Þar mun hann spila efni af væntanlegri plötu sinni auk nokkurra eldri laga. Upptökur á plötunni hefjast á föstudag og er stefnan að ljúka þeim um helgina.

Áætlað er að platan, sem ber vinnuheitid „Leiðin er löng“, komi út upp úr miðjum febrúar. Halli verður þar að stórum hluta einn með gítarinn en einhverjir gesta-spilarar verða þó með í för.

Síðasta plata Halla, „Við erum eins“, kom út árið 2004 og fékk þrjúöglegar viðtökur.

„Ég gerði þetta fyrir síðustu plötu líka,“ segir Halli Reynis. „Mig langaði að halda tónleika til að setja pressu á sjálfan mig og víðra lögin aðeins.“

Halli segist upphaflega hafa ætlað að gera plötu með hljómsveitinni sinni en hann hafi átt svo mikið efni að hann vildi nota eitt-hvað af því fyrir trúbadorinn.



HALLI REYNIS Tónlistarmaðurinn Halli Reynis er að hefja upptökur á nýrri plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Eitt klapp fyrir indírokki!

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Ég sá þessa pílta spila á Nasa á síðustu Airweshátíð og fannst þeir ekkert sérstakir. Það var kannski þess vegna sem ég var ekkert sérstaklega spenntur fyrir því að hlusta á þessa frumraun þeirra. Fannst þetta vera ófrumlegt indírokk eins og önnur hver sveit er að spila í dag, auk þess sem piltarnir hafa lítinn sjarma á sviði.

En af einhverjum undarlegum ástæðum er miklu meiri galdur á sveitinni á plasti. Hún er þó lítið frumlegri en lögin njóta sín betur við endurtekna hlustun. Mesti sjarminn er í gölluðum söngnum. Þegar hann teygir sig í hærri nóturnar hljómar söngvarinn eins og ungt klón af David Byrne úr Talking Heads. Sú sveit hefur augljóslega verið mikill áhrifavaldur. Ég er heldur ekki frá því að Modest Mouse sé í upphaldi líka. Í laginu The Skin Of My Yellow Teeth brotnar rödd söngvarans á

viðkvæmum stað í laginu, nægilega illa til þess að honum yrði hent út úr Idol, bæði af dómurum og áhorfendum. Hann fær prik fyrir það að halda því inni.

Platan hefst á sirkuslegu forspili, þar sem söngvarinn býður hlustandann velkominn með gjallarhorni og hvetur svo alla til þess að klappa saman höndunum. Sena sem minnir óneitanlega á Tom Waits-plötuna Black Rider. Það er helsti galli þessarar sveitar, því þó svo að lögin séu nokkur góð og grípandi minna þau alltaf aðeins of mikið á einhverja aðra tónlistarmenn.

Það eina sem er ferskt við þessa sveit er sú unngæðislega gredda sem fylgir oft sveitum á fyrstu plötu. Clap Your Hands Say Yeah verða því að taka stórt stökk með næstu plötu, ætli þeir að halda áhuga gagnrýnenda og almennra grúskara.

Annars er óhætt að mæla með þessari plötu fyrir alla þá sem hafa gaman af skitugu og unngæðislegu indírokki. Þetta er hin fínasta



CLAP YOUR HANDS SAY YEAH:

CLAP YOUR HANDS SAY YEAH

Niðurstaða: Frumraun Clap Your Hands Say Yeah er hin fínasta afurð. Sveitin er þó aðeins of fóst í áhrifavöldum sínum til þess að ná að blómstra almennilega.

